

Halldór

skoðun 18

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
POPP
Húðflúr










# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
31. mars 2011
75. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Vel borgað hlutverk

*Víkingur Kristjánsson lék aðalhlutverkið í auglýsingu fyrir Mini Cooper.*


**fólk** 46


## Stangaveiðin að hefjast

*Sigurður Pálsson flugu-hnýtari veiðir fisk til að borða en ekki sleppa.*


**veiði** 42




## KR í bílstjórasætinu

*KR vann Keflavík á útivelli í gær og er komið í 2-0 í einvígi liðanna.*


**sport** 40


**veðrið í dag**




**BJART UM TÍMA** sunnan- og vestanlands en svo fer að rigna þar síðdegis. Suðaustan til verður rigning og rigning með köflum á Norðausturlandi. Hiti verður á bilinu 3 til 8 stig.


VEÐUR 4


# Apple stefnir ríkinu til að fá tollum létt af iPod Touch

**Tollayfirvöld flokka lófatölvu sem afspilunartæki og leggja 32,5 prósenta tolla og vörugjöld á tölvuna. Umboðið ætlar að stefna ríkinu til að fá því hnekkt. Neytendur hin raunverulegu fórnarlömb segir lögmaður.**

**DÓMSMÁL** Apple-umboðið hefur ákveðið að stefna íslenska ríkinu vegna tollflokkunar á lófatölvunni iPod Touch. Tollstjóri flokkar tölvuna sem tónlistarspilara en ríkistollanefnd hefur viðurkennt að um lófatölvu sé að ræða þó að nefndin hnekki ekki ákvörðun tollstjóra um tollflokkun.

Tollar og vörugjöld á tónlistarspilara eru samtals 32,5 prósent en engin slík gjöld eru lögð á tölvur sem fluttar eru til landsins. Forsvarsmenn Apple líta svo á að flokka eigi iPod Touch sem tölvu en ekki afspilara. Þeir benda á að hægt sé að nota tækið til að taka myndir og myndbönd, vafra um netið, senda tölvupóst, nota samskiptaforrit, spila tölvuleiki, hringja í netsíma og fleira.

Afleiðingarnar eru þær að fjölmargir kaupa tölvuna annars staðar en á Íslandi, segir Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður Félags atvinnurekenda, sem rekur málið fyrir Apple.

> Spurningin er hvort tollstjóri myndi skilgreina það sem afspilara með brauðristunarmöguleika?
>
> **PÁLL RÚNAR M. KRISTJÁNSSON**
> LÖGMAÐUR APPLE-UMBOÐSINS



Páll Rúnar segir neytendur hin raunverulegu fórnarlömb í málinu. Ætli þeir að kaupa vöruna hér á landi þurfi þeir að greiða hærra verð en eðlilegt sé vegna tollflokkunarinnar. Þá tapi ríkissjóður á því að fólk kaupi tækin ekki hér á landi sökum hárra tolla og borgi í mörgum tilvikum ekki virðisaukaskatt við komuna til landsins.

Hann segir óumdeilt að tækið uppfylli öll skilyrði fyrir því að teljast lófatölva samkvæmt tollskrá. Tollstjóri beiti huglægu mati þegar hann flokki iPod Touch sem afspilara og sé byggt á því hvernig hann telji að tækið sé markaðssett.

„Tækninni fleygir áfram og nú er svo komið að jafnvel brauðristar eru til með mp3-spilara,“ segir Páll Rúnar. „Spurningin er hvort tollstjóri myndi skilgreina það sem afspilara með brauðristunarmöguleika?“ **- bj**



**VORBOÐI VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN** Höfuðborgarbúar eru þessa daga í óða önn að undirbúa innreið vorsins. Árstímanum tilheyrir að snyrta runna og tré áður en vaxtartímabil gróðurs hefst með hækkandi sól og stígandi hitatölum. Samkvæmt Veðurstofu Íslands eru frostlausir dagar framundan í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðgerðir verða kynntar í dag:

## Ekki fjallað um fiskveiðimálin

**KJARAMÁL Ríkisstjórnin mun í dag kynna aðgerðapakka sem ætlað er að höggva á hnútinn í kjaraviðræðum ASÍ og Samtaka atvinnulífsins.**

**Ekki verður kveðið á um framtíðarfyrirkomulag í sjávarútvegi eins og SA hafa lagt mikla áherslu á. Fjallað verður um skattamál, framkvæmdir og annað sem ætlað er að örva efnahagslífið.**


**- þj, bj / sjá síðu 4**


Endurskoða ættleiðingarlög:

## Mun móta nýja framtíðarstefnu

**SAMFÉLAGSMÁL** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra mun á næstu dögum skipa starfshóp sem móta á framtíðarstefnu um ættleiðingarmál og undirbúa lagabreytingar sem fara þarf í af því tilefni.

Byggt verður á nýlegri skýrslu um ættleiðingarmál sem gerð var fyrir ráðuneytið.


**- bj / sjá síðu 6**


Stóraukin eftirspurn stórra tískuhúsa eftir fiskroði Sjávarleðurs á Sauðárkróki:

# Fjölga fólki úr tólf í þrjátíu

**VIÐSKIPTI** Sjávarleður hf. á Sauðárkróki hefur aukið framleiðslu sína um 85 prósent það sem af er ári, ef miðað er við sama tíma í fyrra. Stóraukin eftirspurn eftir íslensku roði erlendis er helsta ástæða þess, segir María K. Magnúsdóttir, markaðs- og sölustjóri fyrirtækisins. „Í kjölfarið höfum við líka fjölgað starfsfólki úr tólf í þrjátíu í húsi,“ segir María.

Heimsþekkt tískuhús og -hönnuðir eru á meðal mikilvægustu viðskiptavina Sjávarleðurs. Má þar nefna tískurisa á borð við Dior, Louis Vuitton og Hugo Boss, sem hafa nýtt afurðir fyrirtækisins í hátískuvöru.


**- rve / sjá Allt í miðju blaðsins**



GILDIR FIMMTUDAG & FÖSTUDAG
48 TÍMA OFURTILBOÐ



1400 SN / 7KG
48 tíma tilboð kr.
79.900
SPARAÐU 40.000 KRÓNUR
Electrolux
Vönduð 1400 sn. hraðþvottavél með 7 kílóa hleðslugetu. Fullt verð kr. 119.900
Rafha ehf.
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

MEIRA MAGN BETRA VERÐ
Osta HÚSIÐ
PEKKING • REYNSLA • GÆÐI • STOFNAÐ 1992
Pizza toppur
500g
Rífandi góður á:
Pizzuna
Ofnréttinn
Pastaréttinn
www.ostahusid.is



HAGKAUPS FJÓRBLÖÐUNGUR
fylgir með fréttablaðinu í dag!



## SPURNING DAGSINS



*Auður, stíga menn ekki í vitið í skipulagsmálum á Arnarnesi?*

„Hafa menn ekki bara hlaupið á sig?“

Auður Hallgrímsdóttir, varamaður í skipulagsnefnd Garðabæjar, segir það óviðunandi að ekki verði gert ráð fyrir göngustígum meðfram ströndinni á Arnarnesi í breyttu deiliskipulagi.

Frumvarp um niðurfærslu lána Íbúðalánasjóðs samþykkt á Alþingi:

# Stefna að endurmati eignanna

**HÚSNÆÐISMÁL** Íbúðalánasjóður (ÍLS) mun að öllum líkindum kalla eftir endurmati á flestum þeim eignum þar sem sótt verður um niðurfærslu lána. Frumvarp sem heimilar ÍLS að færa veðkröfur niður að 110 prósentum af verðmæti fasteignar var samþykkt á þingi á þriðjudag.

Rúmlega 9.000 lántakendur gætu átt rétt á niðurfærslu að sögn Sigurðar Erlingssonar, framkvæmdastjóra ÍLS, en hann segir í samtali við Fréttablaðið að kostnaðurinn við hvert verðmat sé á bilinu 10.000 til 20.000 krónur og sjóðurinn muni bera allan þann kostnað.



**NIÐURFÆRSLA** Íbúðalánasjóður mun að öllum líkindum framkvæma endurmat á verðmæti eigna þar sem sótt er um niðurfærslu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sigurður telur þó ekki að kostnaðurinn verði verulegur í heildarsamhengi hlutanna.

„Í sumum tilvikum endurspeglar verðmat ekki raunmat fasteigna og þá getur endurmat orðið til þess að hækka verð á eignum og lækka þannig afskriftir hjá okkur.“

ÍLS mun velja sér matsaðila frá hverju tilfelli fyrir sig, en vinnur út frá gildandi samkomulagi við Félag fasteignasala um sölu og mat á eignum.

„Við miðum að því að nota þá sala sem sem næst er hverri eign en reynum að dreifa þessu nokkuð jafnt. Það hægir kannski á ferlinu en kosturinn við þetta er að jafnræðissjónarmiða er gætt.“ - þj

Borgarbyggð leggur inn í OR:

# Lána þótt fé sé ekki handbært

**BORGARBYGGÐ** Byggðaráð Borgarbyggðar samþykkir að veita Orkuveitu Reykjavíkur 75 milljóna víkjandi lán með fyrirvara um að bærinn eigi féð ekki handbært.

Borgarbyggð á 0,93 prósenta hlut í OR og á samkvæmt áætlun að leggja fyrirtækinu til 12 milljóna króna lán að auki á næsta ári. Fráveitugjald hækkar aðeins um 8 prósent í Borgarbyggð í stað 45 prósenta vegna þess að framkvæmdir við fráveitu frestast og fráveitugjöld hafa verið mun hærri þar en hjá öðrum eigendum Orkuveitunnar, segir á vef Borgarbyggðar. - gar



**ALGENG SJÓN** Viðhaldi sumra húsa í miðborginni er lítt sinnt.

Íbúasamtök skora á borgina:

# Beitið skussana dagsektum

**REYKJAVÍKURBORG** Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur segja í bréfi til borgaryfirvalda að ótækt sé „að tilteknir eigendur fasteigna fari þannig að ráði sínu að tjón hljótist á eignum annarra eigenda í nágrenninu“.

Andstætt sé hagsmunum nágranna og almennings ef það viðgangist að „óreiðuhús“ fái að drabbast niður og samtökin vilji að ekki verði „hikað við að beita heimild til dagsekta til að knýja húseigendur til að halda húsum í viðunandi ástandi“.

Í bréfi sem samtökin sendu þáverandi formanni skipulagsráðs í febrúar í fyrra var stungið upp á því að ef ekki yrði brugðist við gæti borgin eignast viðkomandi húseignir og „síðan úthlutað þeim til þeirra sem áhuga hafa á að eignast þær og lagfæra“. - gar

# Máli tannlæknisins var vísað frá dómi

**Máli tannlæknisins á Suðurnesjum sem ákærður hafði verið fyrir fjársvik var vísað frá í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Tryggingastofnun kærði tannlækninn til lögreglu í september 2006 og hafði málið verið í gangi árum saman.**

**DÓMSMÁL** Máli tannlæknis á Suðurnesjum sem ákærður hafði verið fyrir fjársvik, með því að framvísa til Tryggingastofnunar reikningum vegna tannviðgerða sem hann hafði ekki unnið, var í gær vísað frá dómi í Héraðsdómi Reykjaness. Dómurinn sagði „bresta svo mjög á skýrleika verknaðarlýsingar í ákæru að ákærða verði með réttu ekki talið fært að taka afstöðu til sakargifta og halda uppi vörnum gegn þeim“.

Forsaga þessa máls, sem verið hefur í gangi árum saman, er sú að 18. september 2006 kærði Tryggingastofnun ríkisins tannlækninn til lögreglu og krafðist þess að fram færi opinber rannsókn á ætluðum auðgunarbrotum hans í starfi sem tannlæknir með röngum reikningsfærslum á hendur stofnuninni. Í kærunni kom fram að tannlækninn hefði til margra ára skorið sig verulega úr í samanburði við aðra tannlækna í því hve margar viðgerðir hann gerði í munni hvers og eins. Hefði TR leitað eftir skýringum á þessu hjá tannlækninum en ekki verið sátt við skýringar hans.

Mikið var fjallað um málið í fjölmiðlum og var jafnvel talið, samkvæmt upplýsingum sem þeim voru veittar, að svikin næmu allt að 200 milljónum króna síðustu þrjátíu ár, uppreiknað til nóvember 2007. Samkvæmt ákærunni sem síðan var þingfest var tannlækninum gefið að sök að hafa á árunum 2003 til 2006 svikið út rúmar 129 þúsund krónur vegna 34 tannviðgerða í ellefu einstaklingum. Niðurstöðum tveggja matsmanna sem fengnir voru hvor í sínu lagi með þriggja ára tímabili til að skoða sama sjúklingahóp tannlæknisins bar ekki saman. Annar sagði 164 fyllingar vanta en hinn gat ekki greint 34 fyllingar. Tannlæknirinn kvaðst, eftir könnun gagna sinna, eðlilegar skýringar vera á nánast öllum þeim tilvikum sem síðarnefndi matsmaðurinn gerði athugasemdir við.

Í niðurstöðu dómsins segir að í ákæru hafi ekki verið tilgreind rétt fjárhæð þeirra reikninga sem tannlækninum var gefið að sök að hafa framvísað við Tryggingastofnun. Þá væru dagsetningar og númer reikninganna ekki tilgreind í ákæru og verknaðarlýsing óljós. Í ljósi þessa var málinu vísað frá dómi. jss@frettabladid.is



**TANNVIÐGERÐIR** Um leið og tannlæknirinn fékk matsgerð dómkvadds sérfræðings í hendur kannaði hann gögn sín og í ljós kom að eðlilegar skýringar voru á nánast öllum þeim tilvikum sem matsmaðurinn hafði gert athugasemdir við.

## Úrskurðurinn vonbrigði

Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, segir úrskurð Héraðsdóms Reykjaness þess efnis að vísa máli tannlæknisins á Suðurnesjum frá vera vonbrigði.

Sjúkratryggingar Íslands höfðu gert einkaréttarkröfu í málinu um að tannlækninum yrði gert að endurgreiða allt að ríflega 23 milljónir króna. Spurður hvernig þessi tala væri tilkomin svaraði Steingrímur Ari því að unnið hefði verið út frá matsgerðum dómkvaddra matsmanna.

„Krafan var grundvölluð á því tjóni sem Sjúkratryggingar Íslands töldu sig hafa orðið fyrir,“ sagði hann.

Steingrímur Ari sagði mögulegt framhald málsins á hendi ákæruvaldsins.

Úrslit formannskjörs VR kynnt:

# Stefán Einar nýr formaður

**FÉLAGSMÁL Stefán Einar Stefánsson viðskiptasiðfræðingur er nýr formaður VR. Úrslit formannskjörs í félaginu voru kynnt í gær.**



STEFÁN EINAR STEFÁNSSON

**Stefán hlaut 20,6 prósent atkvæða. Alls höfðu sjö gefið kost á sér, og fékk sá sem næstur kom um 18 prósent atkvæða.**

**Fremur dræm þátttaka var í kosningunum, og greiddu aðeins um sautján prósent félagsmanna atkvæði í formannskjörinu.**

**Nokkurrar ólgu varð vart meðal félagsmanna VR í gær vegna úrslita kjörsins. Nokkuð var um að félagsmenn í VR hefðu samband við Bandalag háskólamanna í gær til þess að kanna stöðu sína ef þeir skiptu um stéttarfélag.** - bj

Styður Reykjavíkurflugvöll:

# Engir peningar fyrir flutningi

**SAMGÖNGUR** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra býður Reykjavíkurborg þá sátt að koma upp færanlegri flugafgreiðslu á Reykjavíkurflugvelli. „Norðursuðurbrautinni verður lokað eftir fimm ár, og vellinum síðan alfarið eftir þrettán ár, samkvæmt stefnu borgarinnar, en fyrr í vetur höfnuðu ráðamenn hennar áformum um samgöngumiðstöð,“ segir visir.is.

Ögmundur segist hafa lagt til að nýtt húsnæði verði við hlið Flugfélagsafgreiðslunnar. Ekki séu til peningar til að flytja flugvöllinn. „Þannig að það er tómt mál um það að tala,“ sagði Ögmundur á Alþingi. - gar

## DÓMSTÓLAR

### Hrinti lögreglumanni

Ríkissaksóknari hefur ákært mann á fertugsaldri fyrir að ráðast með ofbeldi á lögreglumann við störf á lögreglustöðinni í Reykjanesbæ. Manninum er gefið að sök að hafa hrint lögreglumanninum, þannig að hann hlaut eymsl af.


Fyrir þinn innri mann

Dagleg neysla ab-drykkjar stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0866


Harðir bardagar geisuðu í gær um tvær mikilvægar olíuborgir í Líbíu:

# Uppreisnarmenn á undanhaldi

**LÍBÍA, AP** Liðsmenn Múammars Gaddafí náðu olíuborginni Ras Lanúf aftur á sitt vald í gær úr höndum uppreisnarmanna. Einnig var hart sótt að uppreisnarmönnum í olíuborginni Brega.

Uppreisnarmenn kvörtuðu undan því að þeir fengju ekki nægan stuðning frá Vesturlöndum, sem þó hafa haldið áfram loftárásum á her Gaddafís.

Loftárásirnar hafa gert flugher Gaddafís lítt nothæfan og valdið verulegu tjóni á landher hans, en uppreisnarmenn eru engu að síður mun verr búnir til bardaga eftir sem áður.

Bæði David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hafa sagt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fela í sér heimild til að styrkja uppreisnarmenn með því að útvega þeim vopn.

„Ég útiloka það ekki en ég segi heldur ekki að af því verði,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti í sjónvarpsviðtali.

Frá Úganda bárust í gær boð um að Gaddafí gæti fengið þar hæli til frambúðar, en ekkert bendir til þess að hann hafi hug á að fara úr landi. - gb



**Á FLÓTTA UNDAN GADDAFÍ** Uppreisnarmenn óku á fleygiferð frá Ras Lanúf til Brega í gær. NORDICPHOTOS/AFP




# VORIÐ ER KOMIÐ



## LANDSINS MESTA ÚRVAL AF PALLEFNI

**VIÐ KLÁRUM PALLINN MEÐ ÞÉR Á LÆGRA VERÐI.**

**FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN**

**Garðhús 7,2 m2**
Breidd = 250 cm
Lengd = 290 cm
Vegghæð = 210 cm
Bjálkaþykkt = 45 mm
600236

TILBOÐ

**339.000,-**
~~359.000,-~~

MEÐ ÖLLUM FYLGIHLUTUM.



**MIKIÐ ÚRVAL AF GESTA- OG GARÐHÚSUM, VERÐ FRÁ 169.000,-**

**Vandaðar amerískar með framlengjanlegu skafti**

**3.375,-**
~~4.559,-~~

**Greinaklippur**
5084653



**25% AFSLÁTTUR**

**skref 1**
Hreinsa pallinn með Jotun pallahreinsi




**3.295,-**
~~4.129,-~~

**Jotun Terrasserens, 5 ltr**
er kröftugt hreinsiefni sem hreinsar upp og frískar viðarfleti, fjarlægir sveppagróður, sót, grillolíur, ryk o.fl.
7158013

**skref 2**
Bera Jotun pallaolíu á pallinn




**2.795,-**
~~3.495,-~~

**Jotun Treolje, 3 ltr**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og blöndum einnig í fjölda lita.
7049123/33/37

**TILBOÐ FYRIR PALLINN**

**Háþrýstidæla, frábær til að þrífa pallinn.**
NILFISK, 1400W
110 Bar. 440 ltr/klst.
5254241

**17.995,-**

NILFISK



Látum verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.

Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

GILDIR TIL 4. APRÍL

*Lægsta lága verðið er lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 30.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,7 | 115,24 |
| Sterlingspund | 184,15 | 185,05 |
| Evra | 161,4 | 162,3 |
| Dönsk króna | 21,641 | 21,767 |
| Norsk króna | 20,484 | 20,604 |
| Sænsk króna | 18,074 | 18,18 |
| Japanskt jen | 1,3801 | 1,3881 |
| SDR | 181,04 | 182,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 216,2504

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherra segir mikilvægt að lækka tryggingargjaldið:

# Engar meiri háttar skattabreytingar

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld ráðgera ekki að fara í stórfelldar breytingar í skattamálum á næsta ári. Þetta kom fram í svari Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólafar Nordal, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, á þingi síðastliðinn mánudag.

Ólöf vísaði í frétt Fréttablaðsins um yfirstandandi úttekt fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á skattkerfi landsins.

Spurði hún því hvort til stæði að hækka virðisaukaskatt, tekjuskatt einstaklinga eða eldsneytisskatt. Ekki væri svigrúm til frekari skattahækkana á fjölskyldur.

Steingrímur svaraði því ekki beint en sagði að þörf væri á því að „uppfæra íslenska skattkerfið“, meðal annars með lækkun tryggingargjalds, sem var hækkað verulega til að mæta kostnaði þegar atvinnuleysi jókst.

„Sá skattstofn sem ég tel að hvað mikilvægast væri að geta sem fyrst lækkað er tryggingargjaldið. [...] Eðlilega standa kröfur til þess frá atvinnulífinu að um leið og atvinnuleysið minnkar verði gjöldin þar lækkuð.“

AGS mun ljúka úttekt sinni í vikulok og að sögn Steingríms verður skýrsla hans gerð opinber í maí eða byrjun júní. **- þj**



**VILL LÆKKA TRYGGINGARGJALDIÐ** Fjármálaráðherra segir engar stórar breytingar á skattkerfinu fram undan. Mikilvægt sé að lækka tryggingargjald. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Barist á Fílabeinsströndinni:

## Milljón manns sögð á vergangi

**FÍLABEINSSTRÖNDIN Hermenn hliðhollir Alassane Ouattara, sem sigraði í nýlegum forsetakosningum á Fílabeinsströndinni, hafa tekið stjórnina í höfuðborg landsins. Borgarastyrjöld hefur ríkt í landinu eftir að Laurent Gbagbo, sem var forseti landsins, tapaði í forsetakosningum og neitaði að fara frá.**

**Mikill fjöldi fólks hefur flúið átökin, og er talið að um ein milljón íbúa hafi flúið heimili sín vegna þeirra. Nærri 500 manns eru talin hafa látist í átökunum. - bj**

Utanríkisráðherra Líbíu fer:

## Stunginn af frá Gaddafí ofursta

**LONDON, AP** Utanríkisráðherra Líbíu, Moussa Koussa, kom til London í gær og tilkynnti að hann hefði yfirgefið ríkisstjórn Múammars Gaddafí, að því er talsmaður bresku ríkisstjórnarinnar skýrði frá í yfirlýsingu. Sagt er að Moussa Koussa sé afar ósáttur við árásir líbíska hersins á óbreytta borgara í landinu. **- gar**

# Fiskveiðikerfið ekki í aðgerðapakkanum

**Ríkisstjórnin kynnir í dag aðgerðapakka til að höggva á hnútinn í kjaraviðræðum. Mun kveða á um framkvæmdir, skattamál og fleira til að örva efnahagslífið. Forsætisráðherra segir þó að ekki verði kveðið á um sjávarútvegsmál.**

**KJARAMÁL** Ríkisstjórnin mun í dag kynna víðtæka aðgerðaáætlun til að örva atvinnu- og efnahagslíf landsins. Með því er leitast við að svara kröfum aðila vinnumarkaðarins og liðka um fyrir kjaraviðræðum milli ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA). Forsætisráðherra segir að þar verði ekki kveðið á um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Forsvarsmenn ASÍ og SA hittu forsætisráðherra og fjármálaráðherra á fundi í gær og sagði Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, að fundi loknum að menn væru orðnir óþreyjufullir eftir útspili stjórnvalda um grundvöll fyrir kjarasamningum til þriggja ára.

„Við þurfum innspýtingu í hagkerfið til að skapa störf. En við höfum ekki fengið skýr svör um það hvernig stjórnvöld ætla að skuldbinda sig til að stuðla að viðsnúningi í atvinnulífinu.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, sagði að þeir myndu nú bíða eftir að sjá hvað fælist í aðgerðaáætlun stjórnarinnar, sem kynnt verður fyrir hádegi eftir annan fund með stjórnvöldum.

„Við vonum að það verði eitthvað þar um það sem við höfum verið að tala um, þar á meðal sjávarútvegsmál, gjaldeyrishöft og fleira sem við viljum sjá breytast.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði þó að ekki væri að vænta neins um sjávarútvegsmálin í áætluninni.

„Þetta hefur verið eitt aðalvandamálið frá upphafi og við létum vita af því strax að við teldum ekki skynsamlegt að tengja niðurstöðu í sjávarútvegsmálum við kjarasamningaumræðurnar.“

Jóhanna vildi ekki tjá sig um einstaka þætti en sagði að aðgerðapakkinn yrði víðtækur og fjallaði meðal annars um fjárfestingar, framkvæmdir, skattamál og fleira. Þó vildi hún geta þess að ekki hefði staðið neitt upp á stjórnvöld í þessum kjaraviðræðum.

Jóhanna segir að ríkisvaldið hafi ekki komið af jafnmiklum krafti að kjarasamningum og nú og það muni taka á í ríkissjóði, en það sé líka mikið í húfi fyrir stöðugleika til þriggja ára.

Spurð sagði Jóhanna að henni þætti líklegt að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur gætu náð saman um þriggja ára samninga eftir fundinn í dag.

„Ef menn ætla ekki að láta fiskveiðistjórnunarkerfið þvælast fyrir, þá er þetta það mikill og stór pakki og svo stórt útspil af hálfu ríkisvaldsins að það væri engin sanngirni í öðru en að þeir fallist á það.“ **thorgils@frettabladid.is**



**BÍÐA EFTIR PAKKANUM** Stjórnvöld munu kynna aðgerðapakka til að liðka fyrir kjaraviðræðum og blása í glæður efnahagslífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á FLUG** Jákvæð afkoma Framtakssjóðsins skýrist einkum af góðum árangri í rekstri Icelandair Group á síðasta ári.

Afkoma Framtakssjóðs góð:

## Hagnaðurinn 700 milljónir

**VIÐSKIPTI** Framtakssjóður Íslands skilaði 700 milljóna króna hagnaði á síðasta ári, að því er fram kemur í tilkynningu. Heildareignir sjóðsins námu um 5,6 milljörðum króna í lok ársins og eigið fé var 4,9 milljarðar.

Eina hlutabréfaeign sjóðsins í lok árs var hlutur sjóðsins í Icelandair Group. Í byrjun árs 2011 bættust svo Icelandic Group, Skýrr, Vodafone, Húsasmiðjan og Plastprent í hópinn.

Hagnaður Framtakssjóðsins skýrist aðallega af þeim árangri sem náðist í rekstri Icelandair á síðasta ári. **- bj**

### ATHUGASEMD

Vegna fréttar í Fréttablaðinu í gær um fjarveru Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, á fundi Samtaka atvinnulífsins og Landssambands íslenskra útvegsmanna vill Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, koma eftirfarandi á framfæri:

„Undirritaður tók fram í samtali við fréttamann Fréttablaðsins í gær að engar upplýsingar lægju fyrir um fund þennan í ráðuneytinu. Það er rétt enda er nú staðfest að um óformlegan fund var að ræða sem ekki var boðaður eða bókaður með venjubundnum hætti.

Jafnframt hefur forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir komið þeim upplýsingum til upplýsingafulltrúa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis að Jón Bjarnason hafi þegar á laugardag boðað lögmæt forföll frá mætingu á nefndan fund vegna ráðherrafundar í Kaupmannahöfn. Óstaðfestar fréttir Fréttablaðsins um að fjarvera sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi komið öðrum ráðherrum á óvart eiga því ekki við rök að styðjast.“

***Athugasemd ritstjórnar:*** *Fréttablaðið hefur traustar heimildir fyrir frétt sinni og stendur við hana.*

### LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn tónlistarkonunnar Ninnu Rúnar Pálmadóttur í umfjöllun um Músíktilraunir í blaði gærdagsins.

### MOSFELLSBÆR

**Skilafrestur framlengdur**

Innanríkisráðuneytið gefur Mosfellsbæ mánaðar viðbótarfrest til að skila skýringum á því hvernig 246 milljóna króna sjálfskuldarábyrgð sem bærinn gekkst í fyrir fyrirtækið Helgafellsland samræmist sveitarstjórnarlögum.

### HRÚTAFJÖRÐUR

**Sameining rædd**

Fulltrúar sveitarstjórnar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra hittust nýlega á Hvammstanga og ræddu þar ítarlega um hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna. Ákvörðun um næstu skref liggur ekki fyrir.




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**VÆTUTÍÐ** verður víða um land næstu daga en þó sést til sólar inn á milli. Sunnan- og vestanlands verður nokkuð bjart um tíma í dag og á norðausturhorninu verður bjart með köflum á morgun og laugardaginn.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 16° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 10° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 2° |
| París | 16° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.





**PHILIPS**

**Hárblásari** HP8180
- 2100w
- 6 hita og hraðastillingar
- Túrbo blástur án þess að auka hita
- Auðveldur að hreinsa
- 1.8 m snúra

**5.990kr**
GOTT VERÐ



**Melissa**

**Hárblásari** 635103
- 1400w
- 3 hraðastillingar
- Ofhitunarvörn
- 0,95kg

**1.990kr**
GOTT VERÐ



**GRUNDIG**

**MP3 spilari** MPIXX1200S
- 2GB
- 1.8" LCD litaskjár
- FM útvarp með 30 stöðvaminni
- Spilar videó, tónlist og ljósmyndir
- Heyrnatól, USB kapall, leiðbeiningar fylgja

**9.990kr**
GOTT VERÐ





**PHILIPS**

**Heyrnartól** SHP1900
- Tíðnisvið: 20Hz - 20kHz
- 32 Ohm
- Sensitivity: 98dB/1mW
- 2m kapall

**1.990kr**
V.Á. 2.290.-

**Melissa**

**Sléttujárn með keramik plötum**
635107
- Svartar keramík plötur
- Betri hitadreifni
- PTC Heater - Fljótt að hitna
- Hámarkshiti: 200°C

**2.490kr**
GOTT VERÐ



**OLYMPUS**

**Myndavél** VG110
- 12 MegaPixel
- 4x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- 2,7" LCD skjár
- Face Detection - þekkir andlit
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi

**14.990kr**
GOTT VERÐ



**TOSHIBA**

**Fartölva** C660D10W
- Örgjörvi: AMD 2.3GHz Mobile V140
- 2GB (1x2GB) DDR3 1066MHz 204pin
- 250GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA LED skjár 16:9 (1366x768)
- AMD Radeon HD 4250 skjákort
- DVD±RW skrifari
- Lyklaborð í fullri stærð ásamt talnaborði
- Innbyggt þráðlaust netkort
- Innbyggð VGA myndavél í skjá
- Windows 7 Home Premium 64bita
- Tengi 2xUSB 2.0, VGA, Kortalesari o.fl.
- Þyngd: 2.3kg

**79.990kr**
GOTT VERÐ

*frábært verð!*

**FINLUX**

**19" LCD sjónvarp**
19FLX850VUD
- 19" HD 16:9 LCD sjónvarp með DVD spilara
- Upplausn 1366x768 punktar
- Innbyggður DVD spilari
- 1x scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi

**39.990kr**
V.Á. 49.990.-







**UNITED**

**Sjónvarpsflakkari 1TB** MMP9530/1TB
- 1TB harður diskur
- Spilar kvikmyndir, ljósmyndir og tónlist
- Upplausn: 720p/1080i (High Definition)
- Innbyggður SD/MMC kortalesari
- Composite, HDMI og Optical tengi
- Skráarflutningur með USB 2.0

**24.990kr**
GOTT VERÐ

Gildir til 6. apríl á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Styður þú ákvörðun Reykjavíkurborgar að lána OR 12 milljarða króna?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 45,3% |
| NEI | 54,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú farin(n) að skipuleggja sumarfríið?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Væntanlegt frumvarp boðar breytingar á fyrirkomulagi lánafyrirtækja:

# Vilja skýrari skilmála smálána

**FJÁRMÁL** Strangar reglur verða um starfsemi smálánafyrirtækja hér á landi ef frumvarp verður að veruleika sem Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, kynnti fyrir ríkisstjórn á þriðjudag.

Í frumvarpinu er kveðið á um skyldur fyrirtækjanna þar sem þau þurfa meðal annars að veita neytendum upplýsingar um ársvexti af lánum sínum.

Þá kveða lögin skýrt á um að greiðslumat þurfi að fara fram áður en lán er afgreitt og lántakendur megi greiða upp lán áður en lánstíma lýkur, án þess að greiða fyrir það hærri þóknun en sem nemur kostnaði lánveitanda.

Í athugasemdum ráðuneytisins við frumvarpið segir að nauðsynlegt sé að setja ramma utan um slíka starfsemi. Þar segir að kostnaður við lánin sé oft óhæfilega hár, jafnvel 600 prósent upphæðarinnar sem lánuð er.

Umsagnaraðilar gátu þess meðal annars að starfsemi smálánafyrirtækja væri varasöm þar sem skilmálar væru óljósir og „viðkvæmir hópar“ gætu lent í vandræðum, meðal annars ungt fólk í fjárþröng og fólk með geðfötlun. **- þj**

**Uppgreiðsla lána**

Með frumvarpinu verður neytanda gefinn réttur til að greiða upp lánasamning áður en lánstími er útrunninn. Í athugasemdum við frumvarpið er dæmi tekið af 10.000 króna láni til 15 daga.

Vextir og kostnaður eru 2.500 krónur, en ef lánið er greitt upp eftir fimm daga getur kostnaðurinn ekki numið hærri upphæð en 833 krónum þar sem dagskostnaður samkvæmt samningnum var 166,6 krónur.

Kaupa eignir Ölvisholts:

# Byggja á sömu hugmyndafræði

**VIÐSKIPTI** Eignarhaldsfélagið Flóinn hefur keypt rekstur og allar eignir brugghússins Ölvisholts af þrotabúi félagsins. Að félaginu standa heildsalan Karl K. Karlsson, Eignarhaldsfélag Suðurlands og fleiri.

Samkvæmt tilkynningu frá félaginu verður rekstur félagsins á sömu nótum og áður og hugmyndafræðin á bak við brugghúsið hefur ekki breyst. Nýir eigendur eru bjartsýnir á áframhaldandi rekstur brugghússins. Kaupverð er ekki gefið upp. **- bj**


**Golf Hópþjálfun**

**Viltu verða betri í golfinu og bæta heilsu þína og líðan?**

Nýttu síðustu vikurnar fyrir sumarið og byggðu þig upp fyrir golfið!

Fimm vikur -12 tímar með þjálfara
**Mán, mið og fös. kl. 16.00 eða kl. 17.00**

**Þjálfari:** Sveinn Ómar Sveinsson, IAK einkaþjálfari og löggiltur FMS



HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*


# Lagfæra brotalamir í ættleiðingarlöggjöf

**Nýr starfshópur innanríkisráðherra mun móta framtíðarstefnu um ættleiðingar á Íslandi. Byggir á nýlegri úttekt á stöðu ættleiðingarmála. Ekki spurning um peninga heldur forgangsröðun segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.**



ÆTTLEITT Fjölmargar tillögur um úrbætur á lögum um ættleiðingar eru í nýlegri úttekt sem unnin var fyrir innanríkisráðuneytið. NORDICPHOTOS/AFP

**SAMFÉLAGSMÁL** Innanríkisráðherra mun á næstu dögum skipa starfshóp sem ætlað er að móta framtíðarstefnu um ættleiðingar hér á landi og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar.

„Við leggjum mikið kapp á það í þessu ráðuneyti, sem er ráðuneyti mannréttindamála, að hafa þessi mál í góðu lagi,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra. Hann segir að lagfæra verði þær brotalamir sem komið hafi í ljós, en tekur fram að margt hafi þó verið vel gert og ekki sé ætlunin að umturna kerfinu.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, verður formaður starfshópsins. Starfshópnum verða ekki sett tímamörk, en Ögmundur segist leggja áherslu á að hann vinni hratt og vel.

Vinna hópsins mun byggja á verulegu leyti á nýlegri úttekt á málaflokknum sem unnin var fyrir ráðuneytið. Þar kemur fram að Ísland skeri sig frá hinum Norðurlöndunum hvað varði fjölda, menntun og sérhæfingu þeirra sem vinni að málaflokknum. Hér séu starfsmenn sem sinni þessum málum of fáir og hafi að auki öðrum skyldum að gegna.

Í úttektinni er mælt með að starfsmönnum verði fjölgað.

**Fjöldi ættleiðinga**

**frá útlöndum**




Heimild: Hagstofa Íslands og Íslensk ættleiðing

Spurður hvort hægt sé að finna fé til þess í núverandi efnahagsástandi segir Ögmundur þetta ekki bara spurningu um peninga, heldur um forgangsröðun. Verið sé að stokka upp alla stjórnsýsluna sem heyri undir innanríkisráðuneytið, þar með talið þennan málaflokk.

Í úttektinni er lagt til að grundvallarbreytingar verði gerðar á því hvernig forsamþykki íslenskra stjórnvalda fyrir því að fólk fái að ættleiða barn verði breytt. Til að mynda er lagt til að mat á umsækjendum verði flutt frá barnaverndarnefndum til einnar stofnunar.

Í skýrslunni er mælt með að sú stofnun verði eitt af stóru sýslumannsembættunum á höfuðborgarsvæðinu. Í dag sér sýslumaðurinn í Búðardal um afgreiðslu forsamþykkta. **brjann@frettabladid.is**


**„Bretar og Hollendingar myndu aldrei endurgreiða erlendum innistæðueigendum kröfur að upphæð sem nemur þriðjungi þjóðarframleiðslu ef einn af stóru bönkum þeirra færi í þrot“**

FT FINANCIAL TIMES

**Financial Times**
12. desember 2010

**Taktu upplýsta ákvörðun. Fellum Icesave 9. apríl!**

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl. Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is


Landlæknisembættinu bárust 252 kvartanir í fyrra:

# Einn sviptur starfsleyfi og annar áminntur

**HEILBRIGÐISMÁL** Einn heilbrigðisstarfsmaður var sviptur starfsleyfi á síðasta ári og einum var veitt lögformleg áminning. Að auki fann landlæknisembættið að við heilbrigðisstarfsmenn í þremur tilvikum.

Landlæknisembættinu bárust alls 252 kvartanir árið 2010, en árið á undan voru þær 237. Umkvörtunarefnin voru af margvíslegum toga, allt frá hnökrum í samskiptum til alvarlegra mistaka. Algengasta umkvörtunarefnið var röng eða ófullnægjandi meðferð líkt og verið hefur undanfarin ár.

Kvartanir eftir sérgreinum, jafnt vegna tilvika á stofnunum, einkastofum eða annars staðar, voru flestar, eða 45, í tengslum við heimilislækningar enda eru flest samskipti í heilbrigðisþjónustu við heimilislækna. Næstflestar kvartanir, 35 talsins, beindust að bráða- og slysalækningum.

Um miðjan mars 2011 hafði fengist niðurstaða í 176 málum, en nítján málum frá 2009 var þá enn ólokið. Af þessum 176 málum voru 26 kvartanir staðfestar að hluta eða öllu leyti. **- jss**

**Helstu tilefni kvartana 2010**

| | |
|---|---|
| Röng meðferð | 37 |
| Ófullnægjandi meðferð | 40 |
| Ófullnægjandi eftirlit | 9 |
| Sjúkraskrá | 23 |
| Aðgengi að heilbrigðisþjónustu | 13 |
| Samskiptaörðugleikar sjúklings og starfsmanns | 13 |
| Röng greining | 26 |
| Trúnaðarbrot | 7 |
| Skottulækningar | 2 |
| Önnur atriði | 64 |
| **Samtals** | **252** |

Samráðsmál kortafyrirtækja:

# Kastljósmenn fyrir siðanefnd

**DÓMSMÁL Ragnar Önundarson, fyrrverandi forstjóri Eurocard, hefur kært Kastljósmennina Helga Seljan og Sigmar Guðmundsson til siðanefndar Blaðamannafélags fyrir umfjöllun um samráð kortafyrirtækja Íslands, að því er segir á pressan.is.**

**Ragnar telur sig hafa orðið fyrir ærumissi að ósekju. Í kæru sinni setur Ragnar einkum út á það að hafa ekki fengið tækifæri til að verja hendur sínar.**

**Meðal annars hafi Helgi Seljan ekki boðið honum í Kastljós. „Myndi ég sleppa því tækifæri að fá mann í viðtal sem hafði slíkar upplýsingar um í höndunum?“ svarar Helgi á pressan.is og Sigmar bætir við að vitni séu að því að Ragnari hafi með símtali verið boðið viðtal en hann afþakkað.** **- gar**

# Morgunmessa um **netverslun**

## Opinn morgunverðarfundur Skýrr um verslun og viðskipti á netinu, föstudaginn 1. apríl

**Á morgun, föstudaginn 1. apríl, heldur Skýrr spennandi morgunmessu um netverslun og ávinninginn af slíkum viðskiptum.**

Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 (gengið inn frá Háaleitisbraut). Skráðu þig á skyrr.is. Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og fundurinn er öllum opinn, meðan húsrúm leyfir.

Þetta er morgunverðarfundur og hann er við allra hæfi. Fundurinn hentar þó einkum þeim sem starfa við verslun og viðskipti, eru að huga að uppsetningu á netverslun, vilja bæta sig í þessum efnum eða þyrstir í fróðleik um viðfangsefnið.

Og nei, þetta er aldeilis ekki aprílgabb. :-)





**8.00** *Húsið opnað*
**Gordjöss morgunverður að hætti Karls Emils Pálmasonar ofurkokks**

**8.30** *Skýrr 2011 býður góðan dag*
**Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr**







**8.45** *Netverslun og samkeppnisforskot: Hver eru tengslin milli ávinnings viðskiptavina og árangurs fyrirtækja?*
**Friðrik Eysteinsson, aðjúnkt við Háskóla Íslands**



**9.05** *Reynsla Lín Design af samfélagsmiðlum og netverslun á Íslandi og í Danmörku*
**Bragi Smith, framkvæmdastjóri og eigandi Lín Design**







**9.25** *Reynslusaga frá 365: Áskrifta- og kynningarvefur Stöðvar 2 – Samþætting innri og ytri kerfa*
**Kjartan Sverrisson, deildarstjóri hjá 365**

**9.45** *Netverslun 101: Hvað skiptir máli í verslun og viðskiptum á netinu? Hvað einkennir þá sem ná árangri?*
**Sigrún Eva Ármannsdóttir, forstöðumaður veflausna Skýrr**



*Fundarstjóri*
**Hrafnhildur Sif Sverrisdóttir, deildarstjóri veflausna Skýrr**

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað eru liðin mörg ár frá því að Neytendasamtökin höfðuðu bótamál á hendur stóru olíufélögunum þremur vegna samráðs þeirra?*

2 *Hvað lánar Reykjavíkurborg Orkuveitunni mikla fjármuni til að forða henni frá gjaldþroti?*

3 *Hve mikil var verðbólgan í mars?*

**SVÖR**

*1. Liðin eru sex ár. 2. Tólf milljarða króna. 3. Í mars mældist tveggja komma þriggja prósenta verðbólga.*

Fyrrum stjórnarformaður gagnrýnir yfirlýsingar stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur:

# Vildu lána fram á mitt ár 2010

**ORKUMÁL** Lánardrottnar sýndu erfiðri stöðu Orkuveitu Reykjavíkur skilning eftir hrunið og lýstu vilja til að lána fé allt fram á mitt ár 2010, segir Guðlaugur Gylfi Sverrisson, fyrrverandi stjórnarformaður OR.

Guðlaugur lét af störfum um mitt ár 2010 og segir fullyrðingar núverandi stjórnenda fyrirtækisins um gjaldþrot þess algerlega á þeirra ábyrgð.

„Orkuveita fékk lán afgreidd allan þann tíma er undirritaður var stjórnarformaður. Hvað breyttist eftir júní 2010? Núverandi forstjóri hefur staðfest án frekari skýringa að skyndilega um áramótin 2011 hafi viðhorf til félagsins gjörbreyst. Höfðu þá nýir stjórnendur setið að félaginu í hálft ár, skipt um forstjóra, sett bráðabirgðaforstjóra og hækkað gjaldskrá á almenning,“ segir Guðlaugur í yfirlýsingu. „Getur verið að yfirlýsingar stjórnenda og eigenda um stöðu og greiðslugetu OR hafi haft áhrif til hins verra við útvegun fjármagns til rekstrar OR?“



GUÐLAUGUR GYLFI SVERRISSON

Guðlaugur bendir á að OR hafi á árinu 2009 fengið 6 til 7 milljarða lánaða frá Evrópska þróunarbankanum og 30 milljarða frá Evrópska fjárfestingarbankanum. Þá hafi verið vilji hjá Norræna fjárfestingarbankanum í janúar 2010 til að lána 12 til 14 milljarða króna. **- bj**

Óvenjulegir innflytjendur:

# Auðmenn vilja ríkisborgararétt

**STJÓRNSÝSLA Tíu fjársterkir aðilar frá Bandaríkjunum og Kanada vilja íslenskan ríkisborgararétt fyrir sig og börn sín. Samkvæmt fréttastofu RÚV eru þetta fjársterkir og reynslumiklir menn úr orkugeiranum sem vilja fjárfesta í endurnýjanlegri orku á Íslandi í tengslum við íslenska fyrirtækið Northern Lights Energy.**

**Að baki því fyrirtæki standa meðal annarra Gísli Gíslason, sem er stjórnarformaður, og Sighvatur Lárusson. - vg**



**REYKJAVÍKURHÖFN** Stýrihópur á að marka sýn til framtíðar fyrir 1. september.

Nýr stýrihópur í Reykjavík:

# Geri tillögu um hafnarsvæðið

**SKIPULAGSMÁL** Borgarráð hefur samþykkt skipan fimm manna stýrihóps á vegum borgarinnar og Faxaflóahafna til að endurskoða skipulag við höfnina frá Grandagarði að tónlistar- og ráðstefnuhúsinu. „Hópurinn taki afstöðu til fyrirliggjandi áætlana, marki sýn til framtíðar, undirbúi endurskoðun skipulagsvinnu á svæðinu og hafi yfirumsjón með framgangi hennar.

Tillögur að endurskoðuðu skipulagi svæðisins verði unnar í samráði við hafnarstjórn, skipulagsráð og umhverfis- og samgönguráð, auk hagsmunaaðila og íbúa,“ segir um verkavið hópsins sem skipaður er Hjálmari Sveinssyni, Páli Hjaltasyni, Hólmfríði Ósmann Jónsdóttur, Gísla Marteini Baldurssyni og Júlíusi Vífli Ingvarssyni. **- gar**

# Fjórir ofnar teknir úr notkun

**Japanska orkuveitufyrirtækið Tepco hefur viðurkennt að vonlaust sé að reyna að koma fjórum af sex ofnum kjarnorkuversins í Fukushima í gang. Stjórnvöld hafa sagt að engin starfsemi verði framar í verinu.**

**JAPAN** Hvert bakslagið á fætur öðru hefur komið í baráttuna við að halda niðri geislamengun frá kjarnorkuverinu í Fukushima. Ákveðið hefur verið að leggja endanlega niður starfsemi í þeim fjórum ofnum versins sem til vandræða hafa verið.

Í gær mældist geislavirkni í sjó við ströndina meiri en nokkru sinni. Baneitrað plútón hefur einnig fundist í jarðvegi við verið, sem staðfestir grun um að geislavirkt vatn frá skemmdum eldsneytisstöfum hafi lekið úr verinu.

Geislamengun hefur mælst í matvælum og kranavatni, jafnvel í höfuðborginni Tókýó sem er í 220 kílómetra fjarlægð.

Erfiðlega hefur gengið að koma kælikerfi ofnanna í gang á ný, þótt rafmagn sé komið á. Kælikerfin sjálf hafa greinilega skemmst það mikið að rafmagnstengingin dugir ekki til að koma þeim af stað.

Í gær fréttist af því að Masataka Shmizu, forstjóri TEPCO, japanska orkuveitufyrirtækisins sem rekur kjarnorkuverið í Fukushima, hefði verið fluttur á sjúkrahús. Hann var mjög áberandi persóna í Japan fyrir jarðskjálftann en hefur lítið sem ekkert sést opinberlega síðasta hálfa mánuðinn.

Tsunehisa Katsumata, stjórnarformaður fyrirtækisins, viðurkenndi í fyrsta sinn í gær að ekki yrði framar hægt að starfrækja í það minnsta fjóra af sex kjarnaofnum versins.

> Eftir að hafa dælt sjó á ofnana tel ég að við getum ekki notað þá meir
>
> TSUNEHISA KATSUMATA STJÓRNARFORMAÐUR TEPCO

„Eftir að hafa dælt sjó á ofnana tel ég að við getum ekki notað þá meir,“ sagði hann.

Fyrirtækið sagði að ákvarðanir um framtíð hinna ofnanna tveggja, sem ekki hafa verið til vandræða, yrðu teknar síðar og þá í samráði við íbúa í nágrenninu.

Japönsk stjórnvöld hafa þó haldið því fram í tíu daga að leggja þurfi niður alla starfsemi í verinu.

Öryggisráðstafanir í verinu voru miðaðar við að það þyldi jarðskjálfta upp á sjö stig, en skjálftinn mikli sem reið yfir föstudaginn 1. mars mældist 9 stig.

Í kjölfarið kom hamfaraflóð sem var öflugra og meira en nokkur hafði gert ráð fyrir þegar öryggisbúnaður versins var hannaður.

Opinberar tölur um staðfest mannfall segja að hamfarirnar hafi kostað á tólfta þúsund manns lífið, en að auki er meira en sextán þúsund manns saknað.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Yfirvofandi vöruskortur víða um heim

Skemmdir af völdum jarðskjálftans mikla, eldsneytisskortur og tíðar rafmagnstruflanir urðu til þess að mörgum verksmiðjum þurfti að loka í Japan. Fyrirsjáanlegur er skortur víða um heim á vörum og varahlutum frá Japan.

**Hafnir lokaðar: Sendai, Hitachinaka, Kashima**

1 **Toyota:** Framleiðsla liggur niðri í átján verksmiðjum
2 **Honda:** Framleiðsla hefst á ný á sunnudag
3 **Mazda:** Takmörkuð varahlutaframleiðsla
4 **Suzuki:** Ein verksmiðja starfrækt að hluta
5 **Fujitsu:** Síðasta verksmiðjan af sex tekin í notkun að hluta á sunnudag
6 **Canon:** Tvær myndavélaverksmiðjur í Kyusho lokaðar
7 **Hitachi:** Framleiðsla hafin að hluta á ný á lithium-jón rafhlöðum fyrir General Motors
8 **Panasonic:** Framleiðsla sjóntækja og hljómtækja liggur niðri
9 **Renesas:** Framleiðsla á örtölvum liggur niðri í þremur verksmiðjum vegna rafmagnsleysis og skemmda af völdum jarðskjálfta
10 **Sony:** Dregið úr framleiðslu á myndavélum, linsum, Blu-ray-diskum og flatskjáum í fimm verksmiðjum í suðurhluta Japans
11 **Shin-Etsu:** Verksmiðju, sem framleiðir kísilskífur, lokað.




Helstu útflutningsmarkaðir Japans (2010)




Heimildir: Scotia Economics, IHS Automotive, Fjármálaráðuneyti Japans © GRAPHIC NEWS


„Ég held að maður verði bara að byrja einhvers staðar, byrja á þúsundkallinum.“

**Reglubundinn sparnaður** er ein besta leiðin til að spara. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. **Byrjaðu að spara strax í dag.**

Komdu við í næsta útibú, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.



SKOÐIÐ BÆKLINGINN
OG FLEIRI TILBOÐ Á
WWW.NETTO.IS




# NÝR BÆKLINGUR KOMINN ÚT

## SVÍNAHNAKKASNEIÐAR
FERSKAR




50% afsláttur

999 kr/kg
áður 1.998 kr/kg

## HAMBORGARI
2 x 120 G




39% afsláttur

396 kr/pk.
áður 649 kr/pk.

## Pink Lady Tilboð
2 kg kassi




2kg kassi

698 kr/pk.
Gjafapoki fylgir með!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **31. mars – 3. apríl**
eða meðan birgðir endast


markhonnun.is
Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.



**HROLLKALDUR** Harry prins var kuldalegur á að líta þegar hann steig á Norðurpólinn í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Alls ætla 24 af 25 sem kjörnir voru á stjórnlagaþing að taka sæti í stjórnlagaráði:

# Óvíst hvort varamaður þiggur sæti

**STJÓRNLAGARÁÐ** Óvíst er hvort sá sem lenti í 26. sæti í kosningum til stjórnlagaþings þiggur sæti í stjórnlagaráði. Fyrsti fundur stjórnlagaráðs er áformaður næstkomandi miðvikudag.

Staðfest var í gær að 24 af þeim 25 sem náðu kjöri í kosningum til stjórnlagaþings tækju sæti í stjórnlagaráði. Aðeins Inga Lind Karlsdóttir hafnaði því að taka sæti. Frestur sem þau sem náðu kjöri höfðu til að svara því hvort þau tækju sæti í ráðinu rann út að kvöldi síðastliðins þriðjudags.

Íris Lind Sæmundsdóttir varð í 26. sæti í kosningunum, og hefur henni því verið boðið sæti Ingu Lindar á þinginu.

Íris sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær ekki hafa ákveðið hvort hún tæki sæti í stjórnlagaráði. Hún hefur frest fram að helgi til að tilkynna um ákvörðun sína.

Eins og fram hefur komið ógilti Hæstiréttur kosningar til stjórnlagaþings. Í kjölfarið ákvað Alþingi að skipa þá sem náðu kjöri í stjórnlagaráð. Ráðinu er ætlað að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins. Niðurstaða ráðsins mun ekki ráða úrslitum um breytingar á stjórnarskránni, þar sem það er aðeins Alþingi til ráðgjafar. - bj



**ÍRIS LIND SÆMUNDSDÓTTIR**

Sérlega hættuleg árás:

# Barði mann í höfuð með röri

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tvítugan mann fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa slegið annan mann með járn- eða álröri í höfuðið. Fórnarlambið hlaut skurð á enni sem sauma þurfti saman. Atvikið átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins 20. júní 2010, á bifreiðaplani söluturnsins Aðalbrautar, við Víkurbraut í Grindavík. Sá sem sleginn var gerir einkaréttarkröfu í málinu. Hann vill fá nær 900 þúsund krónur úr hendi árásarmannsins. - jss






**ARNARNES** Íbúar á Arnarnesi mótmæltu þegar til stóð að setja göngustíga fyrir almenning neðan við sjávarlóðir á aðalskipulag fyrir hálfum öðrum áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Útivistarleiðir en ekki stígar á Arnarnesi

**Kröftug mótmæli íbúa og vafi um eignarhald urðu til þess að þáverandi skipulagsnefnd hætti við stíga á strandlengju Arnarness við gerð aðalskipulags, að sögn formanns skipulagsnefndar Garðabæjar.**

**SKIPULAGSMÁL** „Þessi fundur er til að leggja fram kynningu og fá athugasemdir íbúanna," segir Stefán Konráðsson, formaður skipulagsnefndar Garðabæjar, um fund í Sjálandsskóla í kvöld um skipulagsmál á Arnarnesi.

Stefán segir það ekki rétt sem komið hafi fram hjá Auði Hallgrímsdóttur, varamanni lista Fólksins í bænum í skipulagsnefnd, að á íbúafundinum yrðu lögð fram drög að nýju deiliskipulagi heldur yrðu þar kynnt áherslúatriði skipulagsnefndar og ýmis álitamál.

„Þegar við erum búin að fá fram athugasemdir og sjónarmið eftir fundinn verður unnin deiliskipulagstillaga sem verður að sjálfsögðu auglýst. Þá gefst aftur tækifæri til að gera athugasemdir," útskýrir Stefán.

Þá segir Stefán það ekki rétt að gert sé ráð fyrir stíg meðfram ströndinni á Arnarnesi í aðalskipulagi. Við gerð aðalskipulags árið 1995 hafi þáverandi skipulagsnefnd fallið frá þeirri hugmynd. „Hugmyndinni var mótmælt kröftuglega af fjölmörgum íbúum á þessum stað á þeim tíma. Eignarhaldið og legan var þannig að það var talið illframkvæmanlegt að standa að stígagerð. Hins vegar sýnir aðalskipulagið svokallaða útivistarleið, sem þýðir að öllum er heimil för um fjöruna," segir hann.

Í Fréttablaðinu í gær var einnig fjallað um óánægju íbúa í Túnunum sem segjast verða fyrir ónæði frá nálægu skátaheimili og klúbbhúsi Kiwanis-manna. Stefán segir að á fundi á dögunum með íbúum hverfisins hafi þessar athugasemdir komið fram. „Við munum vinna með þær og koma síðan með okkar tillögu í nýju deiliskipulagi," segir formaður skipulagsnefndar Garðabæjar. gar@frettabladid.is

> Eignarhaldið og legan var þannig að það var talið illframkvæmanlegt að standa að stígagerð.
>
> **STEFÁN KONRÁÐSSON** FORMAÐUR SKIPULAGSNEFNDAR GARÐABÆJAR



**STEFÁN KONRÁÐSSON** Kynnt verða áhersluatriði varðandi breytingar á deiliskipulagi Arnarness á íbúafundi, segir formaður skipulagsnefndar Garðabæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Krafinn um fjórar milljónir:

# Höfuðkúpubrotinn eftir árás

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir stórfellda líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa kýlt annan mann í andlit og bringu og ýtt honum. Fórnarlambið féll við það aftur fyrir sig og skall í jörðina. Hann hlaut blæðingar inn í bæði miðeyru, lömun hægra megin í andliti, áverka og blæðingar í heila, brot á höfuðkúpu og heyrnarskerðingu.

Maðurinn krefur árásarmanninn um skaða- og miskabætur að upphæð ríflega fjórar milljónir króna. - jss

Tolli gaf þingflokksformönnum möntru sem á að leiða þá úr bölsýni í kærleika:

# Við höfum val út úr reiðinni

**ALÞINGI** „Þetta er ævaforn mantra sem er til þess fallin að glæða með okkur hugrekki, eldmóð og staðfestu. Hún virkar í dagsins önn,“ segir listamaðurinn Þorlákur Kristinsson Morthens, betur þekktur sem Tolli.

Hann gaf þingflokksformönnum á Alþingi í gær innpakkaða hljóðupptöku af flutningi trúarleiðtogans Dalai Lama á möntru ásamt texta hennar, íslenskri þýðingu og merkingu. Mantran er úr Rigvedaritunum, safni söngva frá því um 1500 til 500 fyrir Krist. Þetta eru elstu og helgustu rit Indverja.

Tolli bendir á að flutningur Dalai Lama á möntrunni sé sérstakur. Alla jafna flytji hann möntrur úr tíbetskum búddisma. Þessi er hins vegar á sanskrít.

Það skilyrði fylgir möntrunni að hana má ekki selja.

Hann segir möntruna leið til hamingju og kærleika. „Við getum stungið hausnum í sandinn og verið reið. Það er val. Ef þú velur leið fyrirgefningar og stígur inn í kærleikann muntu upplifa stórkostlega hluti,“ segir Tolli. „Ég hef notað þetta og hún svínvirkar.“ - jab



**MANTRAN SKIPTIR UM HENDUR** Listamaðurinn Tolli hefur ástundað búddisma um nokkurra ára skeið. Hann segir möntru sem hann gaf þingflokksformönnum svínvirka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mantran

Ég hugleiði hina guðlegu veru og gef mig á vald henni sem í býr viljastyrkur, þekking og athöfn, ég bið til hinnar guðlegu veru sem kemur fram í ilmi lífsblómsins og nærir að eilífu lífsins jurt. Megi lávarður lífsins losa mig undan áþján líkamlegra, sálrænna og andlegra skaðvalda líkt og natinn garðyrkjumaður. Megi lávarður ódauðleikans sem býr hið innra frelsa mig frá hrörnun dauðans og veikindum og sameina mig ódauðleikanum.

*Nánar má fræðast um möntruna á Facebook-síðunni Mantra Íslands.*

Kona ákærð fyrir ofbeldi:

# Kýldi starfsmann barnaverndarnefndar

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært konu fyrir ofbeldisverk og hótanir gagnvart starfskonu barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar á árunum 2008 og 2009.**

**Konan reyndi að kasta skó og kertastjaka í starfskonuna, sem hafði haft afskipti af henni vegna skyldustarfa. Jafnframt reyndi hún að slá hana og klóra í andlit.**

**Nokkru síðar sló konan starfskonuna með krepptum hnefa í höfuð og handlegg þar sem þær voru í bifreið sem lagt var við þjóðveginn. Loks er konan ákærð fyrir að hrinda starfskonunni og hóta að láta berja hana.** - jss



**HÁVÆR** Malið í Smokey er um sextán sinnum hærra en í öðrum húsköttum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Köttur setur nýtt heimsmet:

# Malar jafn hátt og sláttuvél

**BRETLAND, AP** Læðan Smokey þykir líkleg til að fá nafn sitt skráð í Heimsmetabók Guinness eftir að mal þessa breska húskattar mældist 73 desibel, sem er svipað og í venjulegri sláttuvél eða hárþurrku.

Smokey er tólf ára gömul og segir eigandinn hana vera símalandi. „Henni tekst einhvern veginn að mala meira að segja þegar hún er að éta,“ segir Ruth Adams. Hljóðið er ekki ósvipað og í afar háværri kurrandi dúfu.

Á Íslandi ber vinnuveitendum að útvega starfsfólki sem vinnur við hávaða sem nær 85 desibelum heyrnahlífar. - bj

## DÓMSTÓLAR

### Nær þrjátíu milljóna sekt

Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt mann í sjö mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, og til að greiða rúmlega 28 milljóna króna sekt fyrir meiri háttar brot á skatta- og bókhaldslögum. Brotin voru framin í rekstri einkahlutafélagsins F.H. Verk þar sem maðurinn var framkvæmdastjóri.



**FRÉTTASKÝRING: Hvaða áhrif hefur nei á alþjóðasamskipti og viðskiptaumhverfi? 2. hluti** icesave



**SAMNINGUR KYNNTUR** Lee C. Buchheit, sem fór fyrir samninganefnd Íslands í síðustu lotu Icesave-deilunnar segir dómstólaleið áhættusama. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Samskiptin batna ekki með nei-i

Mat Lees C. Buchheit, formanns íslensku samninganefndarinnar, er að ómældur hliðarkostnaður geti verið í því falinn að hafa Icesave-deiluna óleysta yfir höfði þjóðarinnar. Er þá ekki litið til áhættunnar af því að málið gæti tapast „með skelfilegum afleiðingum“ að hans mati. Þetta kom fram í viðtali Fréttablaðsins við Buchheit í desember síðastliðnum skömmu eftir að samninganefndin kynnti nýjan Icesave-samning.



**LÁRUS BLÖNDAL**

Buchheit sagðist telja samningaleiðina þá réttu, ekki dómstólaleiðina. Eins sagði hann ljóst að með fyrirliggjandi samningi væri samningaleiðin fullreynd. Ríkisstjórnir Breta og Hollendinga gætu ekki farið fram á að skattgreiðendur í þeim löndum niðurgreiddu lán til Íslendinga vegna Icesave.

Í viðtali við Lárus Blöndal, hæstaréttarlögmann og fulltrúa stjórnarandstöðunnar í samninganefndinni, sem Fréttablaðið birti í febrúarbyrjun, kom jafnframt fram að jafnvel þótt mál ynnist fyrir EFTA-dómstóli gæti falist í því kostnaður fyrir þjóðina. „Það þarf auðvitað að reka málið og standa í þessum útistöðum í einhvern tíma í viðbót. Og það hefur í það minnsta ekki jákvæð áhrif fyrir Ísland,“ sagði hann þá og áréttaði um leið að fyrirséður kostnaður við nýja Icesave-samninginn væri bara brot af kostnaði sem hlotist gæti af töpuðu máli.

# Eins og að deila við dómarann

**Að mótmæla viðbrögðum lánshæfismatsfyrirtækja við höfnun Icesave-samkomulags er eins og að deila við dómarann. Alþjóðlegir stórfjárfestar reiða sig á mat fyrirtækjanna. Geti ríkið ekki endurfjármagnað sig á alþjóðlegum mörkuðum er fyrirséð að erfitt verði að afnema gjaldeyrishöft. Nei yrði alvarlegt áfall fyrir orðspor Íslands, segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði.**



**Í ÓLGUSJÓ** Óvíst er hversu alvarlegar afleiðingar það hefur að hafna nýjum Icesave-samningi. Ljóst er þó talið að ríkissjóður gæti lent í vandræðum með endurfjármögnun lána sem myndi torvelda afléttingu gjaldeyrishafta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óvarlegt virðist að áætla að viðbrögð við neitun í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave eftir rúma viku verði góð þegar horft er til efnahagsumhverfis landsins og samskipta við önnur lönd. Raunar er það svo að lánshæfismatsfyrirtækið Moody‘s hefur lýst því yfir að líkur séu á að lánshæfi Íslands verði lækkað í svokallaðan ruslflokk fari svo að nýjum samningi verði hafnað.

Áður hafði fyrirtækið talið líklegt að samþykkt Alþingis á frumvarpi um nýja samninga gæti orðið til þess að fyrirtækið myndi hækka lánshæfiseinkunn ríkissjóðs. Vísað hefur verið til þess í umfjöllun greiningardeilda bankanna hér að svo virðist sem matsfyrirtækin vilji bíða og sjá hvernig Icesave ríður af. Þannig var haft eftir Eileen Zhang, sérfræðingi hjá lánshæfismatsfyrirtækinu Standard&Poors, að samþykkt Icesave-samninganna myndi gefa þeim skýrari sýn og eyða einum áhættuþætti.

### Lánveitingar eru tengdar Icesave

Frekari vísbendingar um viðbrögð á lánamarkaði má svo finna í því hvernig Norðurlöndin gerðu lausn Icesave-deilunnar að skilyrði í lánveitingum til Íslands, en um tíma var fjármögnun efnahagsáætlunar landsins í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ekki trygg vegna þessa skilyrðis og tafðist hún nokkuð þess vegna. Norrænu lánin gengu hins vegar í gegn þegar ljóst þótti að nást myndu samningar. Þá má nefna að lán Norræna fjárfestingarbankans (NIB) til Landsvirkjunar vegna Búðarhálsvirkjunar er háð því skilyrði að önnur fjármögnun fáist að smíði virkjunarinnar, en Evrópski fjárfestingarbankinn hefur ítrekað frestað því að taka ákvörðun um lán til virkjunarinnar á meðan Icesave deilan er óleyst.

Fari hins vegar svo að lánshæfiseinkunn Íslands hjá alþjóðlegu matsfyrirtækjunum lækki eftir að samningi yrði hafnað þá kynnu afleiðingarnar að verða víðtækar. Seðlabankinn hefur meðal annars sagt að nei í kosningunni muni seinka aðgerðum á seinni stigum í afléttingu gjaldeyrishafta. Í samtölum við sérfræðinga greiningardeilda bankanna kemur fram að erlendu matsfyrirtækin virðist telja að Ísland sitji uppi með Icesave-kostnaðinn hvernig sem fer í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Erlendir fagfjárfestar eru síðan bundnir af lánareglum sem gera þeim ómögulegt að fjárfesta í skuldabréfum undir einhverri ákveðinni lánshæfiseinkunn. Því sé það svo að þótt lánshæfismatsfyrirtækin hafi gert alvarleg mistök og beri að hluta ábyrgð á alþjóðlegu fjármálakreppunni, þá sé ekki annað kerfi við lýði til að meta lánshæfi ríkja og stórfyrirtækja. Að deila við lánshæfismatsfyrirtækin er sagt vera eins og að deila við dómarann.

### Stjórnmálaóstöðugleiki skaðar

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði og formaður stjórnar Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands, segir ljóst að verði Icesave-samningnum hafnað þá haldi ekki samningar ríkisstjórnarinnar með samþykki Alþingis. „Það yrði alvarlegt áfall fyrir orðspor Íslands og hefur ekkert með þessa ríkisstjórn að gera,“ segir hann, en Baldur er jafnframt varaþingmaður Samfylkingarinnar. Hann veltir fyrir sér hvernig erlend stjórnvöld eigi að geta treyst samningum við ríkisstjórn Íslands ef forsetinn gengur ítrekað gegn vilja hennar og Alþingis. „Ég held að þetta hafi veruleg áhrif á traust á íslensk stjórnmál, efnahagslíf og fyrirtæki. Menn eru ekki vanir því í hinum vestræna heimi að ríkisstjórnir hlaupist undan ábyrgð og samningum bara þegar hentar þeim. Menn geta verið andvígir samningum, neitað að skrifa undir þá og fara eftir þeim. En að gerðir séu samningar við ríkisstjórnir sem síðan geta ekki framfylgt þeim er dálítið öðruvísi.“

Baldur gerir hins vegar ekki ráð fyrir að það hafi mikil áhrif á umsóknarferli Íslands að Evrópusambandinu þótt samningurinn verði felldur. „Málið fer þá fyrir EFTA -dómstólinn og meðan á þeim málaferlum stendur sé ég ekki fyrir mér að þetta hafi áhrif á samningaviðræður Íslands við Evrópu,“ segir hann, en telur erfiðara að spá fyrir um stöðuna að fenginni niðurstöðu hjá dómnum.

Baldur lýsir því hins vegar svo að hér sé komin upp stjórnarskrárkrísa með ákvörðunum forseta um að vísa málum í þjóðaratkvæðagreiðslu með þessum hætti. „Eftir þessa ákvörðun forsetans þá átta menn sig ekki á stjórnskipan Íslands. Og það er alltaf erfitt þegar erlendir aðilar, sem við þurfum að eiga í nánum samskiptum við, upplifa að hér sé stjórnmálaóstöðugleiki.“ Þó svo að þessi stjórnskipulega óvissa verði áfram til staðar þótt samningurinn verði staðfestur segir Baldur að hún ágerist verði samningi hafnað. „Því þá er forsetinn að stöðva málið endanlega og búinn að koma í veg fyrir að íslensk stjórnvöld leysi málið með samningi og hefur með ákvörðun sinni komið málinu í dómsstólsleið.“



**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

## Nóg komið af áhættusækni

„Mín skoðun er að það verði svo sem engin ragnarök þótt Icesave verði hafnað eins og sumir vilja halda fram,“ segir Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verslunar og þjónustu. „En hitt er annað mál að þú hittir ekki svo mann í kaffistofu eða matarboði að ekki sé verið að ræða um að hér sé ekkert að gerast. Og ég held að það ástand muni þá halda áfram.“ Margrét segir það ekki að ástæðulausu að aðilar vinnumarkaðarins, bæði Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins, leggi ofurkapp á að málið verði klárað. „Menn sjá að Icesave muni meðal annars viðhalda þessu frosti sem er í atvinnulífinu og við verðum með öllum ráðum að ná hagvexti af stað á ný.“



**MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR**

Margrét bendir á að í fyrra hafi hagvöxtur verið neikvæður og að í ár stefni í þrjátíu milljörðum lakari afkomu ríkissjóðs en gert hafi verið ráð fyrir. „Það er næstum sama upphæð og Icesave.“

Í öðru lagi segir Margrét óvissuna um það sem við taki vera það sem verst sé fyrir atvinnulífið. „Á meðan halda fyrirtæki að sér höndum. Ég finn það til dæmis í mínum rekstri að þegar maður sér ekki fyrir hvernig aðstæður verða eftir hálft eða heilt ár, þá sitja menn með hendur í skauti á meðan.“

Margrét segir það hafa ráðið úrslitum um að hún ætli að segja já í komandi kosningum að henni finnist þessi þjóð búin að taka nógu mikla áhættu undanfarin ár og vera allt of áhættusækin. „Áhættusæknin olli því að hér varð algjört hrun. Mér finnst að þessar kynslóðir sem bera landið uppi og stjórna því, hvort heldur sem það er í stjórnmálum eða atvinnulífi, hafi tekið nóga áhættu fyrir börnin okkar.“ Margrét segir nóg komið, valið standi á milli þess að taka á sig þrjátíu milljarða króna kostnað eða hætta á kostnað upp á 750 milljarða. Hún segir íslensku Icesave-samninganefndina hafa unnið þrekvirki í að ná fram frábærum samningi. „Þar er kostnaður sem þjóðin ræður mjög vel við og kannski ekki nema tíu prósent af heildarkostnaðinum við hrunið. En við erum einhvern veginn aldrei að tala um þessi níutíu prósent,“ segir hún og bætir við að ekkert sé að því að fá á sig eitt mark í fótboltaleik ef maður skori tvö mörk á móti og vinni leikinn. „Fyrir mér snýst Icesave um miklu alvarlegri hluti en lögfræði og ég er ekki tilbúin að taka alla þessa áhættu þegar við erum komin með þennan frábæra samning í hendurnar.“

## Áhrif Icesave ofmetin

Tómas Ingi Olrich, fyrrum þingmaður, ráðherra og sendiherra, segir of mikið gert úr skaðlegum áhrifum þess að hafa Icesave-deiluna óleysta. Þjóðin sé beitt þrýstingi til að greiða kröfur sem henni beri ekki lagaskylda til að greiða. „Til hvers í ósköpunum vorum við að ganga í EES þegar menn eru bara beittir þrýstingi þegar á reynir?“ spyr hann og veltir fyrir sér hvaða skilaboð það séu til annarra landa að smáþjóð þurfi að sætta sig við að ekki sé sýnt fram á lagaskyldu hennar til að gangast undir miklar skuldbindingar, nóg sé að beita hana þrýstingi.



**TÓMAS INGI OLRICH**

Tómas Ingi bendir á að fjölmörg ríki séu nú í þörf fyrir mikið lánsfé. Aukin eftirspurn geri svo að lántökur verði dýrari, það komi Icesave ekkert við. „Íslendingar eru í sömu sporum og aðrir sem eru mjög skuldugir,“ segir hann og bendir á að bæði Portúgalar og Írar kvarti undan þeim lánakjörum sem þeim bjóðist. Þá sé ríkissjóður stórskuldugur og orkufyrirtæki berjist í bökkum. „Ætti að vera sérstök ástæða til að vilja lána til Íslands?“ spyr hann og telur að gangist þjóðin við nýjum Icesave-samningi ætti að verða ennþá meiri tregða til að lána hingað peninga, því þar með hafi verið aukið á skuldir ríkisins. „Eina óvissan sem aflétt yrði er fyrir ríkissjóði Breta og Hollendinga.“

Þá telur Tómas Ingi að ekki verði erfiðara fyrir fyrirtæki að fá erlend lán þó svo að Icesave verði hafnað. „Peningarnir finna ekki svona lykt eins og af Icesave. Þeir finna bara lykt af því hverjir eru líklegir til að borga,“ segir hann og telur landið ekki í slæmri langtímastöðu með fisk sinn, orku, vatn og öfluga innviði, svo sem góða menntun og annað slíkt. „Þetta eru hlutir sem fjárfestingaraðilar horfa á.“

Sömuleiðis óttast Tómas Ingi ekki að Icesave-deilan skaði samskipti landsins við önnur lönd. „Ég held að menn geri sér svolítið barnalegar hugmyndir um fjandskap og vinsemd þjóða,“ segir hann og bætir við að á stundum geri lönd sig óvinsæl í einhverjum málum. „Það getur gufað upp á ótrúlega skömmum tíma,“ segir hann og áréttar að pólitískar ákvarðanir verði ekki grundvallaðar á vinsældum eða óvinsældum. „Menn verða að hafa bein í nefinu til að vera óvinsælir. Við vorum ekkert vinsælir þegar við vorum að færa út fiskveiðilögsöguna. Þá var okkur úthúðað alls staðar og svo tóku aðrar þjóðir þetta upp.“






# LANCÔME DAGAR

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND, GARÐABÆ, SPÖNGINNI, AKUREYRI OG BORGARNESI

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur:**

~ Teint Miracle nýi farðinn 5 ml
~ Genifique dagkrem 15 ml
~ Genifique augnkrem 5 ml
~ Absolue varalitur ferðastærð
~ Lancôme maskari ferðastærð
~ Bi-Facil augnfarðahreinsir 30 ml

**Verðmæti kaupaukans 12.500 krónur.**

Einnig aðrar gerðir kaupauka.

**Vertu velkomin.**




*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÓDÝRT -FLJÓTLEGT ÞÆGILEGT
Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins 998 kr.bakkinn
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
KORNBRAUÐ 1 KG / 26 SNEIÐAR.
KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR
198 KR.
BÓNUS SALÖT Á BRAUÐIÐ
RÆKJUSALAT & TÚNFISKSALAT
198 KR. 200g
Hrásalat
BÓNUS HRÁSALAT
159 KR.350g
KOFAREYKT
598 KR.PK
KJARNAFÆÐI KOFAREYKT
SVEITABJÚGU 1.26 KG
100% ÍTÖLSK
50% MEIRA MAGN BETRA VERÐ
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
598 KR.750ml
Contadina
PIZZU SÓSA 420g
259 KR.
PIZZU SKINKA
PIZZU SKINKA 125g
129 KR.
198 KR. FL
KOKTEILSÓSA-REMOLAÐI-HAMBORGARASÓSA-PÍTUSÓSA
BÓNUS SÓSUR 4 TEG: 420ml
GÆÐAKLEINUR 10 STK.
259 KR.PK
KOMIÐ AFTUR
LISTERINE
LISTERINE MUNNSKOL
798 KR.500ml
NICKY
3 Free Rolls
798 KR. PK
NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR
3JA LAGA - 160 BLÖÐ
Toppar
EMMESS TOPPAR 4 STK.
HNETU TOPPAR-DAIM TOPPAR
398 KR.4 stk
Pizza dej/deg
FERSKT
PIZZADEIG 400g
295 KR.
KJARNAFÆÐI: FROSIÐ
SPARHAKK
359 kr.625g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
129 KR.385g
EUROSHOPPER 1 ltr.
GLERHREINSIR
259 KR.1 ltr.
PEPSI MAX - PEPSI - APPELSÍN
89 KR.500ml.
PEPSI & PEPSI MAX 4 FL. x 2 LTR
698 KR.
LÉTTUR AADA
MY SECRET
1495 kr. 2ltr.
SPILUM SAMAN
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1359 KR.KG
ÍSLANDS LAMB
BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBALÆRI
Sérskorið kryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1498 KR.KG
ÍSLANDS LAMB
ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
KS
1298 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
KS
798 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBABÓGUR
SS
2998 KR.KG
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS FERSKT LAMBAFILLET
KS
2998 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBAFILLET
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1995 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
Caj-P.
GRILLOLÍA 500ML
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.
BÓNUS Kjúklingur
659 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
HAMBORGAR HRYGGUR
BÓNUS
998 KR.KG
BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
Ali
898 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
10% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 998 KR.KG
GRÍSA Veisla
898 KR.KG
FERSK BAJONSKINKA
ÚR GRÍSABÓG -MERKT VERÐ 998 KR.KG
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# neytendur
*hagur heimilanna*

**3.878 KRÓNUR** kostaði klippingin að meðaltali fyrir karl í febrúar síðastliðnum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
**Edik og barnapúður**

*Dýraþvag til vandræða*

Til að fjarlægja dýraþvag úr gólfteppi er gott að byrja á að þurrka sem mest upp með bréfþurrkum. Svo er gott að þvo svæðið með volgu sápuvatni og skola því næst með hreinu vatni. Þegar svæðið er aftur orðið þurrt er gott að búa til edikblöndu sem er 1/3 edik og 2/2 vatn. Blandan er borin varlega á teppið, skoluð úr með vatni og svæðið látið þorna. Þegar svæðið er orðið alveg þurrt eftir lágmark sólarhring er bökunarsóda stráð yfir blettinn og svæðið í kring og hann látinn standa í nokkrar klukkustundir áður en hann er ryksugaður.



Edik má einnig nota til að þrífa kattasandskassa. Til að koma í veg fyrir að vond lykt komi af kattarsandinum milli þess sem þrifið er má blanda smá barnapúðri saman við sandinn.

# Bensínverð lækki um 28 krónur

**Mælt var fyrir frumvarpi um lækkun eldsneytisskatta í gær. Samkvæmt frumvarpinu komi lækkunin strax til framkvæmda og gildi til áramóta. Olíugjald verði 35 krónur á lítra en bensíngjald fari niður í 4 krónur.**

Lítraverð á eldsneyti, bæði bensíni og dísilolíu, gæti lækkað um 28 krónur, fái frumvarp fram að ganga sem Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, mælti fyrir í gær.

Frumvarpið, sem sjálfstæðismenn á þingi flytja, felur í sér verulega lækkun á olíu- og kílómetragjaldi af dísilolíu og vörugjaldi af bensíni. Samkvæmt því munu gjöld á dísilolíu lækka úr 55 krónum á hvern seldan lítra niður í 35 krónur og bensíngjöld lækka úr tæplega 24 krónum niður í 4 krónur. Lækkunin skuli ganga til framkvæmda strax um komandi mánaðamót og gilda til ársloka.

Hávær krafa hefur verið um að stjórnvöld grípi inn í sífellt hækkandi eldsneytisverð, enda rennur tæpur helmingur af útsöluverði bensíns í ríkissjóð í formi bensíngjalda, kolefnisgjalds og virðisaukaskatts. Í umræðum á þingi ekki alls fyrir löngu sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra að óraunhæft væri að líta á hækkanirnar undanfarið, sem má að mestu leyti rekja til hækkunar á heimsmarkaðsverði, sem tímabundnar og því væri líklegra til árangurs að skoða hvernig tekjum ríkisins af eldsneytissölu væri varið. Ríkisstjórnin skipaði í kjölfarið starfshóp um þetta mál og á hann að skila fyrstu tillögum sínum í næsta mánuði.

Tryggvi segir hins vegar að ýmislegt bendi til þess að heimsmarkaðsverð muni fara lækkandi þegar óvissuástand á heimsvísu dvíni. Meðal annars sé það að ráða af framvirku verði á bensíni á mörkuðum.

Hækkanirnar undanfarna mánuði hafa þegar haft víðtæk áhrif og hafa ferðaþjónustuaðilar lýst yfir áhyggjum af búsifjum vegna minni umferðar innlendra ferðamanna á komandi vertíð.



**DÝR DROPI** Eldsneytisverð er í hámarki hér á landi en verði frumvarp sjálfstæðismanna að lögum gæti lítraverð lækkað um 28 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hækkanirnar hafa einmitt haft í för með sér samdrátt í umferð um vegi landsins.

Samkvæmt Vegagerðinni hefur umferð um Hringveginn dregist saman um rúm sex prósent á fyrstu tveimur mánuðum ársins og sjötíu prósent svarenda könnunar MMR segjast hafa dregið úr bifreiðanotkun í kjölfar hækkana á eldsneytisverði.

Kostnaður ríkissjóðs af lækkunum þessum gæti numið 3,2 milljörðum, en að sögn Tryggva er allt útlit fyrir að tekjur ríkissjóðs af eldsneytissölu hafi verið talsvert undir væntingum sökum verðhækkunar og minni eftirspurnar. Þess vegna sé hægt að gera ráð fyrir að kostnaður ríkisins vegna lækkana eldsneytisgjalda verði enn minni.

thorgils@frettabladid.is

BM·VALLÁ

# BM Vallá boðið til sölu

Fyrirtækið **BM Vallá** er til sölumeðferðar hjá Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka. Félagið er í eigu Eignabjargs, dótturfélags Arion banka.

BM Vallá er eitt stærsta framleiðslufyrirtæki innan byggingariðnaðarins á Íslandi og hefur sterka stöðu á markaðnum. Fyrirtækið starfar á sviði steypu-, hellu-, eininga- og múrframleiðslu sem og vikurvinnslu. Höfuðstöðvar þess eru að Bíldshöfða 7 í Reykjavík en jafnframt er félagið með starfsstöðvar víðar um landið. Arion banki tók yfir rekstur fyrirtækisins árið 2010. Reksturinn var endurskipulagður og kostnaðaruppbygging löguð að núverandi efnahagsástandi. Framleiðslugeta fyrirtækisins getur annað meðalári án þess að til mikilla fjárfestinga þurfi að koma. Við framangreindar breytingar hefur þess verið gætt að standa vörð um mikla sérfræðiþekkingu fyrirtækisins sem er forsenda þess að það verði áfram í fararbroddi á markaði og viðhalda sterkri ímynd varðandi vöru- og þjónustugæði. Á undanförnu ári hefur verið lögð áhersla á vöruþróun sem mun styrkja stöðu félagsins á Íslandi en þó sérstaklega útflutning þess.

## Söluferlið

Boðið er til sölu allt hlutafé í B.M. Vallá ehf. og er gert ráð fyrir að það verði selt í einu lagi. Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem að mati seljanda geta sýnt fram á að hafa viðeigandi þekkingu og til þess bæran fjárhagslegan styrk, eða aðgang að a.m.k. 500 milljónum króna í auðseljanlegum eignum. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu, meðal annars ef fyrir hendi eru lagalegar hindranir á því að viðkomandi fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu, svo sem vegna samkeppnisreglna.

Fjárfestar sem óska eftir að taka þátt í söluferlinu eru beðnir að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka. Skulu þeir leggja fram trúnaðaryfirlýsingu á þar til gerðu formi. Sölugögn verða afhent þátttakendum frá og með mánudeginum 11. apríl næstkomandi. **Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka mun taka við óskuldbindandi tilboðum til kl. 12.00 mánudaginn 2. maí** næstkomandi. Tilboðum skal skila á þar til gerðu formi. Í kjölfarið verða tilboðin metin og völdum fjárfestum boðin áframhaldandi þátttaka í söluferlinu. Munu þeir fjárfestar fá aðgang að frekari upplýsingum um rekstur og fjárhag fyrirtækisins áður en óskað verður eftir bindandi tilboðum og gengið til endanlegra samninga um kaup og sölu á félaginu. Seljandi áskilur sér rétt til að i) gera breytingar á skilmálum og/eða viðmiðum söluferlisins og/eða ii) ganga til samninga við hvaða tilboðsgjafa sem hann kýs eða hafna öllum.

## Frekari upplýsingar

Upplýsingar um söluferlið má nálgast hjá **Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka** í síma **444 6000** eða með því að senda tölvupóst á **fyrirtaekjaradgjof.BMV2011@arionbanki.is**

Arion banki

**NEYTANDINN:** ÚLFAR EYSTEINSSON KOKKUR

## *Keypti skó á annan fótinn*

„Ég get vel sagt þér hver voru mín bestu kaup," segir Úlfar Eysteinsson matreiðslumaður nær án umhugsunar eftir að hafa verið beðinn að rifja upp hvar hann hafi gert vel og hvar hann hafi farið út af sporinu í innkaupum um tíðina. „Bestu kaupin voru á uppboði hjá sýslumanni. Á vefnum hafði ég séð mynd af stýrishúsi á bát og fékk það á 25 þúsund krónur. Ég hélt það væri kannski hægt að nota þetta í garðinn handa krökkum að leika sér í," segir hann, en upplýsir um leið að svo hafi komið babb í bátinn.

Úlfar hafði nefnilega fest kaup á stýrishúsi á 300 tonna bát. „Síðan frétti vinur minn einn fyrir vestan af þessu og keypti af mér húsið fyrir 800 þúsund krónur." Vinurinn segir Úlfar að hafi líka gert góð kaup, því hann seldi seinna stýrishúsið á 12 hundruð þúsund og síðan hafi húsið endað á bát á Akranesi fyrir enn meiri peninga. „En þetta eru nú orðin eitthvað um fimmtán ár síðan."

Úlfar segist hins vegar verða að vitna aftur í tollstjóra þegar kemur að verstu kaupunum. „Þar þarf maður að kaupa svolítið blint og ég keypti 50 pör af skóm, en það var allt á annan fótinn." Úlfar segist nú hafa reynt að hafa ekki hátt um þessi slæmu kaup. „Ég reyndi svona að finna hvort einhver hefði keypt á hægri fótinn. En ég fann ekkert út úr því svo þetta endaði bara í ruslinu."

- óká



# DOKTORS- OG MEISTARANÁM
## VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

### LAGADEILD

- PhD í lögfræði
- ML í lögfræði*

### TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD

- PhD í verk- og tæknivísindum

**BYGGINGARSVIÐ**
- MSc í byggingarverkfræði
  - Framkvæmdastjórnun
  - Mannvirkjahönnun
  - Steinsteyputækni
  - Umferð og skipulag
- MSc í framkvæmdastjórnun
- MSc í skipulagsfræðum og samgöngum

**HEILBRIGÐISSVIÐ**
- MEd í heilsuþjálfun og kennslu
- MSc í íþróttavísindum og þjálfun
- MSc í heilbrigðisverkfræði
- MSc í lífupplýsingafræðum

**VÉLA- OG RAFMAGNSSVIÐ**
- MSc í rafmagnsverkfræði
- MSc í vélaverkfræði
- MSc í orkuverkfræði (í samstarfi við REYST)

**FJÁRMÁLA- OG REKSTRARSVIÐ**
- MSc í ákvarðanaverkfræði
- MSc í fjármálaverkfræði
- MSc í rekstrarverkfræði

### TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

- PhD í tölvunarfræði
- MSc í hugbúnaðarverkfræði
- MSc í tölvunarfræði

### VIÐSKIPTADEILD

- PhD í viðskiptafræði
- MABI í stjórnunarreikningsskilum og viðskiptafærni
- MACC í reikningshaldi og endurskoðun
- MBA
- MCF í fjármálum fyrirtækja
- MSc í alþjóðaviðskiptum
- MSc í OBTM
  *Organisational Behaviour and Talent Management*
- MSIM í fjárfestingarstjórnun



**Háskólanám er góð fjárfesting. Í Háskólanum í Reykjavík leggjum við áherslu á að skapa og miðla þekkingu í greinum þar sem stærstu tækifæri framtíðarinnar liggja í tækni, viðskiptum og lögum.**

**Tveir af hverjum þremur sem útskrifast úr háskólanámi í tæknigreinum koma frá Háskólanum í Reykjavík og um helmingur laga- og viðskiptamenntaðra. Við erum því mikilvæg driffjöður í gangverki samfélagsins.**

UMSÓKNARFRESTIR ERU TIL **15. APRÍL OG 5. JÚNÍ**

* Umsóknarfrestur er til 30. apríl

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað koma sjávarútvegsmál kjarasamningum við?

## Óvissan er verst

Krafa Samtaka atvinnulífsins, um að afstaða ríkisstjórnarinnar til framtíðarfyrirkomulags fiskveiðistjórnunar liggi fyrir áður en gerð verður lokatilraun til að ná kjarasamningum til þriggja ára, mætir litlum almennum skilningi. Hvað kemur fiskveiðistjórnunin eiginlega kjarasamningum við? spyrja margir.

Í þeim hópi eru forystumenn ríkisstjórnarinnar, sem skilja ekkert í þessum hamagangi í atvinnurekendum. Í dag er von á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir af hálfu ríkisins til að greiða fyrir kjarasamningunum. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra kvað upp úr með það í gær að í þeirri yfirlýsingu yrði ekkert um sjávarútveginn.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

En hvað kemur fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar almennum kjarasamningum í landinu við? Stjórnkerfi fiskveiða getur haft gríðarlega þýðingu fyrir afkomu og vöxt greinarinnar. Við skulum ekki gleyma að hér á landi er sjávarútvegurinn ein af undirstöðuatvinnugreinunum og skapar stóran hluta af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Hann er ekki ríkisstyrkt atvinnugrein, rekin með félags- og byggðasjónarmið í huga eins og í mörgum nágrannalöndum okkar.

Á meðan allt er á huldu um það hvaða breytingar á að gera á stjórn fiskveiða, halda sjávarútvegsfyrirtækin að sér höndum. Þau ráðast ekki í nýjar fjárfestingar. Þau panta ekki vörur eða þjónustu frá öðrum fyrirtækjum umfram það nauðsynlegasta. Það eitt þýðir að sjávarútvegurinn leggur ekki það af mörkum sem hann gæti til að koma atvinnulífinu aftur í gang.

Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi hefur stuðlað að mikilli hagræðingu og bættri afkomu greinarinnar. Menn hljóta að fara varlega í breytingar, sem geta haft áhrif til hins gagnstæða. Innköllun veiðiheimilda getur haft neikvæð áhrif á stöðu sjávarútvegsfyrirtækja gagnvart lánardrottnum og birgjum. Verði áhrifin þau að tekjur sjávarútvegsfyrirtækja minnki, getur það haft sín áhrif á gengi krónunnar og þar með lífskjör almennings.

Af öllum þessu ástæðum kemur fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar almennum kjarasamningum í landinu við.

Ekki er þar með sagt að hagsmunaaðilar eigi að ráða stefnu stjórnvalda. En vinnubrögðin í kringum þá „sátt“ sem ríkisstjórnin segist vilja skapa um sjávarútveginn hafa verið undarleg. Fyrst var sett á fót nefnd, þar sem náðist víðtækt samkomulag um svokallaða samningaleið. Í stað þess að vinna með þá niðurstöðu fyrir opnum tjöldum, hafa stjórnvöld unnið bak við luktar dyr að frumvarpi sem enginn veit hversu langt gengur. Sjávarútvegsráðherra lét ekki svo lítið að mæta á fund með forystumönnum stjórnarflokkanna og forsvarsmönnum fyrirtækjanna, sem höfðu beðið um slíkan fund mánuðum saman til að fá skýr svör.

Forsvarsmenn atvinnulífsins hafa ekki farið fram á óbreytt kerfi fiskveiðistjórnunar. Þeir hafa þvert á móti lýst sig reiðubúna að gera talsvert miklar breytingar. Það er eiginlega ekki nema sjálfsögð kurteisi að gera þeim grein fyrir því, þegar menn standa frammi fyrir því að skuldbinda fyrirtækin í landinu til þriggja ára, hvaða breytingar eigi að gera á rekstrarumhverfi einnar helztu atvinnugreinarinnar. Í þessu eins og mörgu öðru er óvissan verst – og óvissuþættirnir eru nógu margir nú þegar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




Grunnurinn að góðri pizzu
Íslensk framleiðsla á betra verði.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Raddir fólksins

Stefán Einar Stefánsson viðskiptasiðfræðingur var í gær útnefndur sigurvegari formannskosninga í VR og mun því gegna því embætti næstu tvö árin.

Varla má þó segja að kjör Stefáns hafi verið sannfærandi, þar sem hann hlaut alls 977 atkvæði, eða um 20 prósent greiddra atkvæða og skákaði þannig naumlega Helgu Guðrúnu Jónasdóttur, sem var með rúm 18 prósent atkvæða.

Enn merkilegra er þó að kosningaþátttaka VR-félaga var mjög dræm þar sem 4.867 manns af 28.419 nýttu sér kosningarétt sinn. Verðandi formaður stærsta stéttarfélags landsins situr þar með í umboði 3,5 prósenta allra félagsmanna.

Blessað lýðræðið lætur ekki að sér hæða – eða jú, stundum.



### Kynleg tíðindi

Áhugafólk um baráttu gegn kynbundnum launamismun hlýtur þó að fagna kjöri Stefáns þar sem hann telur sig hafa lausn á þeim mikla órétti sem sannarlega hefur viðgengist of lengi.

Hann hyggst ræða við forsvarsmenn fyrirtækja og fá þá til að hætta að gera upp á milli fólks á grundvelli kynferðis.

Það plan getur ekki klikkað.

### Brotthvarf

Þó að sigur Stefáns sé ekki afdráttarlaus er höfnun VR-félaga á sitjandi formanni nær alger.

Kristinn Örn Jóhannesson hlaut rétt innan við 10 prósent atkvæða, og varð í sjötta sæti af sjö frambjóðendum.

Framboð hans kom nokkuð á óvart, enda ekki ofsagt að hann hafi ekki setið á friðarstóli. Hann taldi sig eiga ókláruð verkefni. Félagsmenn voru greinilega ekki á sömu skoðun.



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Staðan á Helguvík

Atvinnumál



Björgvin G. Sigurðsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Fyrir tæpum þremur árum fóru framkvæmdir við álver Norðuráls í Helguvík af stað. Grundvöllur framkvæmdanna var orkusölusamningar við HS Orku og Orkuveitu Reykjavíkur. Ári síðar samþykkti Alþingi með góðum meirihluta fjárfestingarsamning vegna álversins. Þar með voru öll skilyrði fyrir framkvæmdunum uppfyllt.

Síðan þá hafa framkvæmdirnar tafist og lent í þrátefli. Sveitarfélögin seldu sinn hlut í HS Orku og misstu þar með forræðið yfir áformum þess um orkusölu. Nýir eigendur hafa ekki viljað standa að jafn mikilli orkusölu og hinir fyrri til álversins. Norðurál stefndi í kjölfarið HS Orku í gerðardóm í Svíþjóð. Nú síðast bætast við erfiðleikar OR og vangeta til að standa við sinn hlut orkuöflunarinnar.

Mikið er undir í atvinnulegu tilliti, rétt eins og það skiptir miklu máli að kísilverksmiðja Thorsil í Þorlákshöfn verði að veruleika, en þá þarf að virkja á heiðinni.

Það sem þarf að gerast á næstu vikum til að framkvæmdirnar fari af stað og nokkur þúsund störf skapist á nokkrum mánuðum með þeim afleiðingum að samdráttur í mannvirkjageiranum svo gott sem sópist í burtu og hið mikla atvinnuleysi á Suðurnesjum gangi niður er m.a.:

1. HS Orka og Norðurál nái samningum og taki málið úr gerðardómi. Það kemur í ljós í næstu viku þegar fulltrúar móðurfélaga þeirra funda í Bandaríkjunum hvort það takist en nú er til þrautar reynt.

2. Sterkir fjárfestar og/eða Landsvirkjun gangi inn í virkjanaáform OR vegna Helguvíkur og annarra nýframkvæmda. Taki samninga um túrbínukaup yfir ásamt orkusamningum við t.d. Thorsil og Norðurál.

3. Landsvirkjun tryggi orku í þriðja áfanga álversins með umframorku í kerfi sínu og þeirri orku sem til ráðstöfunar verður eftir að gerð rammaáætlunar um nýtingu og náttúruvernd lýkur á næstunni.

Þetta þarf að ganga fram til að framkvæmdir haldi áfram og nái hástigi. Ég tók málið upp við formann iðnaðarnefndar á Alþingi í vikunni og sagði hann að á næstu dögum myndi nefndin funda með þeim sem að málum standa og freista þess að ná jákvæðri niðurstöðu í það.

Mikið er undir og engin ástæða til að afskrifa orkuframkvæmdirnar þótt tafist hafi. Nú er lag að koma hlutunum á hreyfingu og framkvæmdum af stað á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ljós reynslunnar

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Það var á fundi um stjórnskipunarmál í Háskólanum á Bifröst um daginn, að gestgjafi minn, Jón Ólafsson prófessor, lagði fyrir mig þessa lokaspurningu: Þarf stjórnarskráin að taka mið af hugmyndum manna um þjóðareðli? Ég hafði gefið honum tilefni til að spyrja, því að ég hafði í fyrirlestri mínum sagt eitthvað á þá leið, að stjórnvöld, sem leyfðu gengi íslenzku krónunnar að falla um 99,95 prósent gagnvart dönsku krónunni frá 1939, þegar báðar myntir voru jafngildar, virtust eiga við einhvers konar agavandamál að stríða. Ég hafði bætt því við, að Íslendingar gefa börnunum sínum þrisvar sinnum meira rítalín en Danir samkvæmt lyfjaskýrslum. Ekki skrifa yfirvöldin út allt þetta rítalín, nei, það gera læknar. Vandinn er því ekki bundinn við stjórnvöld. Fyrir nokkrum árum sagði einn merkasti jarðvísindamaður landsins við mig á förnum vegi: Ég þykist vita, hvernig þér líður innan um alla vitfirringuna í efnahagslífinu. Í orkumálunum, sagði hann, æða menn einnig áfram og bora og bora eins og jörðin þurfi engan tíma til að jafna sig.

### Fram í rauðan dauðann

Mér hefur lengi verið ljóst, allar götur frá unglingsárum, að Ísland er vanþroska í stjórnmálalegu tilliti og líkist að því leyti ýmsum þróunarríkjum. Rannsóknarnefnd Alþingis (RNA) tekur undir þessa skoðun í skýrslu sinni (8. bindi, bls. 184). Frá mínum bæjardyrum séð stafar vandinn að nokkru leyti af rangri kjördæmaskipan, sem hefur hrjáð landið frá fyrstu tíð og Hannes Hafstein, fyrsti ráðherrann, varaði við. Misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu hefur hlaðið undir stjórnmálaflokka og hagsmunasamtök, sem hegða sér eins og ríki í ríkinu. Hrunið ætti að færa mönnum heim sanninn um nauðsyn þess að reyna að rífa landið upp úr þessu gamla fari og aftra því, að Ísland læsist inni í skuldabasli og byrji að líkjast þróunarlöndum einnig í efnahagslegu tilliti. Á því er raunveruleg hætta, sem brýna nauðsyn ber til að bægja frá eins og Þráinn Eggertsson prófessor benti á í Morgunblaðinu strax eftir hrun.

Til að bægja þessari hættu frá þarf gagngerar umbætur á ýmsum sviðum og einnig, virðist mér, nýja stjórnarskrá. Dönum dugir að sönnu óbreytt stjórnarskrá frá 1953, enda eiga þeir ekki við nein sérstök agavandamál að stríða. Íslendingum dugir ekki óbreytt stjórnarskrá, úr því að spillingin, sem ásamt öðru lagði íslenzkt efnahagslíf á hliðina 2008, gat þrifizt hér við gildandi stjórnskipan. Þessi blákalda staðreynd kallar auk annars á nýja stjórnarskrá eins og RNA lýsir eftir (8. bindi, bls. 184). Þeir, sem telja enga ástæðu til að endurskoða stjórnarskrána nú, myndu trúlega flestir þræta fram í rauðan dauðann fyrir spillinguna.

> Spillingin, siðaveiklunin, býr í fúnum samfélagsinnviðum, sem hægt er að skipta út. Hér er að ýmsu að hyggja, þar á meðal undirstöðum stjórnskipunarinnar.

### Órækir vitnisburðir

Skýrsla RNA kortleggur hluta vandans. Hún birtir tölur um ofurlán gömlu bankanna til tíu alþingismanna, þar á meðal til formanns og varaformanns Sjálfstæðisflokksins (2. bindi, bls. 200). Ofan á fjallháa styrki bankanna og tengdra fyrirtækja til stjórnmálaflokkanna 2004-2008, sem Ríkisendurskoðun gerði grein fyrir síðla árs 2009 og ég lýsti hér í Fréttablaðinu 14. janúar 2010, bættu bankarnir ríflegum greiðslum til einstakra stjórnmálamanna og stjórnmálasamtaka, samtals 147 milljónum króna 2004-2008, og eru þó engin gögn til um greiðslur Glitnis til stjórnmálamanna né heldur tæmandi gögn um fyrirgreiðslu bankanna við stjórnmálamenn og samtök þeirra í fríðu (boðsferðir, risna o.fl.). Allt þetta stendur skýrum stöfum í skýrslu RNA (8. bindi, bls. 164-9). Í heilbrigðu réttarríki myndu ríkissaksóknari eða sérstakur saksóknari láta á það reyna fyrir dómstólum, hvort greiðslurnar voru mútur í skilningi hegningarlaga, en ekki bólar enn á slíkri viðleitni af hálfu ákæruvaldsins. Afhjúpanir RNA knýja á um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ný stjórnarskrá er nauðsynleg, en hún er samt ekki nóg. Stjórnvöld verða að virða stjórnarskrána.

### Að rata rétta leið

Spillingin, sem ásamt öðru lagði Ísland á hliðina, liggur að minni hyggju ekki í eðli íslenzku þjóðarinnar. Spillingin, siðaveiklunin, býr í fúnum samfélagsinnviðum, sem hægt er að skipta út. Hér er að ýmsu að hyggja, þar á meðal undirstöðum stjórnskipunarinnar. Stjórnarskrá Suður-Afríku er langorð um mannréttindi, þar eð þau voru fótum troðin á tíma aðskilnaðarstefnunnar. Stjórnarskrá Japans leggur blátt bann við hervæðingu, þar eð Japanar gerðu sig seka um stríðsglæpi á fyrri hluta tuttugustu aldar. Þannig getum við fært okkur land úr landi. Við vitum vel, að mannréttindabrot og stríðsglæpir liggja ekki í eðli Suður-Afríkubúa og Japana. Tildrög hörmunganna spruttu af skemmdum innviðum. Þess vegna telja þessar þjóðir rétt að binda skýr ákvæði um mannréttindi og frið í stjórnarskrár sínar. Spilling, sem hefur með öðru lagt efnahag fullvalda ríkis í rúst, kallar með líku lagi á traustar girðingar.

Stjórnarskrá þjóðar þarf að spegla liðna tíð, svo að fólkið geti ratað rétta leið til farsældar í ljósi reynslunnar.

## AF NETINU

### Mjög, mjög mikið lausafé

Allt frá því á síðasta ári hefur Hanna Birna Kristjánsdóttir klifað á því að sjóðir borgarinnar væru svo digrir að þyrftum ekki að gera neitt óvinsælt eða sársaukafullt … „enda var þeim sjóðum safnað upp á síðasta kjörtímabili, er því til að svara að sú staða hefur verulega batnað á þessu ári og nú er svo komið að afrakstur aðgerða undanfarinna ára og líka undanfarinna mánaða hefur skilað sér í áætluðum hagnaði Orkuveitu Reykjavíkur upp á rúma 20 milljarða. … Reykjavíkurborg á mjög, mjög mikið lausafé og mér sýnist samkvæmt tölum sem ég sá í morgun að miðað við einhver sveitarfélög allavega eigi Reykjavíkurborg margfalt meira heldur en aðrir íbúar.” - Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi borgarstjóri, í umræðum í borgarstjórn 30. nóvember árið 2010. oddny.eyjan.is **Oddný Sturludóttir**

SKRIFBORÐ
og bókahillur!
















CD - og bókahillur í úrvali
Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is



ATVINNULEIÐIN
ÚT ÚR KREPPUNNI
AÐALFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2011
FIMMTUDAGINN 7. APRÍL Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA
OPIN DAGSKRÁ KL. 14-16.
Dagskrá og skráning á www.sa.is
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# Óupplýst börn í mestri áhættu

Börn
Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur



Í tengslum við frétt af manni sem var að reyna að lokka börn upp í bíl hefur spunnist mikil umræða um hvernig foreldrar geti best upplýst börn sín um hættur af þessum toga. Þessari umræðu ber að fagna eins og allri umræðu um hvernig við getum frætt og verndað börnin okkar. Þó þarf að gæta þess að skapa ekki óþarfa kvíða og hræðslu í huga barnsins. Sum börn eru viðkvæmari en önnur. Skynji þau hræðslu hjá foreldrum fyllast þau ótta sem auðveldlega getur undið upp á sig og leitt til alvarlegrar vanlíðunar.

Kynferðisafbrotamenn leynast víða. Þeir aka ekki einungis um á bílum og reyna að lokka til sín börn með því að lofa þeim sælgæti eða leikföngum heldur sækja einnig á aðra staði þar sem mörg börn koma saman. Þau börn sem ekki hafa fengið viðeigandi fræðslu eru í mestri áhættu með að verða fórnarlömb kynferðisbrotamanna. Börn þurfa leiðbeiningu um þessa hegðun eins og aðra.

Fræðsla um líkamann, einkastaðina getur byrjað um 5 ára aldur og á að vera hluti af almennri forvarnarfræðslu foreldra sem endurtekin er með reglulegu millibili. Yfirveguð umræða, matreidd samkvæmt aldri og persónuleika barnsins ætti einmitt að fara fram þegar engin sérstök ógn steðjar að. Skerpa á síðan á henni við sérstakar aðstæður eins og þær sem nýlega hefur verið greint frá. Þá er tilvalið að segja: svo manstu elskan mín það sem við höfum áður rætt um, aldrei upp í bíl hjá ókunnugum!

Innihald þeirrar umræðunnar (fræðslu) sem á að vera hluti af almenni forvarnarfræðslu er sem dæmi: Kynna ákveðin hugtök fyrir barninu sem hægt er að nota sem grunn í umræðunni, t.d. hvað er átt við með hugtakinu einkastaðir. Allir einkastaðaleikir eru bannaðir. Enginn á að snerta einkastaði barnsins:

Hvaða snerting er í lagi, viðeigandi og hvernig snerting er ekki í lagi, óviðeigandi, skaðleg og ólögleg?

> Yfirveguð umræða, matreidd samkvæmt aldri og persónuleika barnsins ætti einmitt að fara fram þegar engin sérstök ógn steðjar að.

Ítreka við barnið, ef einhver vill gera eitthvað við þig sem þú vilt ekki og veist að ekki má þá bara flýta sér strax burt og segja frá.

Vel upplýst barn hefur aukna möguleika á að lesa og meta umhverfið, átta sig á hvaða aðstæður gætu verið ógnandi og hættulegar og hvenær á að forða sér í burtu. Vel upplýst barn hefur aukna möguleika á að greina muninn á réttu og viðeigandi atferli og röngu og ósiðlegu atferli. Það skynjar og greinir hvers lags hegðun telst vera innan eðlilegra marka, þekkir birtingarmyndir óviðeigandi atferlis og veit hvað það á að gera lendi það í ógnandi aðstæðum.

# Er um að ræða ólögmæta mismunun?

Icesave
Átta hæstaréttarlögmenn skrifa um Icesave-lögin

Spurt er hvort innistæðueigendum hafi verið mismunað þannig að brjóti í bága við 4. gr. EES-samningsins? Svo er ekki að sjá.

Aðgerðir íslenska ríkisins voru framkvæmdar til að stuðla að almennum efnahagsstöðugleika. Um var því að ræða almennar efnahagsaðgerðir. Það má því ætla að þær falli sem slíkar utan gildissviðs 4. gr. EES-samningsins.

Þess utan getur 4. gr. samningsins aðeins átt við um tilvik sem telja má sambærileg. Því virðist ekki til að dreifa hér. Ástæðan er sú að innistæðueigandi í íslenskum bankaútibúi á aðild að íslenska greiðslumiðlunarkerfinu en ekki sá sem á innistæðu í útlendu útibúi. Það er því engin ástæða til að meðhöndla þessa aðila með sambærilegum hætti, þvert á móti.

Þá verður að geta þess, að í öllu falli átti engin bein mismunun sér stað. Allir útlendir eigendur innistæðna í íslenskum bankaútibúum fengu sömu meðhöndlun og þeir íslensku. Yfir því er ekki hægt að kvarta. Það þýðir að jafnvel þótt einhvers konar óbein mismunun teldist hafa átt sér stað þá verður hún réttlætt með því neyðarástandi sem brugðist var við.

Þetta eru væntanlega ástæður þess að Eftirlitsstofnun EFTA telur mismunun enga þýðingu hafa nema upp að lágmarki innistæðutrygginga, eða 20.887 evrur á mann. Sjónarmið um að veruleg hætta sé á því að Ísland verði látið borga eitthvað umfram það eiga því ekki rétt á sér. Í raun má frekar áætla að verulegar líkur sé á því að Ísland þurfi ekkert að greiða þegar upp verður staðið. Fellum Icesave-lögin.

*Brynjar Níelsson hrl.*
*Björgvin Þorsteinsson hrl.*
*Haukur Örn Birgisson hrl.*
*Jón Jónsson hrl.*
*Reimar Pétursson hrl.*
*Sveinn Snorrason hrl*
*Tómas Jónsson hrl.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*

# Sérskólar og nemendur með þroskahömlun

Sérskólar
Ragnar Þorsteinsson
fræðslustjóri í Reykjavík



Skóla- og menntastefnan skóli án aðgreiningar á sér um tveggja áratuga sögu. Hún á sér rætur í baráttu foreldra fatlaðra barna fyrir rétti barna sinna til að ganga í almenna skóla og er nú staðfest í samningi SÞ frá 2008 um réttindi fatlaðs fólks, sem Íslendingar hafa undirritað. Stefnan grundvallast á hugmyndafræði mannréttinda, samfélagslegrar þátttöku og lýðræðis. Í dag lítum við á skóla- og menntastefnuna skóla án aðgreiningar sem heildarstefnu í skólamálum sem tekur til allra nemenda, hvaða þjóðfélagshópi sem þeir tilheyra og hvernig sem komið er á um atgervi þeirra. Hún er hluti af þeim samfélagslegu réttindum að tilheyra og vera metinn í og af því samfélagi sem einstaklingurinn er hluti af og þeim rétti að fá að vera þátttakandi í margbreytilegu samfélagi.

Stefnan um skóla án aðgreiningar, er fyrst sett fram í stefnu Reykjavíkurborgar árið 2002 og var þá sérstaklega tengd sérkennslu og málefnum nemenda með sérþarfir. Í starfsáætlun Reykjavíkur árið 2006 birtist stefnan síðan sem ein af megináherslum almennrar skólastefnu sem tekur til alls skólastarfs og allra nemenda.

Megináherslur skóla án aðgreiningar felast í virkri og fullgildri þátttöku allra í skóla- og námssamfélaginu, áherslu á margbreytileikann og nýtingu hans til hagsbóta fyrir alla nemendur. Markmiðið er að ryðja úr vegi sem kostur er þeim hindrunum sem nemendur mæta í námi og þátttöku. Starfshættirnir einkennast af því að væntingar eru til þess að allir nemendur nái árangri í námi, áhersla er á fjölbreyttar námsleiðir, valfrelsi og samstarf nemenda. Stuðningur miðast að því að styðja við nemendur í námi og þátttöku og að starfsfólk öðlist aukna færni við að bregðast við margbreytileika nemendahópsins.

Grunnskólar borgarinnar eru dreifðir um borgina og algengast er að nemendur stundi sitt grunnskólanám í þeim skóla sem næstur er heimili þeirra. Þrír grunnskólanna eru sérskólar og sækja þá nemendur víðsvegar að af höfuðborgarsvæðinu. Ekki stendur til að leggja niður rekstur sérskóla í borginni, né hefur komið fram tillaga þess efnis. Núverandi skólaár er þó síðasta skólaárið sem Safamýrarog Öskjuhlíðarskóli starfa í núverandi mynd, því ákveðið hefur verið að á grunni þeirra verði stofnaður einn nýr sérskóli.

Í stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu, sem samþykkt var 2002 kemur fram að skólarnir skuli sameinaðir og þjóna fjölfötluðum og mikið þroskahömluðum nemendum.

> Það er alveg ljóst að ráðherrar geta ekki beitt handafli gegn ákvörðunum sem teknar eru af stjórnendum háskóla

Árið 2008 voru línur skýrðar frekar varðandi nemendahóp sérskólans. Áhersla er lögð á að skólinn skuli þjóna nemendum með miðlungs og alvarlega þroskahömlun og nemendum með væga þroskahömlun og viðbótarfatlanir, s.s. einhverfu og daufblindu. Allir þeir sem að málinu komu, þar á meðal fulltrúar foreldra, stóðu einhuga að baki þessum tillögum.

Umræða sú sem upp hefur komið um inntökuviðmið, og byggð er á ákveðnum mörkum, efri og neðri, greindartölu, á rætur sínar í umræðu sem átti sér stað fyrir meira en 30 árum í skólasamfélagi þess tíma. Þegar ný lög um grunnskóla komu fram um 1990 féllu út ákvæði um slík viðmið og þegar grunnskólar færðust yfir til sveitarfélaga var þeim falið að setja sérskólum, sem þau stofna til, starfsreglur. Umræðan hefur þróast frá áherslu á afmarkaða þætti, s.s. greindarstig, yfir í áherslu á heildaraðstæður nemandans í samspili við það umhverfi sem hann er hluti af og umræðu um fjölbreyttar leiðir í námi og kennslu. Þannig skal sérskólinn, við inntöku nemenda, líta til greininga um fötlun nemandans en jafnframt til möguleika skólans til að veita nemandanum námstilboð við hæfi, laga og reglugerða, óska foreldra og hvort viðkomandi heimaskóla sé unnt að veita nemandanum viðunandi námsskilyrði.

Í stefnu Reykjavíkurborgar er kveðið á um að skólar borgarinnar séu skólar án aðgreiningar í samræmi við lög um grunnskóla. Öll börn eiga rétt á skólavist í almennum grunnskólum en jafnframt geta foreldrar fatlaðra barna sótt um skólavist fyrir börn sín í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla. Gagnrýnt hefur verið annars vegar að inntökuviðmið í Öskjuhlíðarskóla séu ekki nógu rúm og hins vegar að almenni skólinn hafi ekki yfir að ráða sérfræðiþekkingu og úrræðum sem nauðsynleg eru.

Mismunandi er hvernig starfsemi sérúrræða og sérskóla er háttað milli landa, sveitarfélaga og skólastiga. Þannig eru sérskólar eingöngu til á grunnskólastigi á Íslandi en á framhaldsskólastigi eru starfræktar starfsdeildir og á leikskólastigi hafa þróast almennir leikskólar sem sérhæfa sig í kennslu barna með aðgreindar sérþarfir. Starfsemi sérskóla sem annarra grunnskóla er og á að vera í stöðugri endurskoðun og þróun. Mestu skiptir að slík endurskoðun fari fram á faglegum grunni, ávallt sé litið til allra þátta og ákvarðanir teknar á grunni núverandi aðstæðna og framtíðarsýnar.

Í umræðu um almennu skólana og getu þeirra til að búa nemendum með fatlanir árangursríkt gæðanám og félagslegt umhverfi hafa sjónir manna m.a. beinst að þeirri sérþekkingu sem er í sérskólunum og möguleikum til að skapa henni leið og skilyrði innan almennu skólanna. Menntaráð samþykkti í janúar að stofnað yrði til þátttökubekkja undir stjórn nýja sérskólans, fyrir nemendur með þroskahömlun, sem staðsettir yrðu við almenna grunnskóla. Undirbúningur hefst á fyrsta starfsári skólans og er stefnt að stofnun fjögurra slíkra þátttökubekkja, einum í hverjum borgarhluta.

Hugmyndin að baki þátttökubekkjum er þríþætt. Í fyrsta lagi að gefa foreldrum kost á sérúrræði fyrir börn sín, sem er millistig milli almenns skóla og sérskóla. Í öðru lagi gagnkvæm tenging nemenda í þátttökubekk og í almennum skóla og í þriðja lagi flæði sérþekkingar og gagnkvæmur ávinningur þátttökubekkja og almennra skóla.

Í öllum grunnskólum borgarinnar er margbreytilegur nemendahópur. Þar eru nemendur með ýmsar fatlanir, annað tungumál, sterkan og veikan bakgrunn og annað sem einkennir einstaklinga í fjölbreyttu samfélagi. Grunnskólinn er sú stofnun samfélagsins sem varðar alla einstaklinga þess á einhverjum tíma í lífi þeirra.





Sparaðu með Miele

Með því að velja Miele uppþvottavélar leggur þú grunn að langtímasparnaði.

- Þrjár þvottagrindur
- Þvær 18% meira magn í einu
- Notar minna vatn og rafmagn
- 20 ára ending
- Verð frá kr. 181.800



**Care Collection** uppþvottaduft, töflur, gljái og vélahreinsir, sérstaklega framleitt fyrir Miele uppþvottavélar

*Farðu alla leið með Miele*

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Skynsemin ræður

Icesave

Magnús Orri Schram
þingmaður Samfylkingarinnar



Ef þjóðin segir nei í kosningunum 9. apríl er verið að vísa Icesave til dómstóla. Fyrir dómstólum verður líklega erfiðast fyrir íslenska ríkið að komast framhjá svokallaðri mismunun á grundvelli þjóðernis en við fall bankanna 2008 voru innstæður í innlendum útibúum tryggðar að fullu á meðan innstæður í erlendum útibúum nutu engrar tryggingar. Þetta er að mati eftirlitsstofnunar með EES-samningnum óbein mismunun á grundvelli þjóðernis og því brot á samningnum.

Skiptar skoðanir eru um þetta atriði meðal íslenskra lögmanna en þeir hæstaréttarlögmenn sem hvað harðast börðust gegn fyrri samningi telja að áhætta og kostnaður sé nú í slíku lágmarki að það sé mun meiri áhætta fólgin í dómsmáli en því að semja. Seðlabanki Íslands telur að nei í þjóðaratkvæði um Icesave þýði veikara gengi, lægri kaupmátt og meiri verðbólgu. Fyrir liggur að afleiðingar á lánshæfi, aðgengi að fjármálamörkuðum og vaxtakjör gætu orðið alvarlegar fyrir Íslendinga. Þá gæti Ísland staðið uppi með dóm um greiðsluskyldu án fyrirliggjandi samnings um vexti, endurgreiðslur eða önnur kjör en ljóst er að sambærilegar eða lægri vextir verða vart í boði. Með þverpólitískri samninganefnd tókst að lágmarka og festa niður eins og kostur er alla helstu kostnaðar- og áhættuþætti. Vextir eru í lágmarki, höfuðstóll miðast aðeins við lágmarkstryggingu, engin ríkisábyrgð kemur til fyrr en þrotabú Landsbankans hefur gengið upp í skuldbindingar Tryggingasjóðsins, efnahagslegir og lagalegir fyrirvarar vegna stóráfalla eru til staðar og greiðslutími bæði vaxta og uppgjörs er miðað við þarfir og getu Íslands. Fari málið fyrir dómstóla eru allir þessir þættir úr höndum okkar Íslendinga svo óvissan um endanlegan kostnað og kjör er margfalt meiri. Íslendingar eiga að meta eigin hagsmuni og taka þá ákvörðun sem er skynsamlegust fyrir hagsmuni efnahags- og atvinnulífs til skemmri og lengri tíma. Við þær aðstæður þarf að vega og meta kostnað og áhættu af fyrirliggjandi samningi á móti áhættu og mögulegum kostnaði við áframhaldandi átök og dómsmál. Það er ekki tilviljun að aukinn meirihluti þingmanna og þeir sérfræðingar sem unnu sleitulaust að lausn á þverpólitískum grunni mæla eindregið með samningum frekar en dómstólaleið.

> Seðlabanki Íslands telur að nei í þjóðaratkvæði um Icesave þýði veikara gengi, lægri kaupmátt og meiri verðbólgu.

# Kveðjum NATO

NATO

Jóhann Páll Jóhannsson
nemandi við MR



Á árinu sem nú er gengið í garð munu 266 milljónir renna úr vösum íslenskra skattgreiðenda til hernaðarsambandsins NATO. Um leið verður heilbrigðis- og menntakerfið fyrir harkalegri niðurskurði en nokkru sinni fyrr. Þegar hernaðarsinnar verja aðild Íslands að NATO vísa þeir jafnan til þess hve landið er afskekkt og óvarið og benda á mikilvægi vestrænnar samvinnu. Slík rök hrökkva þó skammt.

Í fyrsta lagi er erfitt að sjá hvaða hernaðarógnir steðja að Íslandi. Í öðru lagi raskar NATO-aðildin hlutleysi landsins og gerir Ísland að skotmarki fyrir óvini hernaðarsambandsins. Í þriðja lagi er vart hægt að hugsa sér verri félagsskap en stríðsherra Atlantshafsbandalagsins. Raunar er NATO ein ljótasta birtingarmynd vestrænnar samvinnu. Bandaríkin, herskáasta stríðsveldi nútímans, fara með herstjórn í bandalaginu og sjá því að mestu leyti fyrir hernaðarmætti og fjármagni.

Á seinni tímum virðist NATO hafa breyst í verkfæri bandarískra stríðsmangara, eins konar vopnabúr til að leita í þegar heimsvaldahagsmunir krefjast. Aðeins er liðinn rúmur áratugur frá hinum ólöglegu loftárásum í Júgóslavíu þar sem hersveitir NATO sprengdu á fjórða hundrað opinberra bygginga í loft upp, þar á meðal leikskóla og sjúkrahús.

Nærtækara dæmi er aðstoð bandalagsins við olíuþyrst hernámsöflin í Afganistan og Írak auk dyggilegs stuðnings þess við Ísraelsher. Síðast en ekki síst hefur hernaðarsambandið ítrekað beitt sér gegn kjarnorkuafvopnun og staðið fyrir gegndarlausu hernaðarbrölti og vígvæðingu á láði og legi. Það að íslensk stjórnvöld skuli ausa milljónum í útlenska fjöldamorðingja á meðan spítalar landsins verða fyrir blóðugum niðurskurði er til háborinnar skammar.

Ég hvet ráðamenn til að hafna hernaðarhyggjunni, slíta aðildinni að NATO og stuðla að friðsælli heimi.






# Vaðlaheiðarvegavinna



Stjórnmál
Mörður Árnason
alþingismaður Samfylkingarinnar

Það er ekkert skrýtið að gera góðlátlegt grín þegar þingmaður spyr ráðherra um það á Alþingi hvað gerist eftir mörg ár í Vaðlaheiðargöngum þegar eftir mörg ár verður ófært um Víkurskarð – og grínið um þessa fyrirspurn mína hér í blaðinu í gær var hreint ágætt.

Samt er spurningin góð.

Miklar efasemdir eru uppi um að Vaðlaheiðargöngin standi undir sér, og margir – fremst í flokki FÍB – halda að þegar til stykkisins kemur verði sótt í almannasjóði það sem út af stendur í þessu reikningsdæmi. Svo sem í ljósi fréttanna af fjárhagslegri niðurstöðu Héðinsfjarðarframkvæmda.

Forsvarsmenn gangagerðarinnar vísa þessu á bug. Þetta sé einkaframkvæmd á viðskiptaforsendum. Engin einokun af því fólk getur alltaf farið hina leiðina – um Víkurskarð – en viðskiptavinirnir sjái til þess að göngin standi undir sér: Ef umferð samkvæmt áætlun dugir ekki – þá bara rukkum við bara einn áratug í viðbót.

Grundvöllur þessarar röksemdafærslu er sá að um raunverulegt einkamál sé að ræða – að ökumenn hafi sífellt val um að borga göngin eða fara Skarðið ókeypis (les: fyrir venjulegt skattfé) – nema þá þennan hálfa annan dag á vetri sem nú er að jafnaði ófært um Víkurskarð.

> Grínið um þessa fyrirspurn mína hér í blaðinu í gær var hreint ágætt. Samt er spurningin góð.

Það er Vegagerðin sem sér um að halda opnum erfiðum vegum, og tekur hverju sinni ákvörðun um þær framkvæmdir, meðal annars um mokstur í Víkurskarði. Það er líka Vegagerðin sem fyrir hönd ríkisins er ráðandi hluthafi í Vaðlaheiðargöngum hf. Vegagerðin verður þess vegna fyrir hönd ríkisins í þeirri sérkennilegu stöðu í vondum veðrum að taka ákvörðun um að borga mokstur til að standa í samkeppni við sjálfa sig.

Þess vegna er spurt.

# Hvatt til ofníðslu á gróðurleifum landsins



Líf og land
Herdís Þorvaldsdóttir
leikkona og fyrrv. formaður Lífs og lands

Þrátt fyrir gríðarlega offramleiðslu á kindakjöti í áratugi með óhemju kostnaði fyrir ríkissjóð (okkur skattgreiðendur), að ekki sé talað um skaðsemi þessarar ofbeitar á landinu, voga menn sér að hvetja til meiri framleiðslu sauðfjárafurða. Aðalástæðan er sú að í fyrsta sinn þarf ekki að borga með útflutningi á kjötinu, sem annars væri urðað, vegna gengisfalls krónunnar. Eitthvað af gjaldeyri kemur inn, en er ekki kostnaðurinn af þessari framleiðslu meiri en fæst fyrir hana. Ekki hefur verið hægt að fá áætlaðar tölur um kostnað við framleiðslu á útflutningskjötinu í t.d. kílóavís, en skemmdirnar á landinu kosta sitt og hver borgar þær?

Eitthvað af gróðri þarf í hverja skepnu sem fer lítið lamb á afrétt og kemur næstum fullvaxin kind að hausti, og þessi 1000 tonn af offramleiðslukjöti eru af milli 400.000 og 500.000 skepnum sem nöguðu landið allt sumarið til að lenda í maga útlendinga á kostnað skemmda landsins okkar. Og hverjir græða? Bændur, fyrir að framleiða eitthvað sem ríkið er þegar eru búið að greiða þeim fyrir? Einu sem græða að ráði eru milliliðirnir. Ómetanlegt tapið af þessari rányrkju er okkar allra hinna sem ekki erum með sauðfé í formi hærri skatta og landauðnar.

Síðasti sauðfjársamningur til sex ára heimilaði 16.000.000.000 úr ríkissjóði auk einhverja milljóna í aðra styrki t.d. til nýliðunar í greininni. Á beit í sumar voru 1.300.000 fjár og kjötbirgðirnar í haust voru 3.000 tonn, af þeim um 1.000 offramleiðsla, hugsanlega jafnvel meiri því innanlandsneyslan hefur verið í lágmarki undanfarin ár.

Af hverju viðgengst þvílík skemmdarstarfsemi á landinu, af litlum hagsmunahóp? Mætti segja að þetta sé tímaskekkja? Er ekki kominn tími til að taka í taumana og breyta þessum búskaparháttum, landinu í vil. Unga fólk, þið sem fáið skaðann af þessari landníðslu í arf, er ykkur sama!? Hugsið málið og lítið í kringum ykkur á leiðinni í næstu útilegu.

Bestun Birtingahús
TRX Spinning
Átak konur
Peak Pilates
World Class ICELAND

# Heilagra manna sögur



Icesave
Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Mig rak í rogastans þegar ég las greinarstúf eftir nokkra þekkta lögmenn sem skírskotuðu til þess í málflutningi sínum að það væri „helgur réttur“ okkar að láta reyna á það til hins ítrasta, hvort okkur bæri að greiða Icesave (Fréttablaðið 19. mars sl.). Þegar rök þrjóta og lögmenn þurfa að grípa til trúarlegra orðtaka til að réttlæta málstað sinn, þá er kominn tími til að staldra við.

Notkun hugtaka úr trúarbrögðum í pólitískri orðræðu ber ekki bara vott um rökþurrð heldur einnig að viðkomandi vilji færa umræðuna yfir á hugmyndaheim trúarbragða, þar sem trúarsetningar koma í staðinn fyrir rök.

Þjóðfélagsumræðan fer ekki lengur fram á veraldlegum rökum heldur trúarlegum. Menn flytja umræðuna aftur fyrir öld upplýsingarinnar. Þar sem rök verða ekki færð fyrir því, hvað eru helg réttindi að hvaða réttindi eru óhelg, nýta menn gjarnan orðið helgur til að koma málstað sínum á ósnertanlegan stall. Sá sem vefengir eða afneitar helgum rétti er drottinsvikari. Mestu hryðjuverk nútímans eru framkvæmd í nafni helgra dóma eða heilags réttar. Meira þarf ekki til. Það réttlætir allt, jafnvel hungur, þjáningar og dauða. Ítrustu kröfur eru orðnar að helgum rétti. Í okkar tilfelli einnig að mestri áhættu. Útrásarvíkingarnir svokölluðu tóku alltaf stærstu áhætturnar. Þeir komu okkur á vonarvöl.

> Menn flytja umræðuna aftur fyrir öld upplýsingarinnar.

Í afar góðum útvarpsþætti nú á sunnudagsmorgni sagði Jónas Jónasson frá heimsókn sinni og viðtali við írskan rithöfund í miðri borgarastyrjöld á Norður-Írlandi. Samtal þeirra barst að átökunum og hvað þyrfti til að þeim lyki. Þá sagði sá írski efnislega eitthvað á þessa leið: Sennilega þurfum við að þjást meira og lengur. Kannski þurfa mæður að bera sundurskotna syni sína á tröppur þinghússins til að stjórnmálamenn átti sig á því að gera þarf málamiðlanir og semja.

Siðaðir menn semja, hinir slást.

# Óútfyllt ávísun afstýrir uppgjöri



Icesave
Sigurjón Þórðarson
formaður Frjálslynda flokksins

> Íslendingar eiga að afþakka það kinnroðalaust að taka á sig skuldir fjárglæframanna

Hrunið er bein afleiðing af samkrulli spilltrar stjórnmálastéttar og fjárglæframannanna í útrásarbönkunum. Almenningur hefur orðið vitni að því að furðu lítið hefur breyst í íslensku samfélagi á þeim rúmu tveimur árum sem liðin eru frá hruni nema, jú, að lífskjör almennings eru stórskert. Enn eru sömu aðilar á ferðinni í viðskiptalífinu, og sömu kerfin og hagsmunabandalögin halda saman sem áður. Skýringarnar á þessari stöðnun eru þær að fjórflokkurinn sigraði í síðustu alþingiskosningum og fékk 59 sæti gegn fjórum.

Sameiginlegir hagsmunir stjórnmálamanna og fjárglæframannanna hafa farið saman um að forðast hreinskiptið uppgjör og gera raunverulegar breytingar á íslensku samfélagi. Ógöngurnar sem Icesave-málið hefur ítrekað ratað í eru angi af þessu getu- og viljaleysi stjórnvalda til að verja hagsmuni íslensks almennings, enda hafa þau óhreint mjöl í pokahorninu. Á síðustu misserum hefur stór meirihluti Alþingis, svo undarlegt sem það er, miklu frekar verið harður málsvari þess að íslenskir skattgreiðendur beri einir alla ábyrgð og áhættu af Icesave-málinu í stað þess að halda á lofti málstað íslenskra skattgreiðenda. Icesave-málið er bein afleiðing af gölluðu innistæðutryggingakerfi og óvönduðu eftirliti með glæfralegu fjármálakerfi sem búið var að vara við um árabil. Ósanngjarnt er að íslenskir skattgreiðendur séu einir látnir sitja uppi með að tryggja tjón vegna kerfisins og endurgreiða fjármuni sem aldrei rötuðu til landsins. Miklu nær væri að Evrópusambandið hefði forgöngu um að tjóninu væri að einhverju leyti skipt af sanngirni í stað þess að beita Íslendinga þrýstingi og jafnvel síendurteknum hótunum.

Svo rammt hefur kveðið að þessum róðri innanlands gegn hagsmunum Íslands í Icesave-málinu að margir standa í þeirri trú að sú aðgerð stjórnvalda að tryggja innistæður í bönkum á Íslandi hafi að einhverju leyti skaðað þá sem áttu fjármuni inni á Icesave-reikningum Landsbankans. Þessu er algerlega öfugt farið þar sem Bretar fá mörg hundruð milljörðum króna hærri upphæð endurgreidda en ef Íslendingar hefðu látið hjá líða að setja umdeild neyðarlög sem deilt er um, þ.e. á sjöunda hundrað milljarða króna í stað þess að fá á tólfta hundrað milljarða króna. Íslendingar hafa því gert vel við Breta í umræddu uppgjörsmáli sem snýst um fjármuni sem eins og áður segir runnu að öllum líkindum ekki frá Bretlandseyjum og skiluðu sér ekki hingað til landsins.

Efnahagsörðugleikar Íslands eru miklir og víst er að samþykkt Icesave verður til þess að óréttlátar og ólögvarðar skuldbindingar sem enginn veit hvað verða háar verða að kröfum á hendur komandi kynslóðum sem hægt verður að innheimta.

Íslendingar eiga að afþakka það kinnroðalaust að taka á sig skuldir fjárglæframanna þann 9. apríl nk. þó svo að stjórnmálamenn sem hafa meira og minna verið á spillingarjötunni forðist umfram allt heiðarlegt uppgjör við hrunið.

# Upphafin sýning og ritskoðun



Listsýningar
Inga Jónsdóttir
safnstjóri Listasafns Árnesinga

Vegna ásakana um að Listasafn Árnesinga hafi ritskoðað sýningu sem setja átti upp í safninu og beitt þöggun á viðfangsefnið er rétt að eftirfarandi komi fram. Safnið réð Hannes Lárusson sem sýningarstjóra að sýningu þar sem skoða átti m.a. ákveðinn hluta safneignar. Af sýningunni varð ekki vegna samstarfsörðugleika sem náðist ekki að leysa tímanlega.

Inntak sýningarinnar breyttist í meðförum sýningarstjóra og tveggja aðstoðarmanna sem hann fékk til liðs við sig. Listasafn Árnesinga úthlutar ekki sölum til afnota, en velur sýningar og viðfangsefni og ber ábyrgð á starfseminni. Ég gerði ekki athugasemdir við breytt inntak og fannst áhugavert að taka inn í safnið sýningu þar sem umræðuefni samfélagsins væri tekið fyrir; birtingarmyndir góðæris og hruns. Þarna kann ég hafa brugðist fyrir hönd safnsins að hvarfla frá settri stefnu því brátt kom í ljós að sýningarstjóri gerði ekki greinarmun á hlutverkunum sýningarstjóri og listamaður sem þátttakandi í sýningunni. Hann virtist virkari sem listamaður ásamt samstarfsmönnunum tveimur og safninu var haldið frá hugmyndavinnu, útgjaldahlið, sýningarskrá og boðskorti. Segja má að rödd safnsins hafi þar verið þögguð, ef eitthvað var þaggað. Þegar ég gerði athugasemdir við framkvæmdir þá völdu þau að líta á það sem höfnun á sýningunni og ekki tilbúin að endurskoða þá afstöðu.

> Sýning fæddist engu að síður og hófst í fjölmiðlum og umræðunni. Þar hafa höfundarnir náð að baða sig ljósi

Það er eftirsóknarvert og áhugavert að láta reyna á þanþol marka innan og utan við menningarstofnanir og það gera listamenn gjarnan. Slíkar tilraunir held ég að verði að eiga sér stað í samræðu við stofnanirnar og þá sem þar starfa. Annars er hætta á að til verði misskilningur sem festir eldri mörk í sessi í stað þess að frjósöm umbreyting geti átt sér stað.

Ein ástæða þess að ásökunum var ekki svarað fyrr, er sú að 17. nóvember sl. barst safninu afsökunarbréf frá Hannesi og aðstoðarmönnunum. Ég valdi að líta á það sem heiðarleg samskipti, en þar segir m.a.:

„Í samskiptum okkar við starfsmann Listasafns Árnesinga fórum við yfir strikið í kröfum og væntingum, sama á við um samskipti við listamenn og aðra hlutaðeigandi innan sem utan listaheimsins. Fljótfærni var af okkar hálfu að fara með þetta viðkvæma mál í fjölmiðla án þess að ráðfæra okkur við viðeigandi fagmenn og vega þar jafnvel að starfsheiðri fólks sem unnið hefur í þágu listamanna árum saman.“

Það er miður að samstarf náðist ekki, en sýning fæddist engu að síður og hófst í fjölmiðlum og umræðunni. Þar hafa höfundarnir náð að baða sig ljósi og upphefja sýninguna á kostnað safnsins.


4BLS BÆKLINGUR
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Til páska fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3% lántökugjald og 250kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
LACIE
minimus
ULTRA-COMPACT HARD DRIVE
2 TB
USB 3.0
2TB
LaCie Minimus USB3.0 flakkari, meiri hraði og sá minnsti sinnar tegundar
19.900
1TB
LaCie Minimus USB3.0 flakkari, meiri hraði og minnsti sinnar tegundar
14.900
SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND
LACIE
8GB MINNISLYKILL
Minnislykill sem er svo örsmár að þú þarft að passa þig að týna honum ekki
4.990
4GB 2.990 • 16GB 9.990
SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND
LACIE
3 LITIR
500GB FLAKKARI
Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari með innbyggðri USB snúru, fæst í silfur, bláum eða rauðum lit
12.900
320GB 9.990 • 1TB 19.900
HVERGI BETRA VERÐ
LACIE
1.5TB FLAKKARI
Stórglæsilegur hágæða USB2 flakkari frá LaCie, sparar orku og slekkur á sér sjálfur
14.900
HANNAÐUR AF NEIL POULTON
31. MARS 2011 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
GLÆSILEGAR VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI
Undirhlíð 2 Akureyri




## GIGABYTE
**EXTRA TILBOÐ 4**

- GIGABYTE EXTRA hljóðlátur turn
- Athlon II X2 Dual Core 250 3.0GHz
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 1TB SATA2 7200RPM 32MB diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD5450 DX11 skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**99.900**
LEIKJATURN Á ÓTRÚLEGU VERÐI




## HP All-in-One
**20" BORÐTÖLVA**

- Intel Atom D410 1.66GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 160GB SATA2 7200RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 20" HD Plus 16:9 1600x900 skjár
- 256MB Intel GMA 3150 skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Windows 7 Home Premium 32 BIT

**69.900**
ÓTRÚLEGT VERÐ Á 20" BORÐTÖLVU




ARGOSY




## HV335T
**FULL HD MEDIA PLAYER**

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb.netkorti
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- USB, LAN, RCA, RGB, ljósleiðari ofl.
- HDMI tengi og HDMI 1.3 kapall fylgir

**19.900**
ARGOSY MEDIA PLAYER




## GIGABYTE
**DELUXE TÖLVUTILBOÐ 3**

Öflugur leikjaturn með öllu því nýjasta í dag eins og SATA3 disk, USB3 tengi og 3D Vision Ready GTX550Ti leikjaskjákorti.

- GIGABYTE LUXO X140 leikjaturn
- Phenom II Quad Core 840 3.2GHz
- GIGABYTE 870A-UD3 móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 2TB SATA3 64MB Seagate diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB GTX550Ti DX11 3D Vision Ready
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**149.900**
ÁN EFA FERMINGARVÉLIN Í ÁR




## GIGABYTE
**UPPFÆRSLA 2**

- Athlon II X2 Dual Core 250 3.0GHz
- GIGABYTE 78LMT móðurborð
- 2GB DDR3 1333MHz hágæða minni
- 512MB ATI Radeon HD3000 skjást.
- 5.1 HD Home Theater hljóðstýring
- GB LAN, 10xUSB2, SATA2 RAID, ofl.

**27.900**
ÖRUGG UPPFÆRSLA




## ÞRÁÐLAUST SETT
Hágæða þráðlaust Media lyklaborð og mús frá Logitech með ábrenndu íslensku letri

**6.990**
LOGITECH MK320 LYKLABORÐ&MÚS




## SATA3
**2TB DISKUR**

- 2TB Seagate SATA3 harðdiskur
- Barracuda Green SATA3 6GB/s
- NCQ hraðatækni fyrir meiri hraða
- 5900RPM sparnaðarhamur
- 64MB cache fyrir meira öryggi
- Mjög hljóðlát Green tækni

**16.900**
500GB 7.990 | 1TB 12.900



## RS120
**ÞRÁÐLAUS**

Hágæða þráðlaus heyrnartól með innbyggðum NiMH hleðslurafhlöðum ásamt hleðslustöð. Supra Aural tækni tryggir hljómgæðin

**9.990**
SENNHEISER HEYRNARTÓL




## X-DOCK
**iPOD KERFI**

- Þráðlaus X-Dock dokka fyrir iPod
- X-Fi þráðlaus móttakari fylgir
- Sendir tónlist þráðlaust
- Tengist í stafrænt heimabíó tengi
- Spilar iPod myndir beint í sjónvarp
- Tengist í USB á heimilistölvunni
- Hægt að fá auka móttökutæki

**16.900**
ÞRÁÐLAUS DOKKA OG MÓTTÖKUTÆKI

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



**Tískuhúsið Dior** mun að öllum líkindum ekki tilkynna eftirmann Johns Galliano fyrr en á haustdögum. Ástæðurnar eru nokkrar. Samningi við Galliano hefur ekki verið formlega rift vegna lagaflækja og þá standa eigendur Dior í kostnaðarsamri yfirtöku á ítalska skartgripafyrirtækinu Bulgari. Því gefst lítill tími til að pæla í nýjum tískuhönnuði.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

NÝR LITUR FYRIR VORIÐ



teg. 81103 - létt fylltur í BC skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,--

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg



**Betra loft**
betri líðan

**Airfree lofthreinsitækið**

- Eyðir frjókornum og svifryki
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og gæludýraflösu
- Er hljóðlaust og sjálfhreinsandi

Hæð aðeins 27 cm

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • **www.eirberg.is**



VORUM AÐ TAKA UPP STÓRA SENDINGU AF KJÓLUM OG BOLERO JÖKKUM Í FALLEGUM LITUM

STÆRÐIR 36-52

hjá Hafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Hildur Yeoman sýnir á sér nýjar hliðar með fatalínu sinni á Reykjavík Fashion Festival 2011.

# Mannsins myrka hlið

Hljótt hefur verið um hönnuðinn Hildi Yeoman að undanförnu. Hún hefur enda verið önnum kafin við hönnun nýrrar fatalínu sem frumsýnd verður á Reykjavík Fashion Festival, RFF, í Hafnarhúsinu næstkomandi laugardag.

„Þetta er alveg splunkuný lína, sem ég er búin að leggja ótrúlega mikla vinnu í. Mikið um útsaum

;TÍSKA | 4



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Fermingartilboð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

**Gerið GÆÐA- og verðsamanburð**





10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

**SAGA**

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
| --- | --- | --- |
| 120x200 | 131.880 kr. | 109.900 kr. |

**IQ-CARE**

| Stærð | Verð |
| --- | --- |
| 120x200 | 164.900 kr. |

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Söngkonan Lily Allen** og systir hennar Sarah Owen, opnuðu nýlega eigin fataverslun í London sem ber nafnið Lucy in Disguise. Nú hafa þær bætt um betur og í júní fer í sölu ný fatalína þeirra systra sem byggir á kjólum í gömlum stíl.


Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics



Plokkari með ljósi



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR



Flottir skór á fínu verði



11.995 kr



11.995 kr



11.995 kr



9.995 kr
Litir. Gráir og svartir



15.995 kr



13.995 kr

EUROSKO
SKÓHÖLLIN
Firði Hafnarfirði S: 555-4420



Full búð af nýjum vörum



MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is








Jakkar frá Live&Love sem eru að hluta úr laxaroði frá Sjávarleðri.

# Tískuhús vilja *íslenskt roð*

**Fyrirtækið Sjávarleður á Sauðarkróki er í örum vexti. Starfsmönnum hefur fjölgað um meira en helming til að anna eftirspurn frá útlöndum. Heimsþekkt tískuhús og -hönnuðir eru á meðal stærstu viðskiptavina.**

Fyrirtækið Sjávarleður hf. á Sauðárkróki hefur um nokkurra ára skeið sérhæft sig í framleiðslu á roði fyrir alþjóðamarkað. Á undanförnum mánuðum hefur hlaupið mikill vöxtur í starfsemi fyrirtækisins sem hefur í kjölfarið þurft að breyta húsnæði sínu og fjölga starfsmönnum um meira en helming.

„Það hefur orðið í kringum 85 prósenta aukning í framleiðslu þessa fyrstu þrjá mánuði ársins ef miðað er við sama tíma í fyrra, þar sem eftirspurnin erlendis hefur stóraukist. Í kjölfarið höfum við fjölgað starfsfólki úr tólf í þrjátíu í húsi,“ segir María Kristín Magnúsdóttir, markaðs- og sölustjóri hjá Sjávarleðri, og getur þess að með þessu áframhaldi þurfi að bæta við enn fleira starfsfólki.



María Kristín Magnúsdóttir hjá Sjávarleðri.

Sjávarleður er fjölskyldufyrirtæki í eigu hjónanna Sigríðar Káradóttur og Gunnsteins Björnssonar sem stofnuðu það árið 1995. Eftir að fyrirtækið hóf útflutning fyrir nokkrum árum hafa mörg af þekktustu tískuhúsum og -hönnuðum heims sóst eftir afurðum þess; Louis Vuitton, Dior, Jimmy Choo og Hugo Boss þar á meðal og síðast Sigerson Morrison, Brian Atwood og Kelly Locke.

„Locke sendi fyrir skemmstu frá sér nýjar töskur í takmörkuðu upplagi að hluta unnar úr afurðum Sjávarleðurs, sem ýmsar erlendar stórstjörnur hafa skartað, Emma Roberts, Sara Hyland, Michelle Rodriquez, Halle Berry og fleiri.“ María hefur ekki tölu á þeim öllum en segir standa til að reisa frægðarvegg með myndum af þeim og vörunum í sumar í Gestastofu Sútarans, þar sem gestum og gangandi gefst að auki kostur á að kynnast verksmiðju fyrirtækisins. „Vonandi komum við bara öllum fyrir,“ segir hún og hlær.

María segir þetta góða gengi vissulega mikið ánægjuefni. „Ég tek þó fram að þetta er mikil tarnavinna hjá okkur, oft vitum við ekki hvernig landið liggur nema nokkrar vikur fram í tímann,“ bendir hún á en bætir við að framtíðin sé engu að síður björt. *roald@frettabladid.is*



Sigerson Morrison eru nýbúnir að senda frá sér skólínu, sem er búin til úr strútsskinni frá Sjávarleðri.



Sara Hyland, úr Modern Family, með veski frá Kelly Locke.

Emma Roberts með veski frá Kelly Locke.

# *Endurunnin tíska*

**Ecofashion 2011 var yfirskrift sérstæðrar tískusýningu í Kólumbíu.**

Á svipuðum tíma og fólk slökkti á ljósum sínum í tilefni jarðartímans, „Earth Hour“, var haldin tískusýning í Cali í Kólumbíu. Tískusýningin kallaðist Ecofashion og var haldin 26. mars. Þar voru sýndar flíkur, búnar til úr endurunnum efnum á borð við pappír, tappa og plast. Tilgangur sýningarinnar var að minna fólk á umhverfisvernd.



Brúðarkjóll úr endurunnu efni.



Gömul tímarit og filmur má nýta í ýmislegt, til dæmis glæsilega kjóla.

**Belladonna**
Skeifunni 8



Taska
verð 6.900 kr.



verð 2.900 kr

Töskuhankar á borð
verð 2.500 kr.

**Aþena**
Skútuvogi 1G
Glæsilegar sokkabuxur margar gerðir kíktu inn á gabriella.is
verð 2.245 kr.



Sendum fríán vörulista um allt land

# Ómissandi fyrir vorið...

**Drangey**
Smáralind



Eternel
Ljósgrá hliðarpoki
verð 10.900 kr.



Puccini
Svört hliðartaska
verð 11.900 kr.

**Möst c**
Suðurlandsbraut 50
20% afsláttur af veskjum og skóm.



Hálsmen
verð 4.200 kr.



Belti
verð 3.900 kr.



Skór
verð 6.900 kr.



Taska
verð 12.900 kr.

KYNNING

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500


BASLER
Ný sending
af sparilegum fatnaði. Tilvalið í brúðkaup, Útskriftir og aðrar stórveislur.
Parísar TÍZKAN
Tízkuhús, stofnsett 1963
Skipholti 29b • S. 551 0770

ALLT HELGIN
Laugardaga
Sölufulltrúi:
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!
ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir. vísir

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Dansaðu þig í fantaform!
ZUMBA
á Nordica Spa
Ný námskeið hefjast 5. apríl
» Mikil fitubrennsla – eykur þol og styrk
» Latin-tónlist (salsa, cumbia, merengue, raggaeton o.fl.)
» Auðveld spor fyrir allan aldur
4 vikna námskeið
5 ZUMBA-tímar á viku
2 fastir tímar + 3 opnir tímar
• Byrjendanámskeið
• Framhaldsnámskeið
Kennarar: Anna Claessen og Marta Gígja, alþjóðlegir Zumbakennarar

Handklæði og herðanudd í pottunum!
Skráðu þig strax í síma 444 5090
NORDICASPA
www.nordicaspa.is



Claude Defresne, förðunarkennari frá Clarins, farðar Maren Kjartansdóttur. Hann segir líflega liti á augun, ásamt glansandi varaglossi, vera málið í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Útgeislun tryggir fegurð

**Líflegir litir á borð við túrkísbláan og myntu verða áberandi í sumar að sögn hins franska Claude Defresne. Hann er förðunarþjálfari hjá Clarins og leggur þessa dagana línurnar fyrir sumarið fram undan.**

Claude Defresne, aðalförðunarþjálfari hjá franska snyrtivöruframleiðandanum Clarins, er staddur hér á landi þessa dagana til að leggja línurnar fyrir förðun sumarsins með starfsfólki Clarins á Íslandi. Claude hefur síðustu tólf ár haft yfirumsjón með þjálfun starfsfólks fyrirtækisins í fimmtán löndum, þar á meðal á Norðurlöndunum.

„Sumarið 2010 var áherslan á gullið yfirbragð og ljóma húðarinnar. Fyrir sumarið 2011 leggjum við áherslu á augun og á vatnsheldan farða sem endist lengi, hvort sem farið er í sund eða út að dansa," segir Claude. „Áferðin er öll ferskari á sumrin og litirnir líflegir. Túrkisblár og mynta verða til dæmis áberandi litir í sumar svo og glansandi varagloss. Á kinnbeinin fara mjúkir ferskjulitir sem einnig má nota á augun, bæði mattir og sanseraðir tónar sem nota má í bland til að móta andlitið."

Claude segir vöruþróun fyrirtækisins snúast að miklu leyti um hvernig birta og lýsing virka á línur í andlitinu. Hrukkur hverfi í beinni lýsingu en sjáist í skugga. „Instant Light-complexion Perfector-kremið inniheldur púður sem nýtir birtuna til hins ýtrasta svo hrukkurnar hverfa, jafnvel í lítilli birtu," segir Claude. „Kremið má nota eitt og sér og nóg að nota létt Blush Prodige Soft í ferskjulit á kinnbein og augu til að fá ferska sumarförðun, eða Multi-Blush í apríkósulit, sem nota má á varir, kinnbein og augu."

Snyrtivörufyrirtæki heims sækja í hugmyndabanka sem byggður er á öllu því nýjasta í tækni, efnum, textíl og litum, um allan heim. Tíma tekur að þróa vörurnar, framleiða þær og markaðssetja og því er löngu ljóst hvað verður í tísku næstu tvö til þrjú árin. Claude lætur hins vegar ekki toga það upp úr sér. „Eins mikið og mig langar til þess þá má ég ekki gefa neitt upp, ekki einu sinni um litaspjaldið fyrir haustið 2011," segir hann hlæjandi. „Ég get hins vegar lofað að hún verður fjölbreytt bæði í lit og áferð og að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi."

Að lokum er ekki hægt að sleppa Claude án þess að fá hjá honum eitt skothelt fegrunarráð. „Farði getur gert ótrúlega hluti fyrir útlitið. Í grunninn snýst fegurð þó um útgeislun, að vera maður sjálfur og láta ekki á sig fá hvað öðrum finnst."

*heida@frettabladid.is*



Claude Defresne förðunarkennari frá Clarins kennir starfsfólki Clarins handtökin við sumarförðun fyrirsætan heitir Maren Kjartansdóttir



Hildur er þekkt fyrir skemmtilega fylgihluti og þeir verða á sínum stað á RFF.



Hildur sótti innblástur úr óvæntri átt þegar hún hannaði nýjustu fatalínu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framhald af forsíðu

og prent þannig að línan samanstendur frekar af sýningargripum en flíkum sem henta í fjöldaframleiðslu. Það yrðu örlítið einfaldari útfærslur," útskýrir Hildur en um fjórtán alklæðnaði er að ræða sem bera skýr merki hönnuðarins, bæði töfrandi og fallegir en jafnframt dekkri en áður.

„Já, ég vildi prófa eitthvað annað, þróa hugmyndir mínar áfram. Því ákvað ég að sækja innblástur úr allt annarri átt, þar á meðal í stelpnarokkbönd og raðmorðingja." Blaðamaður rekur upp stór augu. Raðmorðingja? „Já, þar var Mallory Knox, persóna Juliette Lewis úr kvikmyndinni Natural Born Killers, mín helsta andagift."

Hildur er helst þekkt fyrir gáskalega fylgihluti og lofar að þeir verði á sínum stað. „Þarna verða hálsmen sem er þó varla réttnefni þar sem þau vefjast um allan líkamann, töskur og aðrir aukahlutir sem bjóða upp á ýmsa útfærslumöguleika, eða allt eftir því í hvernig skapi eigandinn er," segir hún.

Annríki Hildar er þó engan veginn lokið, því stefnan er sett á Nordic Fashion Biennale í Seattle í haust auk þess sem tvær hágæða verslanir í London hafa tekið hönnun hennar í sölu. „Önnur heitir Labour of Love, er í Angel Islington hverfinu og þar verð ég innan um Marc Jacobs, Eley Kishimoto og fleiri snillinga." Fleira spennandi er á döfinni, sem Hildur telur þó ekki tímabært að ræða um að sinni.

*roald@frettabladid.is*

# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • MARS 2011

# STEINDI SNÝR AFTUR




Vertu með á Akureyri 7.-10. apríl.

LIVEPROJECT.IS

AK EXTREME á Liveproject.
Hægt verður að senda vídeó/mynd á liveproject.is/akextreme

Söngkeppni framhaldsskólanna

Skannaðu hérna

Barcode Scanner

til að sækja

Vertu með Netið í símanum.

300 MB fyrir aðeins 490 kr. á mánuði og 0 kr. á netið alla miðvikudaga í apríl.*

*0 kr. á miðvikudögum – gildir um allt niðurhal í farsíma á Íslandi, 100 MB yfir daginn.

ring

www.facebook.com/ringjarar www.ring.is / m.ring.is VERTU MEÐ

ENNEMM / SÍA / NM46046





**SKELLTU ÞÉR...**

...til Akureyrar helgina 7. til 10. apríl. Snjóbrettaviðburðurinn AK Extreme fer þar fram og brettaundrin Gulli Guðmundsson, Eiki Helgason og Halldór Helgason mæta á svæðið. Þá fer fram Söngkeppni framhaldsskólanna, sem er alltaf jafn spennandi.



# LIFÐU AF Í APRÍL

MUGISON ER LOKSINS TILBÚINN MEÐ MIRSTRUMENT-HLJÓÐFÆRIÐ SITT

# HLJÓÐVERKSMIÐJA ÁN HLIÐSTÆÐU

Hið stórfurðulega hljóðfæri tónlistarmannsins Mugisons og vöruhönnuðarins Páls Einarssonar, Mirstrument, er loksins tilbúið ef undan er skilin reykvél sem stendur til tengja við það síðar. Græjan, sem hefur verið mörg ár í undirbúningi, er allt í senn, hljóðfæri, hljóðnemi, gítarmagnari, hljóðblandari, ljósabúnaður og ýmislegt fleira. Popp kynnti sér Mirstrumentið frá toppi til táar.



RAUÐUR TAKKI: Hann vistar allt draslið og ég er með hlíf yfir honum sem verndar hann.

ANNAÐ FRÁ VINSTRI: Þetta er effekta bankinn minn. Hver takki er í rauninni effekt, hvort sem það er fyrir rödd, gítar eða græjuna sjálfa.

HINN RAUÐI TAKKINN: Þetta er panic-takkinn. Ef allt fer í rugl get ég ýtt á hann, þá reynir tölvan að vinna úr ruglinu.

LJÓS: Þetta eru sex ljós í öllum litum.

HLJÓÐNEMASTANDUR.

UPPI LENGST TIL VINSTRI: Þetta er mixer sem maður hefur aðgang að með höndunum. Þarna eru öll sándin á 12X6 rásum.

LENGST TIL HÆGRI: Þetta er líka til að stjórna effektunum. Ég nota þetta líka sem ljósamixer. Til dæmis ef ég er að spila á kassagítar get ég fiktað í þessu og búið til kósý stemningu.

FYRIR MIÐJU: Þetta eru 160 takkar og virka eins og þrjú lyklaborð. Þetta er kerfi sem maður að nafni Peter Davies þróaði fyrir nokkrum áratugum. Maður spilar á þetta nokkuð svipað og á harmóníku en þarna er búið að einfalda það kerfi. Þetta virkar ekki ósvipað og að spila á gítar og þarna geturðu náð hljómi með einum putta.

VIÐ HLIÐINA: Þetta er hugsað sem skyndimixer eins og Dj-mixer. Þarna hefur maður snöggt aðgengi að því helsta.

STANGIR: Við komum þeim ekki inn í græjuna. Þetta eru pitchbend (eins og að teygja streng) og modwheel, bæði fyrir hljóðfærið.

BLÁTT STÓRT SVÆÐI: Inni í þessu er hinn eiginlegi mixer. Þarna er líka græja sem sendir skipanir í ljósakerfið.

TÖLVUHAUS: Það var gaur í Belgíu, Xander, sem smíðaði þetta í bílskúrnum sínum. Við notuðum hausinn til að geta forritað alla þessa takka. Þarna er lítill skjár þar sem ég get séð í hvaða lögum ég er að vinna.

TAKKAR: Í staðinn fyrir að fara í tölvu og hlaða upp lög get ég náð í lögin með því að ýta á takkana með löppinni. Þarna hleð ég upp banka af hljóðum, sem er mjög þægilegt.

GÍTARSTILLIR (á milli tölvuhauss og pedals)

NEÐST: Þetta er móðurstöðin, hin eiginlega hljóðverksmiðja. Inni í þessu er tölva og allar græjur sem túlka skilaboðin úr Mirstrumentinu sjálfu og búa til hljóð. Þarna get ég plöggað inn gítar og hljóðnema og þetta er um leið mixer og hljóðgjafi.

PEDALL: Ef ég er að spila á gítar getur þetta verið wow wow-pedall. Ef ég er í hljómborðsfíling getur þetta verið volume-pedall. Ég ræð því með tökkunum sem eru fyrir neðan.

## ÞÆGILEG OG SKEMMTILEG HÁTÍÐ

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður verður haldin á Ísafirði 21. til 23. apríl og sem fyrr er Mugison einn af skipuleggjendunum. Hann lofar skemmtilegri hátíð en rúmlega þrjátíu flytjendur hafa skráð sig til leiks, þar á meðal Páll Óskar, Ný dönsk og FM Belfast.

„Þetta eru tveir og hálfur dagur. Við tökum fimmtudaginn inn núna. Við prófuðum það í fyrra. Þá vorum við með grínkvöld með Mið-Íslandi og þeir mættu eldhressir. Við gerum eitthvað svipað í ár og blöndum saman gríni og nokkrum böndum sem upphitun fyrir helgina," segir Mugison. „Það er búið að gera stuðsamning við bæinn og bæjarbúa og ég held að það verði mikið stuð. Bærinn er búinn að búa til hópa. Til dæmis sér einn hópur um morgunmat eða bröns fyrir popparana og síðan erum við með góða klíku sem er að hjálpa okkur við að smíða sviðið."

**FERÐAST UM LANDIÐ**

**Mugison er á leiðinni í stutta tónleikaferð um landið sem hefst á Græna hattinum á Akureyri í kvöld. Á morgun spilar hann á Egilsstöðum og síðan taka við tónleikar á Höfn í Hornafirði 2. apríl og í Reykjavík kvöldið eftir. „Ég er að fara þennan hring með pabba mínum til að prófa íslensku lögin mín áður en ég geng almennilega frá plötunni minni sem kemur vonandi út í sumar," segir Mugison.**

www.opticalstudio.is



CHROME HEARTS / Dismembered



Tom Ford



Örgreen



Lindberg



Chanel

Þar sem úrvalið er af umgjörðum

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# TÓNLIST



**THE STROKES**

**ANGLES**

**Dánlóðaðu:** Metabolism, Undercover of Darkness, Life Is Simple in the Moonlight.

## EKKERT LEIÐINLEGT LAG

The Strokes er mikilvægasta hljómsveit síðustu ára. Engin hljómsveit sem var stofnuð um eða eftir aldamót hefur haft jafn mikil áhrif á tónlistarheiminn og The Strokes hafði með fyrstu plötunni sinni, Is This it. The Strokes er líka mjög stöðug hljómsveit; gaf út þrjár plötur á árunum 2001 til 2006 – allar góðar – og nú er sú fjórða komin út. Stenst hún væntingar? Stutta svarið er: „Já". Langa svarið kemur hér fyrir neðan.

Angles er að flestu leyti plata sem mátti búast við frá Strokes. Hljómurinn er svipaður og áður, lögin eru í svipuðum stíl, skemmtileg, fersk, áreynslulaus. Hljómsveitin reynir ekki að finna upp hjólið, fer oft troðnar slóðir, en bregður sér einstaka sinnum út fyrir rammann með góðum árangri. Útúrdúrinn felst oftast í rafrænum æfingum með hljóðgervlum, sem eru yfirleitt mjög vel heppnaðar.

Plötunni er í rauninni skipt í tvennt. Annar hlutinn samanstendur af hefðbundnu Strokes-lögunum; taktfastir rokkslagarar með skemmtilegum gítaræfingum og frábærum söng Julians Casablancas. Hinn hlutinn samanstendur af furðulegri lögum innblásnum af níunda áratug síðustu aldar með drungalegu andrúmslofti og frábærum söng Julians Casablancas.

Angles er frábær plata. Hún er heilsteypt, en lögin Machu Picchu, Two Kinds of Happiness, Games og smáskífulagið Under Cover of Darkness standa upp úr. Þá er hið drungalega Metabolism alveg frábært rétt eins og lokalagið Life Is Simple in the Moonlight. Ekkert leiðinlegt lag, þótt þau séu ekki öll meistaraverk.

Tíðar fréttir af ósætti innan The Strokes hafa greinilega lítið að segja um ávexti samvinnu hljómsveitarinnar, sem er í hörkuformi. Það er mars og við erum mögulega búin að finna plötu ársins. *- afb*





adidas® is all in
© 2011 adidas AG. adidas and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.

# ÉG ER EKKI ORÐINN SKÍTHÆLL

**Steindi er kominn aftur. Fyndnari, drykkfelldari og stressaðri en nokkru sinni fyrr. Eftir Atla Fannar Bjarkason. Myndir: Valgarður Gíslason.**

„Málið er að ég er mjög stressaður gaur. Eins núna þá er ég á nálum. Ég er á nálum yfir því að það er ný þáttaröð að byrja. Það er heilmikið stress í gangi. Það verður lítið sofið í vikunni. Ég er í rauninni að fara á taugum. Ég reyki rosalega mikið af rettum og drekk mikið kaffi," segir grínistinn Steinþór Hróar Steinþórsson, Steindi Jr.

Steindi hefur ríka ástæðu til að vera stressaður. Eftir viku verður önnur þáttaröð Steindans okkar frumsýnd á Stöð 2. Hann byrjaði að skrifa þáttaröðina fyrir átta mánuðum ásamt samstarfsmönnum sínum Ágústi Bent og Magnúsi Leifssyni, en sá síðarnefndi slóst í hópinn fyrir nýju þáttaröðina eftir að hafa komið með góðar hugmyndir í fyrstu þáttaröðina.

Steindi er gríðarlega upptekinn þessa dagana og mætti allt of seint í viðtalið vegna þess að hann var á fundi úti í bæ. Fundinum hafði reyndar seinkað vegna þess að Steindi svaf yfir sig, en það var bara vegna þess að upptökur á Steindanum okkar stóðu til þrjú nóttina áður. Óstundvísi Steinda fór illa í Valla ljósmyndara, sem ætlaði að berja hann með lóðunum sem notuð voru í myndatökunni, en reiðin var fljót að renna af honum þegar Steindi gekk inn, gaf honum fimmu og spurði: „Hvað er að frétta?"

### Bjór og karfa upp í bústað

Það sem er að frétta er að sjálfsögðu endurkoma Steinda. Önnur þáttaröðin verður að hans sögn ógeðslega fyndin.

„Ég lofa góðri skemmtun. Ég held að fólk geti átt von á mjög fyndnum þáttum," segir hann kokhraustur og þaggar niður í símanum sem átti eftir að hringja um tuttugu sinnum á meðan viðtalið stóð yfir.

Lentuð þið ekki í erfiðleikum með að halda áfram að vera fyndnir eftir fyrstu þáttaröðina?

„Nei. Við tókum okkur ekkert hlé eftir fyrstu þáttaröðina. Við byrjuðum strax að skrifa niður hugmyndir og tókum svo þrjá mánuði í að skrifa nýju þáttaröðina. Við fórum til dæmis í sumarbústað og skrifuðum." Voruð þið sem sagt blindfullir í bústað að skrifa? „Við fengum nokkra. Við grilluðum kótelettur, spiluðum körfubolta og höfðum það kósí."

Steindi og félagar klára ekki þáttaröðina áður en hún verður frumsýnd. Þeir skilja viljandi eftir pláss fyrir tvö atriði í hverjum þætti þannig að þeir geti tekið upp ný, hvort sem þau tengjast atburðum líðandi stundar eða ekki. „Við viljum hafa möguleika á því að grípa eitthvað sem er að gerast," útskýrir Steindi. „En ef við gerum það ekki gerum við hlutlaust atriði. Íslendingar hafa alltaf fylgst mest með áramótaskaupinu og Spaugstofunni. Þannig að fólk heldur alltaf að það sé verið að gera grín *að einhverju*. Fólk veltir alltaf fyrir sér hverjum það er verið að gera grín að og af hverju það sé verið að skjóta á hann. Það er alltaf verið að gera þetta, en við erum ekki þannig. Við erum til dæmis ekki pólitískir. Grínið okkar er hlutlaust. Tímalaust."

### Slúður um dóp

Steindi var á forsíðu Popps fyrir ári síðan. Þá var fyrsta þáttaröðin ekki farin í loftið og enginn vissi hvernig honum myndi vegna. Þáttaröðin setti engin áhorfsmet og var til að mynda ekki á lista yfir vinsælustu þætti Stöðvar 2. Hann var hins vegar á allra vörum, lögin úr þáttunum nutu mikilla vinsælda og íslensk ungmenni fengu ekki nóg af honum. Velgengnin varð til þess að hann og Ágúst Bent voru allt í einu byrjaðir að framleiða auglýsingar, en tekjurnar af þeim notuðu þeir til að kaupa græjur sem voru síðar notaðar til að taka upp nýja þáttaröð. Grínið var orðið sjálfbært, en breytti þetta Steinda? Eiginlega ekki, en hann segist reyndar vera orðinn duglegri.

„Það er eiginlega eina og ég er ekki orðinn skíthæll. Áður fyrr var ég að vinna í íþróttahúsi í Mosfellsbæ og hafði auðvitað engan áhuga á því – vildi helst ekkert vinna. Það var í rauninni spurning hvar ég myndi enda. Án þess að ég væri á leiðinni í ræsið. Ég hafði engan áhuga á öðru en að skrifa grín. Þegar ég byrjaði á því vorum við farnir að vinna kannski 14 til 16 tíma á dag og það var allt í lagi. Það var gaman."

En þú ert orðinn frægur og byrjaður að hanga með frægu fólki. Ég frétti til dæmis af þér í fríi með Auddа Blö og Agli Gillzenegger í lok síðasta árs. Ertu búinn að losa þig við gömlu vinina og farinn að hanga einungis með frægu fólki?

Steindi hlær við. „Nei. Alls ekki. Auðvitað ekki. Ég er í góðu sambandi við æskuvini mína. Hef alltaf verið. En auðvitað eignast ég nýja vini því ég er alltaf að vinna með nýju fólki. Í þessum bransa eignast maður mikið af félögum, en ég fer enn þá á Áslák [bar í Mosfellsbæ] með æskufélögunum."

En nú er talsvert slúðrað um fræga fólkið. Hefurðu heyrt eitthvað um þig sem er ekki satt?



„Ég hef heyrt slúður um að ég sé í rugli. Ég veit ekki einu sinni hvað það þýðir – kannski er ég í rugli. Ég heyrði að ég væri að nota eiturlyf. Ég held ég gæti ekki gert það sem ég er að gera í dag ef ég væri að nota mikið af eiturlyfjum."

Hafa slíkar sögur sært þig?

„Það var særandi að heyra að einhver héldi að ég væri í eiturlyfjum. En það er vegna þess að ég nota ekki eiturlyf og myndi aldrei gera það. Sagan fór af stað þegar við vorum að taka upp atriði í nýju þáttaröðinni þar sem ég átti að vera mjög djammaður gaur og við þurftum að fara á djammið að taka upp. Svo fórum við að fá okkur að borða og þaðan kom slúðrið. Það voru víst háskólanemar sem sáu mig í tómu rugli inni á Subway, ég var málaður hvítur og með blóðnasir. Þeir tóku greinilega ekki eftir myndavélinni. Það sem særir mig líka eru Youtube-ummæli. Ég fylgist með þeim. Þannig að ef einhver hefur talað illa um mig á Youtube þá hef ég séð það og verð mjög sár. Ég tek það nærri mér. Mig grunar ég sé ekki með hjarta í þetta (hlær)."

Hvort græturðu á öxl kærustunnar eða ferð á barinn?

„Bæði. Svo getur huggunin líka verið Waterworld og snakkpoki. Ég horfi bara á vondar myndir, Outbreak er í tækinu núna. En það er önnur

## Hvorki Ólafur Ragnar né Linda P hringdu til baka

Á síðasta ári lýsti Steindi því yfir að hann vildi fá Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, í atriði í nýju þáttaröðinni. Það tókst ekki, en Steindi reyndi.

„Ég talaði við Örnólf forsetaritara – hringdi í gemsann hans. Hann svaraði ekki í hann tvö kvöld í röð þannig að ég hringdi heim til hans. Þetta var um kvöldmatarleytið. Honum fannst ólíklegt að forsetinn væri til í þetta, en lofaði að skila beiðninni til hans. Ég á eftir að hringja í Óla. Ég hef trú á því að ég geti reddað númerinu hans. Ég gæti líka bankað upp á hjá honum, ég held að þetta sé fínn náungi."

En voru einhverjir, fyrir utan forsetann, sem þig langaði til að fá í þáttaröðina sem þú fékkst ekki?

„Já. Ég reyndi að fá Lindu P. Ég hringdi í Baðhúsið, en stelpan sem svaraði neitaði að gefa mér númerið hjá Lindu. Ég kynnti mig og sagði henni um hvað málið snerist, en hún neitaði að gefa mér samband. Ég held að það sé svipað erfitt að ná í Lindu og forsetann. Ég skil ekkert í þessu. Er hún svona upptekin?"


Justin Bieber notar Proactiv® Solution




Stelpur og strákar!
Loksins er komin lausn sem skilar árangri í baráttunni gegn bólunum

Í Proactiv® Solution, þriggja þrepa bólu- og húðhreinsikerfinu, eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkum koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur nái að myndast og halda húð þinni hreinni og frískri.

Vegna þess hve örugg við erum um að Proactiv® Solution sé rétta bólu- og húðhreinsikerfið fyrir þig, bjóðum við þér að prófa kerfið án áhættu og með skilarétti, í allt að 60 daga. Þannig sannfærist þú um virkni Proactiv® Solution.

Við bjóðum þér að prófa Proactiv® Solution og erum fullviss um að þú náir sama árangri og milljónir ánægðir notendur um allan heim.

**Ef þú nærð ekki árangri, þá færðu endurgreitt. Við lofum því.**

Kynntu þér Proactiv® Solution nánar og pantaðu hjá: **heilsubudin.is án áhættu.**

**Proactiv® Solution fæst aðeins hjá okkur.**

**Sama verð um land allt.**

Rodan & Fields proactiv SOLUTION

Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan

# HÚÐFLÚR

Sérblað // Fimmtudagur 31.mars 2011 // Kynning



Lærið á Fjölni er litskrúðugt.

## Verðlaunalærið

Hluti af tattúráðstefnum snýst um keppnir, þar sem dómnefnd metur hvernig unnið er, bæði tæknilega og fagurfræðilega. Jón Páll, Búri og Fjölnir hafa rúllað upp hverri keppninni af annarri síðustu ár. Í Stokkhólmi í ágúst 2010 hlaut Búri stærstu verðlaunin, fyrir besta tattúið sem gert var á staðnum og Jón Páll nældi í verðlaun fyrir besta litatattúið. Það er á öðru lærinu á Fjölni en var tilbúið áður en farið var út.



Sindra er listin í blóð borin.

## Nýi gæinn

Sindri er nýi gæinn á Íslenzku húðflúrstofunni. Hann er búinn að vera á annað ár að læra listina að húðflúra, undir handarjaðri Jóns Páls og er kominn vel á flug. Til að byrja með var hann að horfa á, iðka teikningu og gera allskyns æfingarverkefni. Nú sér hann orðið um allt minna flúr á stofunni enda hefur hann sýnt það í verki að listin er honum í blóð borin.



Fjölskyldustemning hjá starfsfólki Íslenzku húðflúrstofunnar, Jóni Páli, Berglindi, Sindra og Fjölni. Búra vantar.

# Lítum á tattú sem list

**Starfsmenn Íslenzku húðflúrstofunnar hafa verið sigursælir í keppnum og standa bestu tattúmeisturum heims á sporði. Þeir gera mest af stórum, litríkum myndum.**

MYNDARAMMAR FRÁ 6.990 KR




V2220

# 22"LED

## FULL HD SKJÁR

- 22" LED FULL HD 1080p 16:9
- 10.000.000:1 DCR og Senseye3
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Ótrúlega þunnur aðeins 15mm

**27.900**

BenQ FULL HD LED SKJÁR

4BLS BÆKLINGUR



0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

packard bell

SB970

# TK81

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ein öflugasta fartölvan í dag með ofur öflugan fjögra kjarna örgjörva, alvöru DX11 leikjaskjákort, örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Phenom II Quad Core X4 N970 2.2GHz
- 6GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 640GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 1GB ATI HD6650 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**144.900**
EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG



VAR AÐ LENDA
SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

HR009

packard bell

# TS11

- Intel Core i3-2310M 2.1GHz 3MB 4xHT
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB SATA 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT540M DX11 skjákort
- nVIDIA Optimus orkusparandi tækni
- 300Mbps þráðlaust net og USB3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**159.900**
Á KYNNINGARTILBOÐI !

HVERGI BETRA VERÐ



AV105

packard bell

# TK36

- Intel Celeron 900 2.2GHz 1MB
- 2GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

**69.900**
PACKARD BELL Á BETRA VERÐI



10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

HD6370 DX11 SKJÁKORT

packard bell

JU621

# TK85

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Glæsileg og öflug leikjafartölva á áður óséðu verði stútfull af nýjustu og bestu tækninni, örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Intel Dual Core P6200 2.1GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD6370 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.900**
ÖFLUG LEIKJAFARTÖLVA



9 TÍMAR
MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI
RAFHLAÐA ENDIST Í 9 TÍMA

110-3101

# HP MINI

- Intel Atom N455 1.66GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1" LED 1024x600 skjár
- 256MB Intel GMA 3150 skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Starter stýrikerfi

**49.900**
HVERGI BETRA VERÐ!



P343G32

# G640

- Athlon II Dual Core X2 P340 2.4GHz
- 3GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED CineCrystal 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4250 skjást.
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

acer

**99.900**
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS



iPAD2 SPJALDTÖLVUR ALLAR ÚTGÁFUR VÆNTANLEGAR

ÚRVAL SPJALDTÖLVA 7" OG 9" FRÁ 29.900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Ofbeldi í íþróttum

Íþróttir




Gerða S. Jónsdóttir
fv. flugfreyja



Ólafur Gíslason
verkfræðingur


Undanfarna áratugi hefur ofbeldi í ýmsum myndum aukist í boltaíþróttum. Í fyrstu bar mest á þessu erlendis og þá meðal atvinnumanna, en nú er þetta orðið óhugnanlega algengt hér á landi.

Við, sem stunduðum keppnisíþróttir í handbolta, körfubolta eða knattspyrnu fyrir 40-50 árum, þekktum ekki þau bolabrögð sem nú tíðkast og má þá nefna andlitshögg, alvarleg olnbogaskot og gróf spörk í fætur með tilheyrandi meiðslum.

Erlendis eru skýringar á auknu ofbeldi þær helstar, að laun og bónusar atvinnumanna væru orðin svo há, að keppendur svífast einskis til að slá út hættulega andstæðinga og ná fram sigri.

Nú er svo komið að ástandið hér er að verða jafn slæmt, þótt ekki sé hægt að kenna um háum launum.

Fyrir skömmu komu fram í fréttum tveir alvarlegir atburðir, sem eru m.a. tilefni þessarar greinar.

Í þeim fyrri fengu fimm leikmenn rauða spjaldið og að auki tveir aðstoðarmenn á varamannabekkjum í innanhússknattspyrnuleik tveggja Reykjavíkurliða, eða alls sjö rauð spjöld í einum leik!

Í hinu tilvikinu sló stúlka keppinaut sinn svo heiftarlega í andlitið í körfuboltaleik að þolandi lá eftir á vellinum. Stúlkan var að sjálfsögðu rekin út af, en fékk síðar aðeins tveggja leikja bann, þótt myndband sýndi greinilega vísvitandi, og að því er virtist, tilefnislítið brot, þar sem boltinn var hvergi nálægur!

Hvað veldur, hvar er leikgleðin og hvaðan kemur þessi árásarhneigð?

Margir benda á aukið ofbeldi í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum, þar sem hetjurnar berja andstæðingana sundur og saman á fólskulegan hátt og þykir bara gott mál.

Einnig er hugsanlegt að agaleysi ungmenna í dag eigi þátt í þessu, og/eða að aukinni áróðurstækni nútímans sé um að kenna.

Getur verið að þjálfarar og aðrir liðstjórnendur hafi þannig þau áhrif að leikmenn líti á andstæðingana sem óvini, þar sem of margt er leyfilegt? Keppnisskap á ekki að afsaka svona framkomu og það er mikilvægt að þjálfarar og foreldrar stýri leikmönnum sínum í hita leiksins í öllum aldursflokkum. Það gleymist að þetta er leikur, sem á að laða fram það besta hjá keppendum.

Hver sem ástæðan er, geta allir verið sammála um að slík framkoma á ekki heima í íþróttaleikjum og nauðsynlegt er að setja strangari reglur til að vinna bug á þessu ofbeldi og agaleysi, sem því miður sést alltof oft í leikjum hérlendis.

Nærtækast er að auka viðurlög við alvarlegum brotum, þannig að fólk fái t.d. sex leikja bann í stað tveggja eða þriggja leikja sem nú tíðkast. Við endurteknar brottvísanir mætti síðan útiloka viðkomandi í hálft eða heilt ár.

Þetta mundi halda aftur af brotavilja keppenda og auk þess mundu þjálfarar og aðrir liðstjórnendur væntanlega leggja meiri áherslu á prúðmannlega framkomu í leikjum.

# Framlag móður

Pistlar




Valgarður Egilsson
læknir


Það er kennt að nýr einstaklingur sem til verður fái helming erfðaefnis síns frá hvoru foreldri. Þetta er ekki alltaf rétt.

Hjá jurtum er dálítill hluti af erfðaefni frumunnar kominn einvörðungu frá kvenblóminu, móðurjurtinni, jafnvel 4-5%. Þetta er sá DNA-hluti sem er í grænukornunum og hvatberum jurtafrumunnar. Grænukornin hafa í sér drjúgmikið af DNA. Í heild hefur kvenblómið kannski lagt til 52% af erfðaefni í frumum jurtarinnar en karlblómið þá 48 % (af heildar DNA-magni hverrar jurtafrumu).

Í grænukorninu er blaðgrænan, undraefni sem nemur ljósið – bindur orku rauðra geisla sólarljóssins, en varpar grænum geislum frá sér.

Hjá dýrum er sérframlag frá móðurinni minna. Í dýrafrumunni er auðvitað ekkert grænukorn en hvatberarnir innihalda dálítinn DNA-stúf sem erfist einungis frá móður. Í frumum karldýra kemur smá-litningur reyndar frá föður einungis, svokallaður y-litningur.

Fróðlegt er að skoða hvaða hlutverki þetta sérframlag móður gegnir, þ e. erfðaefni hvatbera og grænukorna.

Hvatberar dýrafruma (þar með mannafruma) sjá um framleiðslu á mestum hluta háorku-sameinda, orkumyntinni ATP sem er gjaldgeng í öllum frumum veraldar, og verður einkum til við öndun (bruna) fæðuefna. Hvatberar leggja til þorrann af því ATP sem líkaminn þarf – og að auki verður til varmi við öndunina (brennsluna).

Móðurarfurinn gefur okkur þá nánast allan líkamsvarma okkar dýranna, og í jurtaríkinu leggur móðurarfur til öll grænukorn á jörðu.

Undarlegt að engir vita
upphaf líkamsvarma mannsins.
Einungis frá okkar móður
erfðalínur fornar rita.

*Lita jörðu grös og gróður*
*græna – þegar vorið kemur*
*– þegar ljósið lífið nemur.*
*Erfist þetta allt frá móður.*

*Allt hvað mæður góðar gjörðu*
*gjöldum þakkir öðru fremur:*
*allur varmi okkur borinn*
*– allur litur grænn á jörðu.*

Það er þá ekki lítið framlag móðurinnar. Í tungumálinu sér þessa nokkur merki: Jörðin, moldin, er kennd til móður, móðir jörð heitir hún, með gróðri, hlýju og öryggi.

Hins vegar hefur orðið föðurland nánast pólitíska merkingu og jafnvel hernaðarlega merkingu.

Patria, la patrie, Das Vaterland, fædrelandet. Jörðin er kennd við móður.

Ríkið við föður. – Til móður verður rakinn: líkamsvarmi okkar – og allur litur grænn á jörðu.





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-11-0495

Það verður opið til kl. 18.00 í útibúum Íslandsbanka alla fimmtudaga í mars. Ráðgjafar okkar verða reiðubúnir að veita upplýsingar um úrræði og þjónustu bankans. Einnig verður opið hjá gjaldkerum og hægt að sinna öllum venjulegum erindum.*

**Dæmi um úrræði í boði:**

- **Endurútreikningur erlendra húsnæðislána**
  Við höfum hafið endurútreikning á erlendum lánum samkvæmt lögum. Reikna má með að höfuðstóll flestra erlendra húsnæðislána lækki á bilinu 25 til 40%.
- **110% aðlögun**
  Ef höfuðstóll lánsins þíns er hærri en 110% af markaðsvirði hússins stendur þér til boða að lækka hann sem því nemur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
- **Sértæk skuldaaðlögun**
  Sé frekari úrræða þörf, stendur þér sértæk skuldaaðlögun til boða sem getur haft í för með sér enn frekari niðurfærslu skulda.

**Komdu í dag fyrir kl. 18 og farðu yfir þín mál með ráðgjöfum okkar.**

*Athugið að lokað verður hjá fyrirtækjaráðgjöfum milli kl. 16 og 18.




islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ANNA FRANK** (1929-1945), höfundur Dagbókar Önnur Frank, lést þennan dag.

*„Þrátt fyrir allt, trúi ég á hið góða í manneskjunni.“*



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Kristjana Sigtryggsdóttir**

lést á Kristnesspítala 28. mars. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 8. apríl kl. 13.30.

**Aðalheiður K. Ingólfsdóttir** **Þorvaldur S. Aðalsteinsson**
**Sigfríð Ingólfsdóttir** **Bjarni Hólm Valgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eberhardt Marteinsson**
Hvassaleiti 17, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 27. mars. Hann verður jarðsunginn frá Grensáskirkju þriðjudaginn 5. apríl kl. 15.00.

**Marteinn Eberhardtsson** **Steinunn Ragna Hauksdóttir**
**Einar Eberhardtsson** **Hellen S. Helgadóttir**
**Karen Eberhardtsdóttir**
**Hilmar Eberhardtsson**
**barnabörn og langafabörn.**



†

*Okkar ástkæri*

**Eyþór Ágústsson**
fæddur í Flatey á Breiðafirði,
búsettur í Stykkishólmi,

varð bráðkvaddur í Flatey þann 24. mars sl. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 2. apríl kl. 14.00. Við bendum á minningarkort Flateyjarkirkju (Guðrún Marta Ársælsdóttir og Sigurborg Leifsdóttir).

**Dagbjört S. Höskuldsdóttir**
**Óskar Eyþórsson** **Helga Sveinsdóttir**
**Ingveldur Eyþórsdóttir**
**Aðalsteinn Þorsteinsson** **Helga Finnbogadóttir**
**Höskuldur Þorsteinsson**
**og barnabörn**



†

*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,*

**Heiðbjört Hlín Kristinsdóttir**
frá Litla-Garði, Eyjafjarðarsveit,

lést mánudaginn 21. mars. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Innilegar þakkir til starfsfólks á Dvalarheimilinu Kjarnalundi svo og starfsfólks Heimahlynningar.

**Sigríður Benediktsdóttir** **Sverrir Sverrisson**
**Harry Ólafsson** **Ásdís Ívarsdóttir**
**Kjartan Ólafsson** **Þuríður Þorsteinsdóttir**
**Inga Ólafsdóttir** **Sveinbjörn Daníelsson**
**Kristín Gestsdóttir** **Sigurður Jóhannsson**
**Ármann Ólafsson**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

**ÞETTA GERÐIST:** 31. MARS 1989

## Bætt aðstaða fyrir krabbameinslækningar

Á þessum degi árið 1989 var fyrsti áfangi nýrrar K-álmu Landspítala, geislameðferðargreining, formlega opnaður. Nýja byggingin hafði mikið að segja fyrir aðstöðu krabbameinslækninga á spítalanum og munaði þar mestu um línuhraðal, tæki sem koma átti meðferð fyrir krabbameinssjúklinga „í nútímalegt horf“ eins og Þórarinn E. Sveinsson, yfirlæknir krabbameinslækningadeildar Landspítala, orðaði það. Tækið var annað sinnar tegundar sem sett var upp í Evrópu.

Lionsfélagar áttu heiðurinn að söfnun fyrir tækinu en það kostaði 45 milljónir króna. Framkvæmdir við K-bygginguna stóðu yfir í fjögur ár þegar þessum fyrsta áfanga af þremur var lokið en byggingin átti að hýsa deildarrými krabbameinslækningadeildar, röntgen- og myndgreiningardeild, skurðstofur og gjörgæsludeild, alls 8.700 fermetra rými.

Davíð Á. Gunnarsson, forstjóri Ríkisspítalanna, sagði við opnunina að K-byggingunni væri ætlað að tryggja hæfu starfsfólki búnað og aðstöðu til að sigrast á flóknum vandamálum.



EVRÓPUSAMTÖK HJÚKRUNARFÉLAGA: AÐALFUNDUR Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

# Aðild Íslands er mikilvæg

Evrópusamtök hjúkrunarfélaga, EFN, halda aðalfund sinn á Íslandi í dag og á morgun. Félag íslenskra hjúkrunarfélaga, FÍH, gerðist aðili að samtökunum í mars árið 1998 en þetta er í fyrsta sinn sem EFN fundar hérlendis.

„Aðild að þessum samtökum er mjög mikilvæg því innan þeirra er afar breið þekking sem nýtist okkur á Íslandi við ákvarðanatöku um mótun okkar heilbrigðisstefnu. Aðildin gefur okkur jafnframt möguleika á að fylgjast með og hafa áhrif á stefnu ESB um heilbrigðismál en við höfum bein áhrif á og tökum þátt í heilbrigðisstefnumótun innan EFN,“ segir Jón Aðalbjörn Jónsson, alþjóðafulltrúi FÍH, en EFN er ráðgefandi vettvangur hjúkrunarfræðinga gagnvart ESB og EES.

EFN rekur skrifstofu í Brussel og aðalfundinn á Íslandi sækja aðilar frá hjúkrunarfélögum nærri þrjátíu landa Evrópu auk alþjóðastofnana.

„Þau mál sem EFN fjallar um eru meðal annars menntunarmál hjúkrunarfræðinga, starfssvið þeirra og möguleiki á að flytjast á milli landa. Ég, sem alþjóðafulltrúi FÍH, sæki þessa fundi þegar við á þar sem unnið er með vinnuhópum innan EFN. Í þeim nefndum er farið yfir ýmis efni. Meðal þess má nefna að unnið er að stefnumótun fyrir öryggi sjúklinga og gæði í hjúkrun. Fagleg símenntun sem tryggir að sjúklingar séu í umsjón fagmanneskju sem viðheldur sinni menntun er ofarlega á baugi og farið er yfir afleiðingar sem frumvörp um tilskipun um heilbrigðismál, sem Evrópubandalagið er að undirbúa, kann að hafa á hjúkrun og heilbrigðismál þjóða.“

Innan EFN er einnig ráðgefandi nefnd um vinnuafl sem fjallar um manneklu í hjúkrun sem er allsráðandi um allan heim. Þá er fjallað um siðareglur, ráðningaraðferðir og allt sem snýr að hjúkrunarstarfinu almennt. Á aðalfundi EFN verða til umræðu hagsmunamál og ætlanagerð vegna komandi starfsárs og ber þar hæst umræðu um endurskoðun á tilskipun ESB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi sem nú stendur yfir.

En hvernig standa íslenskir hjúkrunarfræðingar í dag? „Staða þeirra er sterk í krafti námsins. Námið er vel uppbyggt og nýtur þess að vera nánast alls staðar viðurkennt. Þar sem það hugsanlega er ekki viðurkennt er það vegna þess að ekki er búið að fara formlega í gegnum ferlið í viðurkenningunni. Þá eru íslenskir hjúkrunarfræðingar eftirsóttir erlendis.“



**NÁMIÐ GOTT** Jón Aðalbjörn Jónsson, alþjóðafulltrúi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir stöðu íslenskra hjúkrunarfræðinga á alþjóðagrundu sterka, sérstaklega vegna vandaðs náms hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**juliam@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Þórey Einarsdóttir**
kennari, Mávahlíð 23, Reykjavík,

lést á Krabbameinslækningadeild Landspítalans föstudaginn 25. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 5. apríl kl. 15.00.

**Smári Þórarinsson**
**Örvar Þóreyjarson Smárason** **Birgitta Birgisdóttir**
**Vala Smáradóttir** **Illugi Torfason**
**Adda Smáradóttir**
**Alda Örvarsdóttir og Þórey Illugadóttir**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



**SAUÐFÉ** Fjallað verður um lífræna sauðfjárrækt og markaðssetningu á lífrænum sauðfjárafurðum á námskeiðinu.

# Lífrænn búskapur

Lífræn sauðfjárrækt er inntak námskeiðs sem Endurmennt LbhÍ og Vottunarstofan Tún ehf. standa fyrir í Tjarnarlundi í Saurbæ, Dölum, á föstudag.

Námskeiðið hentar einkum þeim sem vilja fræðast um möguleika á upptöku lífrænna aðferða og á markaðssetningu lífrænna sauðfjárafurða. Lífræn aðlögun, fyrirbyggjandi aðferðir við vandamálum sem tengjast beitarstjórnun, heyöflun og sjúkdómum og skýrsluhald, eftirlit og vottun lífrænnar sauðfjárræktar er á meðal þess sem þar verður fjallað um.

Námskeiðið stendur yfir frá klukkan 12.45 til 17 á föstudag. Umsjón hefur Ásdís Helga Bjarnadóttir. Verð er 14.000 krónur. Nánar á natturan.is.

10 ÁRA 2001-2011 MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

# Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




**Allt sem þú þarft...**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** mælieining, **6.** klafi, **8.** svívirðing, **9.** rá, **11.** ónefndur, **12.** móðins, **14.** glápa, **16.** tveir eins, **17.** ögn, **18.** eyrir, **20.** golf áhald, **21.** malargryfja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfall, **3.** samanburðarteng., **4.** skýringarteikning, **5.** fag, **7.** hveitilím, **10.** hylli, **13.** kóf, **15.** heimsálfa, **16.** verkur, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** pelí, **6.** ok, **8.** níð, **9.** slá, **11.** nn, **12.** tísku, **14.** stara, **16.** tt, **17.** fís, **18.** aur, **20.** tí, **21.** krús.

**LÓÐRÉTT: 1.** lost, **3.** en, **4.** línurit, **5.** iðn, **7.** klístur, **10.** ást, **13.** kaf, **15.** asía, **16.** tak, **19.** rú.






# Boðið á Bessastöðum

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Fiðrildin ólmuðust í maganum á mér þar sem ég fletti í gegnum fataskápinn í leit að viðeigandi klæðnaði. Ég var á leiðinni í boð, boð á Bessastöðum og varð því að vera sæmilega til fara.

**SVEITASTÚLKAN** ég hafði aldrei komið á Bessastaði fyrr. Vegna þátttöku í undirbúningi menningarviðburðar í borginni hafði ég fengið boð um að snæða snittur með þeim Dorrit og Ólafi og hlakkaði mikið til. Átti erfitt með að hemja brosið þar sem ég rótaði handfljót í skúffunum en reyndi þó að sýnast afslöppuð, eins og þetta væri bara hvert annað boð þar sem ég yrði að láta sjá mig fyrir kurteisissakir. Stoppa stutt, smella í mig einni snittu og heilsa upp á forsetahjónin áður en ég léti mig hverfa.

**SPARIFÖTIN** komu loksins í leitirnar. Ég fann ekki eina dýra skartgripinn sem ég á í flýtinum, en vonaði að gyllti jakkinn væri nógu yfirdrifinn til að skartgripaleysið kæmi ekki að sök. Vonaði einnig að ódýr handtaskan kæmi ekki upp um mig og dreif mig af stað. Ekki mátti ég vera of sein.

**ENDA** var ég mætt tímanlega og eftir að hafa verið leidd eftir krókaleiðum í fatahengið, svo að gestabókinni og inn í fallegt herbergi, tók við bið. Fleira fólk bættist í hópinn, spariklætt og fallegt og leit út fyrir að hafa komið hingað oft áður. Spjallaði kæruleysislega um daginn og veginn og hló. Þarna mátti sjá menningarvita og mektarfólk sem heilsuðust kumpánlega meðan minni spámenn eins og ég grandskoðuðu munstrið í persnesku mottunni. Mér sýndist ein frúin horfa full efasemda á gyllta jakkann minn og varð því fegin þegar dyrnar opnuðust loks.

**„SÆLL,“** sagði ég við forsetann, „sæl,“ sagði ég við frúna og þar með var ég kominn inn í stóran sal. Fékk drykk í hönd og snittu með skyri og skoðaði „íslensku meistarana“ á veggjunum. Forsetinn hélt ræðu þar sem hann gantaðist með matseld eiginkonu sinnar og bað okkur að lokum að vera eins og heima hjá okkur.

**HVORT** sem það var drykkurinn eða fyrir kumpánlegt boð forsetans fór ég fljótlega að haga mér eins og ég væri heimavön. Þvældist milli hæða með glasið mitt, rabbaði við gesti og hló. Veraldarvön þakkaði ég síðan fyrir mig að lokum og fór heim. En þó ekki fyrr en ég hafði látið taka mynd af mér á tröppunum.


# „Að samþykkja samninginn er eins og að giftast leiðinlega gæjanum til að hann hætti að bögga þig.“



„Við samþykkt samningsins mun vesenið fyrst hefjast fyrir alvöru. Nú þegar er verið að skera allt inn að beini hér á landi til að ná inn nokkrum tugum eða hundruðum milljóna króna. Icesave umræða dagsins í dag verður eins og vögguljóð í minningunni við hliðina á þeim sársauka og efnahagslegu áhrifum sem greiðslurnar munu valda okkur næstu 35 árin.“

**Lára Björg Björnsdóttir** - *Pressupenni*

**Taktu upplýsta ákvörðun.**
**Fellum Icesave 9. apríl!**

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl. Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is


## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HJÓLAÐU ÚT Í VORIÐ

JAMIS BICYCLES
WWW.JAMISBIKES.COM







***Jamis Hot Rod***
*12" barnahjól.*
***Verð: 22.990 kr.***
***Tilboð: 18.392 kr.***

***Jamis Laser 1.6***
*16" barnahjól.*
***Verð: 25.990 kr.***
***Tilboð: 20.792 kr.***

***Jamis Laser 2.0***
*20" barnahjól.*
***Verð: 29.990 kr.***
***Tilboð: 23.990 kr.***







***Jamis X24***
*24" barnahjól.*
***Verð: 42.990 kr.***
***Tilboð: 34.392 kr.***

Falcon

***FALCON RAPTOR***
*24" barnahjól með handbremsum og 18 gírum.*
***Verð: 41.990 kr.***
***Tilboð: 33.592 kr.***

***FALCON PRIMAL***
*20" barnahjól með handbremsum.*
***Verð: 29.990 kr.***
***Tilboð: 23.992 kr.***







***FALCON MONTARE***
*20" barnahjól með handbremsum og 6 gírum.*
***Verð: 33.990 kr.***
***Tilboð: 27.192 kr.***

***FALCON TAHITI***
*24" barnahjól með framdempara og 18 gírum.*
***Verð: 42.990 kr.***
***Tilboð: 34.392 kr.***

***FALCON FAIRY***
*16" barnahjól.*
***Verð: 25.990 kr.***
***Tilboð: 20.792 kr.***

## Hjóladeildin er í Holtagörðum

**ÞESSI HJÓL FÁST LÍKA Í SMÁRALIND**

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

**ÚTILÍF**

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 54330 03/11

# menning

menning@frettabladid.is

**Í TILEFNI ÞESS AÐ 90 ÁR** eru frá fæðingu Jóns Múla Árnasonar verða tónleikar í Salnum í kvöld kl. 20. Tónlistarmennirnir Raggi Bjarna, Ómar Ragnarsson, Ellen Kristjánsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Eyþór Gunnarsson og Magga Stína syngja lög bræðranna Jóns Múla og Jónasar Árnasonar. Aðgangseyrir 3.500 kr.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 31. mars 2011**

### Tónleikar

**21.00** Í kvöld fer fram tónlistarveisla á **Sódómu**. Þar spila hljómsveitirnar **Hellvar**, **Baku Baku** og **Ég** ásamt tónlistarmanninum **Loja**. Tónleikarnir hefjast kl. 22. Aðgangseyrir er 500 kr.

**22.00** Feðginin **Lára Rúnarsdóttir** og **Rúnar Þórisson** halda saman tónleika á **Faktorý** í kvöld kl. 22. Húsið opnar kl. 21. Aðgangseyrir er 1000 kr.

### Fundir

**17.00** **Gylfi Magnússon**, hagfræðingur og dósent við HÍ, mun halda erindi um framtíð gjaldeyrismála á Íslandi í dag kl. 17. Gylfi mun fjalla um ýmis álitamál. Allir velkomnir.

### Sýningar

**13.30** **Félagsstarf aldraðra** að **Árskógum 4** opnar **handverkssýningu** í dag kl. 13.30. Sýningin er einnig opin á morgun og laugardag. Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**23.03.11 - 29.03.11**



**1** Betri næring - betra líf
Kolbrún Björnsdóttir



**2** Djöflastjarnan - kilja
Jo Nesbø



**3** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir



**4** Hinir dauðu - kilja
Vidar Sundstøl



**5** Fátækt fólk - kilja
Tryggvi Emilsson



**6** Ljósa - kilja
Kristín Steinsdóttir



**7** Morð og möndlulykt
Camilla Läckberg



**8** Risasyrpa - Drekatemjarinn
Walt Disney



**9** Máttur viljans
Guðni Gunnarsson



**10** Hvar er Valli?
Martin Handford

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**RITSTJÓRINN OG ÚTGEFANDINN** Jon Gunnar Jörgensen, ritstjóri norsku útgáfu Íslendingasagnanna, og Jóhann Sigurðsson, útgefandi hjá Sögu forlagi sem hefur frumkvæði að nýrri heildarþýðingu á fornritunum á þrjú Norðurlandamál. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Allir sem kunna málið nýttir

**Ríflega 60 manns taka þátt í að þýða allar Íslendingasögurnar yfir á þrjú Norðurlandamál um þessar mundir. Jon Gunnar Jörgensen, ritstjóri norsku útgáfunnar, segir að við verkið hafi þurft að leita til hartnær allra í Skandinavíu sem skilja fornmálið.**

Saga forlag, undir forystu Jóhanns Sigurðssonar útgefanda, vinnur að því að þýða Íslendingasögurnar í heild sinni yfir á norsku, sænsku og dönsku. Ráðnir voru ritstjórar í hverju landi til að hafa umsjón með verkinu en alls taka um sextíu manns þátt í því.

Um helgina var haldinn samráðsfundur um verkefnið hér á landi og komu til hans ritstjórar útgáfanna í hverju landi og sérstakir yfirlesarar.

Jon Gunnar Jörgensen, prófessor við Óslóarháskóla og ritstjóri norsku útgáfunnar, var þar í hópi.

„Við vinnum út frá sömum textum og lágu til grundvallar enskri heildarþýðingu sagnanna frá 1997,“ segir hann. „Þetta er sem sagt sama úrval; um fjörutíu sögur eins og við teljum þær og um það bil jafn margir þættir.“

Það er í verkahring ritstjóra í hverju landi að finna þýðendur til starfans, sem Jon Gunnar segir að hafi ekki verið neinn hægðarleikur.

„Verkið hófst upp úr 2007 og á að vera lokið á næsta ári. Til að gera þetta á svona skömmum tíma þurftum við að leita til næstum allra þýðenda sem skilja fornmálið í viðkomandi löndum. Í Noregi eru þeir ekki nema rúmlega fimmtán en aðeins færri í Danmörku og Svíþjóð.“

Til að tryggja samræmi á milli þýðinga segir Jon Gunnar að reynt hafi verið að búa þannig um hnútana að sömu þýðendur þýddu þær sögur sem skarast.

„Til dæmis vinnur sami þýðandi að Eyrbyggju og Heiðarvígasögu. En á hinn bóginn koma auðvitað sömu persónur fyrir í verkum sem ólíkir þýðendur vinna að, en það gerir ekki svo mikið til.“

Jon Gunnar segist verða var við mikinn áhuga á verkefninu heima fyrir, sérstaklega frá fjölmiðlum. Haustið 2009 gerðu sautján blaða- og fréttamenn frá Norðurlöndum sér ferð til Íslands til að kynna sér útgáfuna.

„Íslendingasögurnar eru auðvitað þekktar á Norðurlöndum og höfðu talsverð áhrif í Noregi á öldinni sem leið. Fólk þekkir því til þeirra og ég held að það sé orðið tímabært að gefa Norðurlandabúum tækifæri til að endurnýja kynni sín af Íslendingasögunum. Og það er mjög spennandi að fá að taka þátt í því.“

**bergsteinn@frettabladid.is**




J.S.BACH BWV 245
JÓHANNESARPASSÍA

HALLGRÍMSKIRKJA REYKJAVÍK
FÖSTUDAGINN 1. APRÍL 2011 KL. 20
LAUGARDAGINN 2. APRÍL 2011 KL. 17

MENNINGARHÚSIÐ HOF AKUREYRI
SUNNUDAGINN 3. APRÍL 2011 KL. 17
MINNINGARTÓNLEIKAR UM ÁSKEL JÓNSSON SÖNGSTJÓRA F. 5. APRÍL 1911.

MIÐASALA Í HALLGRÍMSKIRKJU · SÍMI: 510 1000 · MIÐAVERÐ: 4.900 KR./3.900 KR.
MIÐASALA HOFI AKUREYRI · SÍMI: 450 1000 · MIÐAVERÐ: 3.900 KR.
WWW.MENNINGARHUS.IS WWW.LISTVINAFELAG.IS

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU - 29. STARFSÁR






*Hrafninn* er skuggalega skemmtilegur bókaklúbbur *fyrir aðdáendur spennusagna*

Skráðu þig **fyrir 15. apríl** og þú gætir unnið utanlandsferð með Iceland Express

Iceland Express

Farðu inn á *www.forlagid.is* eða hringdu í síma 575 5600

*Skannaðu kóðann til að skrá þig í klúbbinn*


FLEET FOXES


TV ON THE RADIO

## > Í SPILARANUM

Fleet Foxes - Helplessness Blues
Art Brut - Brilliant! Tragic!
Raveonettes - Raven In The Grave
Low - C'mon
TV On The Radio - Nine Types Of Light

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Syngur á plötu Arctic Monkeys

Josh Homme, forsprakki Queens of the Stone Age, syngur á væntanlegri plötu bresku sveitarinnar Arctic Monkeys. Gripurinn nefnist Suck It And See og er væntanlegur í byrjun júní.

Homme sá að mestu um upptökur á síðustu plötu Arctic Monkeys, Humbug, sem kom út árið 2009 og var hann því meira en til í aðstoða piltana á nýjan leik. Í þetta sinn syngur hann bakrödd í laginu All My Own Stunts.

„Við vildum hafa hefðbundna uppbygginguna á lögunum á plötunni," sagði söngvarinn Alex Turner um Suck It And See. „Við höfum alltaf reynt að hafa lögin okkar öðruvísi uppbyggð en það er ástæða fyrir því af hverju þessi hefðbundnu lög eru svona klassík."

Arctic Monkeys ætlar að fylgja plötunni eftir með tónleikahaldi í sumar og verður til að mynda aðalnúmerið á V-hátíðinni í Bretlandi í ágúst ásamt rapparanum Eminem.


**AÐSTOÐAR ARCTIC MONKEYS** Josh Homme, söngvari Queens of the Stone Age, syngur á næstu plötu Arctic Monkeys.



## > PLATA VIKUNNAR

The Dandelion Seeds - The Dandelion Seeds

★★★

„Fín frumsmíð frá efnilegri sveit með fyrirmyndirnar á hreinu." - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Glaðningur fyrir Bowie-fólk*

Flestum nýjum plötum er lekið á netið annað hvort áður en þær koma út eða fljótlega eftir útgáfudag. Það er samt sjaldgæft að heilar plötur með stórstjörnum poppsögunnar sem ekki stendur til að gefa út birtist á netinu. Það gerðist fyrir nokkrum dögum þegar platan Toy sem David Bowie tók upp árið 2000 dúkkaði upp á einhverri skráarskiptasíðunni. Síðan er hún auðvitað komin út um allt.

Þær upplýsingar sem má finna um Toy á netmiðlum stangast nokkuð á, en þeim ber flestum saman um að bróðurparturinn af lögunum á Toy hafi verið tekinn upp á þrettán dögum í Sear Sounds-hljóðverinu í New York árið 2000 með tónleikabandinu sem Bowie spilaði með á Glastonbury það ár. Platan var tilbúin til útgáfu í ársbyrjun 2001, en þá var hætt við útgáfuna.

Á plötunni sem nú má finna á netinu eru 14 lög. Þau þrjú fyrstu voru ný þegar platan var tekin upp, en tvö þeirra komu út í öðrum útgáfum á Heathen eða smáskífum tengdum henni árið 2002. Hin ellefu lögin eru svo endurhljóðritanir af lögum frá elsta tímabili David Bowie þar á meðal eru London Boys, Conversation Piece, Silly Boy Blue og Liza Jane, fyrsta smáskífulag Bowies sem Davie Jones & the King Bees gáfu út 1964. Bowie hafði lengst af afneitað þessu gamla efni, en þarna var hann farinn að vinna það upp á nýtt.



Ástæðurnar fyrir því að horfið var frá útgáfunni eru ekki á hreinu, en Virgin Records á að hafa hafnað plötunni, mögulega vegna þess að útgáfuréttur flestra laganna á henni var í höndum Universal. Nú er platan hins vegar komin í dreifingu og hvorki Universal, EMI eða núverandi útgáfufyrirtæki Bowies, Columbia fá krónu í sinn hlut. Og hvernig er svo Toy? Þetta er ekki ein af bestu plötum Bowies, en alls ekki sú versta heldur. Hún hefur sterkan heildarsvip og flottan hljóm og útsetningarnar á gömlu lögunum eru vel heppnaðar.





AUKASÝNINGAR Í MAÍ VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

fim. 12/5 kl. 20 - lau. 21/5 kl. 20 - fös. 27/5 kl. 20

VesturPort | Borgarleikhúsið

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



NORDICPHOTOS/GETTY

**VINSÆL** Söngkonan Adele hefur slegið í gegn úti um allan heim með hljómfagri rödd sinni og flottum lagasmíðum.

# Ótrúlegar vinsældir Adele

**Þrátt fyrir ungan aldur hefur breska söngkonan Adele slegið í gegn beggja vegna Atlantshafsins. Önnur plata hennar hefur setið í níu vikur á toppi breska breiðskífulistans.**

Önnur plata bresku söngkonunnar Adele, 21, hefur setið í níu vikur samfleytt á toppi breska breiðskífulistans. Þar með hefur hún jafnað met Madonnu yfir þær söngkonur sem hafa setið lengst í toppsætinu.

Lögin Rolling in the Deep og Someone Like You hafa notið mikilla vinsælda og hið síðarnefnda er núna í efsta sæti breska smáskífulistans.

Adele útskrifaðist árið 2006 úr Brit-tónlistarskólanum þar sem Amy Winehouse, Katie Melua og Leona Lewis hafa einnig stundað nám. Fyrst ætlaði hún ekki að verða söngkona heldur starfa við að koma öðrum listamönnum á framfæri. Söngferill hennar hófst óvænt eftir að vinur hennar setti á Myspace-síðuna upptökur af lögum sem hún hafði sungið í skólanum. Lögin vöktu athygli útgáfunnar XL Recordings sem samdi við hana sama ár.

Adele vakti fyrst athygli þegar hún var valin líklegust til að slá í gegn á árinu 2008 af sérfræðingum BBC. Þá var hún aðeins nítján ára og um leið yngsti flytjandinn til að hljóta þennan heiður. Fyrsta plata hennar, 19, fór beint í efsta sætið í Bretlandi og hefur núna selst í 1,1 milljón eintaka. Árið 2009 hlaut Adele svo bandarísku Grammyverðlaunin í tvígang, sem besti nýliðinn og fyrir lagið Chasing Pavement.

Platan 19 er núna í öðru sæti á breska breiðskífulistanum á eftir 21 en sú plata hefur selst í 1,5 milljón um eintaka eftir að hafa farið beint á toppinn í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Hver ætli ástæðan sé fyrir þessum ótrúlegu vinsældum Adele? Fyrir utan hljómfagra röddina og góð lög, sem hún semur sjálf, hjálpaði það henni að útgáfa hennar af lagi Bobs Dylan, Make You Feel My Love, var notuð margoft í breska X Factor-þættinum. Frammistaða Adele í bandaríska þættinum Saturday Night Live og á bresku Brit-hátíðinni átti einnig sinn þátt í vinsældunum. Á Brit-hátíðinni söng hún Someone Like You sitjandi við píanóið. „Maður er svo vanur tónlistarmönnum með mikil dansatriði en þetta var mjög berstrípað," sagði Paul Williams hjá Music Week í viðtali við BBC. Á tímum þegar of mikið af fyrirfram sköpuðum tónlistarmönnum er ýtt að almenningi kemur hún inn eins og ferskur stormsveipur."

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 24. mars - 30. mars 2011

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Magni | Ég trúi á betra líf |
| * | 2 | Vinir Sjonna | Coming Home |
| ▲ | 3 | Jessie J | Price Tag |
| ▼ | 4 | Valdimar Guðm. & Memfismafían | Okkar eigin Osló |
| ▲ | 5 | Bubbi Morthens | Ísabella |
| ▼ | 6 | Adele | Rolling In The Deep |
| ▲ | 7 | Rihanna | S&M |
| ▼ | 8 | P!nk | F**kin' Perfect |
| ▲ | 9 | Hurts | Sunday |
| ▼ | 10 | Sjonni Brink | Aftur heim |

## TÓNLISTINN

Vikuna 24. mars - 30. mars 2011

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Svavar Knútur | Amma |
| ▼ | 2 | Skálmöld | Baldur |
| ▲ | 3 | Ýmsir | Söngvakeppni Sjónvarpsins 2011 |
| ▼ | 4 | Justin Bieber | My Worlds |
| ▲ | 5 | Eagles | Complete Greatest Hits |
| ▲ | 6 | Retro Stefson | Kimbabwe |
| ▲ | 7 | Úr leikriti | Ballið á Bessastöðum |
| ▼ | 8 | Elly Vilhjálms | Heyr mína bæn |
| ▶ | 9 | Valdimar | Undraland |
| ▼ | 10 | Sin Fang | Summer Echoes |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



Fimm rétta

HOLI

hátíðarmatseðill

4.990 kr.

FORRÉTTUR

Pollichatu-lax
*Lax marineraður í blöndu af chillí, kúmmíni, kóríander, túrmerik, engiferi og hvítlauk. Grillaður í bananalaufi*

AÐALRÉTTIR

Barra-kebab
*Lambafillet, marinerað í hvítlauk, rauðu chillí, fenugreek og ferskri myntu. Vinsælasti lambaréttur Norður-Indlands*

og

Murg Chili Hussainee
*Einstök blanda af grænu chillí, hnetum, sinnepsfræjum, saffran og rjóma setur þennan kjúklingarétt í sérflokk*

og

Aloo Lucknowi
*Hægeldaðar kartöflur í ljúffengri blöndu af kúmmíni, kóríander, fenugreek, engiferi og hvítlauk*

MEÐLÆTI

Raitha
*Salat úr heimalagaðri jógúrt og gúrkum*

og

Basmati-hrísgrjón

og

Naan-brauð
*Gómsæti úr tandoori-ofninum*

EFTIRRÉTTUR

Crème Brûlée
*Indversk útgáfa af þessum klassíska rétti með kókos- og engiferbragði*

# HOLI-hátíð

## á Austur-Indíafjelaginu

### – gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli í apríl á hreint frábæru verði: **4.990 kr**.

***Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.***
***Borðapantanir í síma 552 1630.***





*HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvað annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**10 ÁR** skilja að kólumbísku söngkonuna Shakiru, sem 34 ára, og hinn 24 ára fótboltakappa Gerard Pique hjá Barcelona. Shakira birti mynd af þeim saman á Twitter-síðu sinni og staðfesti þar með ástarsamband þeirra.

## Dana í kjól frá Gaultier

**Ísraelska söngkonan Dana International mun klæðast kjól eftir tískuhönnuðinn heimsfræga Jean-Paul Gaultier í Eurovision-keppninni í maí. Dana hefur úr átta kjólum að velja eftir Gaultier og gefur aðdáendum sínum kost á að kjósa á netinu um hvaða kjól hún skuli klæðast. Dana vann Eurovision árið 1998 og klæddist þá einnig kjól frá Gaultier. Fari svo að hún vinni Eurovision verður hún fyrsta sólósöngkonan sem fagnar sigri tvisvar sinnum í keppninni sem flytjandi.**



**Í GAULTIER-KJÓL** Dana International verður í kjól frá Jean-Paul Gaultier í úrslitum Eurovision.

# Ég var alltaf að drífa mig svolítið

**Ólafur Jóhannesson er sennilega einn afkastamesti kvikmyndagerðarmaður landsins þótt honum sé eflaust lítið um þann titil gefið sjálfum. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við leikstjórann um nýja sýn á kvikmyndagerðina og leiðina heim til Búðardals.**

„Mér líður bara nokkuð vel. Það eru allir með eitthvað í sínu lífi sem bíður dóms annarra. Og þá myndast ákveðið spennuástand og áttavitinn ruglast eilítið," segir Ólafur Jóhannesson kvikmyndaleikstjóri en mynd hans, Kurteist, fólk verður frumsýnd í kvöld.

Kurteist fólk segir frá Lárusi, verkfræðingi með allt niðrum sig í vinnunni og einkalífinu, sem lýgur sig inn í lítið samfélag úti á landi og lýsir því yfir að hann ætli að bjarga sláturhúsi staðarins. Og allt hefur þetta auðvitað sínar kostulegu afleiðingar. Valinn maður er í hverju hlutverki en aðalhlutverkin eru í höndum Stefáns Karls Stefánssonar, Eggerts Þorleifssonar og Ágústu Evu Erlendsdóttur. „Mig langaði til að gera fjöl-persónu kvikmynd úti í sveit um pólitíska spillingu. Spillingarmálin á Íslandi eru nefnilega svo fyndin, menn athafna sig fyrir opnum dyrum en af því að Íslendingar eru svo uppteknir við vinnu þá nenna þeir ekki að mótmæla spillingunni," segir Ólafur en myndin er mestöll tekin upp í heimabæ leikstjórans, Búðardal. „Það var mjög notalegt að koma aftur heim, þetta var eiginlega svona svipað eins og að fara í gott nudd. Við fengum mikla samvinnu frá heimamönnum, fengum að nota húsin þeirra í tökur og fólk fékk sér bara kaffi á meðan í næsta húsi. Þetta var því allt mjög heimilislegt."

Ólafur er sennilega einn afkastamesti leikstjóri landsins og hefur verið nánast stanslaust að frá því að Blindsker, saga Bubba Morthens, var frumsýnd 2004. Fáum kemur það því á óvart að hann skuli klára tvær myndir þetta árið, Kurteist fólk er önnur þeirra og hin er Borgríki, hasarmynd um undirheima Reykjavíkur. „Myndirnar eru unnar á mjög ólíku tímabili og ég hef því skipt mínum tíma jafnt á milli þeirra og þannig getað komið alltaf ferskur inn, náð smá fjarlægð á þær."

Ólafur viðurkennir að hann hafi breytt sínu verklagi, til að mynda séu tvö ár liðin frá því að formlegum tökum á Kurteisu fólki lauk. „Maður vill bara vanda sig við að framreiða þennan rétt. Maður hefur hvorki getu né hæfileika til að rumpa þessu út úr sér á örskotsstundu. Ég var alltaf að drífa mig svolítið. Helsti munurinn er hins vegar sá að ég hef lært að nota fólkið í kringum mig, ókunnugt fólk og samstarfsfólk."

Ólafur ætlar að taka sér smá pásu núna, njóta þess að finna sumarið koma og finna ferskt loft. „Ég er líka kominn á þann stað að mig langar til að vinna með annarra manna verk, komast bara í vinnu einhvers staðar. Það er komin ný plata á fóninn og nú er bara að sjá hversu lengi hún endist, kannski verður hún bara smáskífa."

freyrgigja@frettabladid.is



**TREYSTI Á SAMSTARFSFÓLKIÐ** Ólafur segist hafa lært það að treysta á samstarfsfólk sitt og jafnvel ókunnugt fólk en kvikmynd hans, Kurteist fólk, verður frumsýnd í kvöld. Leikstjórinn segir það hafa verið heimilislegt að taka upp í heimabæ sínum, Búðardal. Hér er hann með framleiðandanum Kristínu Andreu Þórðardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Lady Gaga verður dálkahöfundur

Söngkonan Lady Gaga er greinilega fær í flestan sjó en hún gerðist nýverið dálkahöfundur hjá tímaritinu V. Ekki er vitað hvað poppdívan ætlar að skrifa um en búist er við að það veki eftirtekt eins og allt sem hún tekur sér fyrir hendur. Líklegt þykir að Gaga skrifi um tísku en hún hefur verið mikill frumkvöðull í tískuheiminum undanfarið og er því trúverðugur dálkahöfundur á því sviði.

Fyrsti pistilinn hennar kemur í sumarútgáfu blaðsins sem væntanleg er í verslanir 12. maí.



**Í BLAÐABRANSANN** Poppdívan Lady Gaga getur nú bætt starfsheitinu dálkahöfundur á ferilskrána en frumraun hennar á því sviði kemur út 12. maí í tímaritinu V. NORDICPHOTOS/GETTY







## 20% afsláttur af Chanel dagana 31. Mars – 3. apríl

**Verið velkomin dagana 31. mars - 6. april. í snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu Kringlunni. Gréta Boða sérfræðingur í Chanel mun taka vel á móti ykkur og veita faglega ráðgjöf.**

## Nýjungar í Chanel:

- Rouge Coco Shine varalitur , nýjasta æðið í Chanel. Varalitur sem eykur vellíðan og gefur 8 tíma raka.
- Nýtt "look" fyrir augu. Nýr maskari "Sublieme De Chanel" augnhárin eru í aðalhlutverki, hann lengir, brettir og þykkir.
- Næring fyrir augnhárin, góð undir maskarann og einnig ein og sér yfir nótt. Verndar og nærir augnhárin.
- Augnskuggar bæði einfaldir nýir litir og fjórfaldir í bláum tónum.

Lyf & heilsa
*Kringlunni*

# Jodie Foster stendur með Gibson

Jodie Foster stendur þétt við bakið á hinum ástralska vandræðagemsa, Mel Gibson. Gibson leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni, The Beaver, sem Foster bæði leikstýrir og leikur aðalhlutverkið í en hún var frumsýnd fyrir fullum sal á SXSW-hátíðinni á þriðjudagskvöld. Karen Vilby, blaðakona EW.com, var á svæðinu og að hennar sögn var mikil spenna í loftinu, fólk var augljóslega spennt fyrir því að sjá Mel Gibson aftur á stóra hvíta tjaldinu eftir allt sem á undan er gengið. En Gibson hefur verið stanslaust í fréttum vegna heimilisofbeldis, drykkjuskapar og and-gyðinlegra ummæla.

Foster ákvað einnig að svara spurningum úr sal eftir frumsýningu myndarinnar en áhorfendur voru augljóslega feimnir við þessa hæglátu stórstjörnu. Foster var hins vegar spurð að því af hverju hún hefði lýst því yfir að The Beaver hefði verið hennar erfiðasta verkefni. „Mér fannst erfitt að finna hinn rétta tón myndarinnar," svaraði Foster. Foster var þá spurð hvort hún hefði séð eftir því að ráða Mel Gibson í aðalhlutverkið. „Ég er alveg ótrúlega þakklát fyrir að hafa notið starfskrafta Gibsons," svaraði Foster og við það klöppuðu flestir viðstaddra svo undir tók í salnum. Foster bætti því við að allir í Hollywood vissu að það væri enginn betri á tökustað en Mel Gibson. „Hann og Chow Yun-Fat eru bestu samstarfsfélagar sem þú færð í þessum bransa."



**STYÐUR SINN MANN** Jodie Foster stendur þétt við bakið á Mel Gibson og lýsti því yfir á kvikmyndahátíð nýverið að hann væri besti samstarfsfélagi sem völ væri á. Foster leikstýrir honum í kvikmyndinni The Beaver.

# Bæjarstjóri gerir stuðsamning

„Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar skulu stuðla að óæskilegri hegðun og almennum kjánaskap meðan á hátíðinni stendur, meðal annars með því að dansa kjánalega, trufla hljómsveitir og ganga á fjörur við sjálft tónlistarfólkið. Enn fremur ur að vera í stuði yfir dagana fjóra," segir í sérstökum „stuðsamningi" milli skipuleggjenda tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður og Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra Ísafjarðar, sem skrifað var undir á Ísafjarðarflugvelli á þriðjudag. Margvíslegt aðkoma bæjarins að hátíðinni, sem haldin verður í áttunda sinn dagana 21. til 23. apríl næstkomandi, var þar staðfest formlega ásamt samstarfi við fleiri aðila á borð við Flugfélag Íslands, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar og Inspired by Iceland, en tónleikum hátíðarinnar verður streymt í gegnum heimasíðu markaðsverkefnisins.

Um þrjátíu atriði verða í boði á hátíðinni í ár og segir Jón Þór Þorleifsson rokkstjóri áhuga tónlistarfólks á hátíðinni vera forréttindi. Til marks um það hafi hann neyðst til að hafna um 120 atriðum sem vildu koma fram.

Meðal atriða í ár má nefna Pál Óskar, Nýdönsk, FM Belfast, Bjartmar og Bergrisana, Klassart, Lifun, Valdimar og Grafík, að ógleymdum Mugison, einum skipuleggjenda hátíðarinnar. Þá mætir ísfirska kvennasveitin Sokkabandið til leiks eftir áralangt hlé. **- kg**



**UPPHAFSMAÐUR** Mugison tók Gúanóstelpuna, óopinbert einkennislag Aldrei fór ég suður, fyrir fjölmiðlafólk á verkstæði KNH á Ísafirði þar sem tónleikarnir fara fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN








SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 8 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:20 | VIP |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:40 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 | 10 |
| UNKNOWN | kl. 10:10 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 8 - 10.30 | 10 |
| MARS NEEDS MOMS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 5.30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | 6 - 8:20 - 10:30 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6:10 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |

SKANNAÐU SAMbio.is




SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| KURTEIST FÓLK LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| LIMITLESS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 10.15 | 12 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| RANGO ENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5% AUKAKRÓNUR

| | | |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| LIMITLESS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BIUTIFUL | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| LIMITLESS | KL. 10 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 | 12 |
| BLACK SWAN | KL. 6 SÍÐASTA SÝNING | 16 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5% AUKAKRÓNUR
facebook /smarabio • facebook /haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| KURTEIST FÓLK | 6, 8 og 10 |
| NO STRINGS ATTACHED | 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 5.50 |
| RANGO - ENS TAL | 8 og 10.10 |

BAR & CAFÉ BÍÓ PARADÍS

| | |
|---|---|
| FOUR LIONS (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ROKLAND | 17:40, 20:00, 22:20 |
| THE FIGHTER (14) | 17;40, 20:00, 22:20 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40 |
| INSIDE JOB | 22:20 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


TOWER
borgari
máltíð
mánaðarins
á kfc
nýbakað hamborgarabrauð
létt majónes og tómatsósa
ferskt iceberg salat
ostur
kartöfluskífa
mjúk kjúklingabringa
899 kr.
0gr. trans-fita
svooogott™
www.kfc.is
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

# sport

sport@frettabladid.is



**STJARNAN** getur sópað Íslandsmeisturum Snæfells í sumarfrí í kvöld. Liðin mætast þá í þriðja sinn í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla. Garðbæingar hafa unnið tvo fyrstu leiki rimmunnar og geta með sigri í kvöld komist í úrslitaeinvígið í fyrsta skipti í sögu félagsins.

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**Keflavík-KR 87-105**
Keflavík: Sigurður Gunnar Þorsteinsson 21/13 fráköst, Thomas Sanders 18, Andrija Ciric 16, Magnús Þór Gunnarsson 8/7 stoðsendingar, Hörður Axel Vilhjálmsson 7/4 fráköst/8 stoðsendingar/6 stolnir, Gunnar Einarsson 6/6 fráköst, Elentínus Margeirsson 5, Jón Nordal Hafsteinsson 4, Þröstur Leó Jóhannsson 2.
KR: Marcus Walker 31/8 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 17/4 fráköst, Pavel Ermolinskij 17/15 fráköst/8 stoðsendingar/5 stolnir, Hreggviður Magnússon 10, Fannar Ólafsson 9/6 fráköst, Skarphéðinn Freyr Ingason 8, Finnur Atli Magnússon 6/5 fráköst, Ágúst Angantýsson 4, Jón Orri Kristjánsson 2/7 fráköst, Ólafur Már Ægisson 1.

*N1-deild kvenna:*

**Fram-Stjarnan 38-30 (18-15)**
Mörk Fram: Karen Knútsdóttir 10, Hildur Þorgeirsdóttir 8, Stella Sigurðardóttir 5, Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 4, Pavla Nevarilova 4, Marthe Sördal 2, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2, Ásta Birna Gunnarsdóttir 1, María Karlsdóttir 1.
Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 18, Elísabeth Malmberg Arnarsdóttir 2.
Mörk Stjörnunnar: Jóna Margrét Ragnarsdóttir 10, Elísabet Gunnarsdóttir 7, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Kristín Jóhanna Clausen 2, Esther Viktoría Ragnarsdóttir 2, Sólveig Lára Kjærnested 2, Hildur Harðardóttir 1, Aðalheiður Hreinsdóttir 1, Rut Steinsen 1, Þórhildur Gunnarsdóttir 1.
Varin skot: Helga Dóra Magnúsdóttir 7, Sólveig Björk Ásmundardóttir 7.

**Valur-Fylkir 31-19 (16-9)**
Mörk Vals: Dagný Skúladóttir 6, Íris Ásta Pétursdóttir 6, Kristín Guðmundsdóttir 5, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 4, Karólína B. Gunnarsdóttir 4, Camilla Transel 2, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 2, Rebekka Rut Skúladóttir 1, Anett Köbli 1.
Mörk Fylkis: Sunna María Einarsdóttir 8, Sunna Jónsdóttir 4, Arna Valgerður Erlingsdóttir 2, Unnur Ómarsdóttir 2, Anna María Guðmundsdóttir 1, Nataly Sæunn Valencia 1, Tinna Soffía Traustadóttir 1.

*Sænski körfuboltinn:*

**Solna-Norrköping 88-90**
Logi Gunnarsson skoraði sex stig fyrir Solna. Hann reyndi að tryggja liðinu sigur með þriggja stiga skoti undir lokin en það geigaði. Solna er úr leik og farið í sumarfrí.

*Þýski handboltinn:*

**Friesenheim-Lubbecke 26-34**
Þórir Ólafsson skoraði 12 mörk fyrir Lubbecke og þar af 6 úr vítum.

*Danski handboltinn:*

**AGK-Viborg 38-23**
Snorri Steinn Guðjónsson skoraði 2 mörk fyrir AGK en Arnór Atlason lék ekki með liðinu.

**Nordsjælland-AaB 35-28**
Ingimundur Ingimundarson náði ekki að skora fyrir AaB.

*Sænski handboltinn:*

**GUIF-Drott 34-29**
Haukur Andrésson komst ekki á blað fyrir GUIF sem bróðir hans, Kristján, stýrir. Gunnar Steinn Jónsson skoraði 4 mörk fyrir Drott, þar af eitt úr víti.

# Erfitt að slökkva á öllum þessum vopnum okkar

**Keflvíkingar réðu ekkert við bakvarðasveit KR-inga í Toyota-höllinni í gærkvöldi og eru bara einum tapleik frá sumarfríi. KR er hins vegar í meistaraham. Marcus Walker, Pavel Ermolinskij og Brynjar Björnsson áttu allir stjörnuleik.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar eru einum sigurleik frá úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn í Iceland Express-deild karla eftir sannfærandi 18 stiga sigur á Keflavík, 105-87, í Toyota-höllinni í gærkvöldi. KR varð þar með fyrsta liðið til að vinna Keflvíkinga á heimavelli þeirra á árinu 2011 og það þarf mikið að breytast ætli Keflvíkingar sér að vinna einhvern leik í þessari seríu.

KR-ingar gáfu tóninn með frábærri byrjun og virtust alltaf eiga svör þegar Keflavíkurliðið reyndi að koma sér inn í leikinn aftur. Bakvarðarsveitin Marcus Walker, Pavel Ermolinskij og Brynjar Þór Björnsson áttu allir stjörnuleik og KR-ingar virtust bara vera númeri of stórir fyrir Keflavíkurliðið. Bakvarðasveitin var ekki bara í stuði í sókninni því í vörninni lokuðu þeir flestum leiðum. Það sést vel á því að í seinni hálfleik skoruðu þeir Thomas Sanders, Hörður Axel Vilhjálmsson og Magnús Þór Gunnarsson aðeins fjögur stig saman og náðu enn fremur bara 9 skotum á körfuna.

„Þetta var frábær sigur og við höfðum allir mjög góða tilfinningu fyrir þessum leik. Það var mikil ró yfir liðinu og við vissum alveg hvað við áttum að gera,“ sagði Pavel Ermolinskij sem var með 17 stig, 15 fráköst, 8 stoðsendingar og 5 stolna bolta í gær. KR-ingar voru óhræddir að keyra upp hraðann og Keflavíkurliðinu gekk illa að ráða við það.

„Við breytum ekki okkar leik fyrir neinn og það er okkar leikur að keyra upp hraðann. Auðvitað vilja Keflvíkingar líka spila á þessum hraða en mér finnst við gera það betur en þeir og önnur lið,“ sagði Pavel en þessi leikstíll nýtist honum, Marcus og Brynjari afar vel.

„Það erfitt að slökkva á öllum þessum vopnum. Þú getur slökkt á einum eða tveimur en það eru svo mörg vopn í þessu liði að það getur enginn haldið í við okkur alla. Svo pössum við þrír allir mjög vel saman og vegum hver annan upp,“ sagði Pavel.

Pavel býst samt við alvöruleik á föstudagskvöldið í DHL-höllinni. „Það verður stríð í næsta leik. Það er ekki gott dæmi að mæta Keflvíkingum með bakið upp við vegg og þú vilt ekki lenda í þeim. Þetta verður algjört stríð en við höldum bara áfram að gera okkar hluti og erum ekki að fara að breyta neinu. Þeir geta verið með einhverjar áherslubreytingar en það skiptir okkur engu máli. Við munum halda tryggð við okkar leik og treysta að það gangi upp,“ sagði Pavel.



**SJÓÐHEITUR** Marcus Walker hefur farið á kostum með KR í úrslitakeppninni og átti enn enn stórleikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útlitið er vissulega svart hjá Keflavíkurliðinu sem gafst upp í lokin í gær og þarf að finna einhvern aukakraft til að fá annan heimaleik í vetur.

„Við erum vissulega 2-0 undir en þetta snýst um að vera fyrstur að vinna þrjá leiki. Þetta er ekkert flókið við þurfum bara að byrja á því að vinna einn útileik,“ sagði Magnús Þór Gunnarsson.

„Við þekkjum þessa stöðu og það verður gaman að sjá hvað gerist. Þetta er mikil áskorun fyrir okkur að sjá hvort við getum þetta eða ekki,“ sagði Magnús sem var í aðalhlutverki árið 2008 þegar Keflavík varð eina liðið í sögunni til að koma til baka eftir að hafa lent 2-0 undir.

„Við spiluðum samt betur í þessum leik heldur en í hinum leiknum þannig að við erum á góðri leið. Verðum við ekki að segja allt þegar þrennt er. Ef við vinnum næsta leik þá erum við komnir í góð mál og komnir heim aftur. Við verðum bara að fara átta okkur á því að leikurinn stendur í 40 mínútur,“ sagði Magnús Þór.

ooj@frettabladid.is



**GRIMMAR** Stjörnustúlkan Jóna Margrét Ragnarsdóttir er hér stöðvuð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

N1-deild kvenna:

## Auðveldir sigrar hjá Val og Fram

**HANDBOLTI** Undanúrslit N1-deildar kvenna hófust í gær. Valur vann fyrirhafnarlítinn ellefu marka sigur á Fylki á sama tíma og Fram lagði Stjörnuna með átta marka mun.

Framstúlkur héldu 3-4 marka forskoti allan fyrri hálfleikinn og komust mest í 5 marka forystu 13-8. Garðbæingar bitu hins vegar aðeins frá sér í lok fyrri hálfleiks og minnkuðu muninn í þrjú mörk.

Fram var eina liðið á vellinum í síðari hálfleik og skoruðu Framstúlkur sjö mörk gegn tveimur á fyrstu tíu mínútum seinni hálfleiks og Garðbæingar áttu fá svör við frábærum leik Framara. Mestur fór munurinn í 10 mörk 34-24 þegar um tíu mínútur voru eftir af leiknum.

„Ég bjóst ekki alveg við þessu, enda átti ég von á hörkuleik og þetta var þannig í fyrri hálfleik. Við spiluðum frábærlega í seinni hálfleik og þar skildu leiðir,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, kampakátur í leikslok enda fyrri leikir þessara liða í vetur verið mun jafnari.

„Við fórum vel yfir það sem mátti laga í hálfleiknum og stelpurnar löguðu það enda erum við að spila á móti mjög sterku liði. Þær sýndu það í dag með því að skora 30 mörk á útivelli og leikurinn á laugardaginn verður þrautinni þyngri.“

Gústaf Adolf Björnsson, þjálfari Stjörnunnar, var allt annað en sáttur við sitt lið eftir leikinn í kvöld enda munurinn á milli liðanna heldur mikill

„Þetta er alltaf hættan gegn sterkum liðum og ef þú ert ekki tilbúinn hvað varðar vinnslu og grimmd þá verðurðu bara undir í dag á móti svona öflugu Framliði,“ sagði Gústaf.

Næsti leikur Fram og Stjörnunnar fer fram næstkomandi laugardag í Garðabænum og þar verða Stjörnustúlkur að sigra ætli þær sér lengra. - hv




Íþróttahelgin gerð upp í Fréttablaðinu

Vegleg og aukin íþróttaumfjöllun í Fréttablaðinu mánudaga




Allt sem þú þarft...



**KASI-JESPER** Ætlar sér stóra hluti með AG en mun samt halda tryggð við Rhein-Neckar Löwen. NORDICPHOTOS/GETTY

Jesper Nielsen:

## Mun áfram styrkja Löwen

**HANDBOLTI** **Jesper Nielsen, eigandi AG Kaupmannahafnar og einn aðalstyrktaraðili Rhein-Neckar Löwen í Þýskalandi, ætlar ekki að hætta að styrkja félagið á næstu árum.**

**Nielsen tilkynnti í dögunum að hann ætlaði að styrkja AG með því að fá Íslendingana þrjá hjá Löwen, þá Ólaf Stefánsson, Róbert Gunnarsson og Guðjón Val Sigurðsson, til Danmerkur fyrir næsta tímabil. Þá hefur hann einnig hug á að fá Karol Bielecki, sem og Krzysztof Lijewski sem ætlaði að fara til Löwen í sumar.**

**„Ég er stoltur stuðningsaðili Löwen og verð áfram. Samningur félagsins við Pandora, fyrirtæki mitt, rennur út árið 2012 en ég mun vera áfram hjá félaginu að minnsta kosti til 2015," sagði Nielsen við þýska fjölmiðla.** - esá



**STJÓRINN** Sir Alex Ferguson ætlar að styrkja leikmannahóp United í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson:

## Vill fá 2-3 leikmenn í sumar

**FÓTBOLTI** Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, er vongóður um að honum takist að styrkja leikmannahóp liðsins með 2-3 nýjum leikmönnum.

Félagið er á höttunum eftir nýjum markverði, þar sem Edwin van der Sar mun leggja hanskana á hilluna í sumar. Þá hefur Hollendingurinn öflugi Wesley Sneijder hjá Inter verið sterklega orðaður við United. Jack Rodwell hjá Everton kemur einnig til greina.

„Við erum með ákveðna menn í huga og ég held að það sé engin spurning að við munum fá tvo eða þrjá nýja menn í sumar," sagði Ferguson við enska fjölmiðla. „Glazer-fjölskyldan [eigendur United] hafa alltaf veitt okkur stuðning þegar kemur að því að styrkja liðið." - esá

A-landslið karla í knattspyrnu:

## Leikið við Ungverja í ágúst

**FÓTBOLTI** **Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er nánast frágengið að Ísland muni spila vináttulandsleik við Ungverja hinn 10. ágúst næstkomandi. Leikurinn fer fram ytra en það hefur tíðkast undanfarin ár að landsliðið spili á Laugardalsvelli í ágústmánuði.**

**Leikurinn yrði fyrsti vináttulandsleikur Íslands á árinu en landsliðið leikur gegn Danmörku heima og Noregi ytra í byrjun september. Þeir leikir eru í undankeppni EM 2012.**

**Þetta er sterkasti andstæðingurinn sem Ísland hefur mætt í vináttulandsleik í nokkurn tíma en Ungverjaland er í 36. sæti heimslistans og skoraði þrjú mörk í útileik gegn Hollandi nú fyrr í vikunni. Leikurinn tapaðist þó, 5-3.** - esá

Aron Kristjánsson á enn í viðræðum við þýska félagið Hannover-Burgdorf um starfslok:

# Fyrsti kostur að þjálfa á Íslandi næsta vetur

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson er á heimleið eftir tæpa ársdvöl í Þýskalandi þar sem hann var að þjálfa hjá úrvalsdeildarliðinu Hannover-Burgdorf. Honum var sagt upp störfum hjá félaginu fyrir nokkrum vikum en er enn á fullum launum þar sem samningur hans rennur út árið 2012.

„Ég á enn í viðræðum um starfslok og er boltinn í raun hjá félaginu. Ég er í raun að verða vitlaus á biðinni," sagði Aron í samtali við Fréttablaðið í gær. „Staðan á málinu er afar viðkvæm en ég vonast til þess að þetta hafist á næstu vikum."

Aron stefnir að því að koma heim til Íslands í næstu viku með fjölskyldu sinni. „Fjölskyldan mun alla vega flytja heim og það er svo spurning hvað gerist hjá mér. Ég er enn á launum hjá félaginu og þarf að vera skráður í Þýskalandi á meðan svo er. En félagið veit vel að það er mín ósk að flytja heim til Íslands og það er örugglega ekki hagur félagsins að halda þessu óbreyttu. Þeir vilja semja en ég er enn að bíða eftir svari."

Aron hefur fullan hug á því að halda áfram þjálfun en hann hefur gert það gott með Haukum hér á landi og Skjern í Danmörku.

„Ef tækifæri gefst á Íslandi verður það minn fyrsti kostur. Mér berast reglulega fyrirspurnir en ég hef ýtt því frá mér sem ekki kemur frá Íslandi," segir Aron en hann hefur þó ekki hafið viðræður við neitt íslenskt félag.

„Ég hef sagt við þá sem ég hef talað við að ég geri ekkert fyrr en mín mál eru útkljáð hér. Það skiptir mestu máli og þá get ég byrjað að hugsa um næsta skref." - esá



**ARON KRISTJÁNSSON** Hér á hliðarlínunni í leik með Hannover-Burgdorf í þýsku úrvalsdeildinni. NORDIC PHOTOS/BONGARTS




Masters, Meistaradeildin og fleira á Stöð 2 Sport
The Masters - flottasta golfmót ársins
Barcelona og Real Madrid mætast tvisvar!
Malasíu- og Shanghai-kappaksturinn í Formúlu 1
8 liða úrslit í Meistaradeild Evrópu
Stjörnurnar í NBA úrslitakeppninni
Strákarnir okkar í þýska handboltanum
Amir Kahn mætir í hringinn
Úrslitin í Iceland Express deildinni
Man. Utd. mæta Man. City í enska bikarnum

Stóru liðin mætast á Stöð 2 Sport 2
Fjórar umferðir og rúmlega 40 leikir í beinni.
Manchester United - Fulham, 9/4
Liverpool - Manchester City, 11/4
Arsenal - Liverpool, 17/4
Chelsea - Tottenham, 30/4
Newcastle - Man. Utd 19/4
Tottenham - Arsenal 20/4
Arsenal - Man. Utd. 1/5
Sunnudagsmessan með Gumma Ben og Hjörvari Hafliða

THE GOLF CHANNEL
EIN FLOTTASTA SJÓNVARPSSTÖÐ SINNAR TEGUNDAR Í HEIMINUM FYLGIR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT.

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

SJÓNVARPSSTÖÐVAR STÓRLIÐANNA CHELSEA, MAN. UTD. OG LIVERPOOL FYLGJA FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT3 2 SPORT4 2 SPORT5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is



**21 PUND** vó stærsti laxinn sem Bubbi Morthens hefur veitt. Laxinn veiddi Bubbi – og sleppti – á Knútsstaðatúni í Laxá í Aðaldal í lok júlí í fyrra.

**12 PUNDA** bleikjur voru meðal stærstu fiskanna sem fengust í nepjunni við opnun Varmár hjá Hveragerði 1. apríl í fyrra.

FLUGAN



MYND/FLUGAN.IS

## Mjög skæð í sjóbirtinginn

Flæðarmús er ein af skæðustu íslensku sjóbirtingsflugunum og við hæfi að birta mynd af henni hér í upphafi veiðitímabils.

Fjölmargir veiðimenn kunna margar sögur af baráttunni við þann stóra sem lét glepjast af Flæðarmúsinni hans Sigga Páls.

**Uppskrift**

Öngull – Legglangur straumfluguöngull
Tvinni – Svartur UNI 6/0
Stél – Hár úr blálituðu íkornaskotti
Loðkragi – Fön úr svartlitaðri strútsfjöður
Vöf – Ávalt UNI tinsel
Búkur – ½ silfrað chenille og ½ rauð ull
Skegg – Silfrað Flashabou og hvítlituð hjartarhalahár
Vængur – Rauðlituð hjartarhalahár, rauðlitaðar hanahálsfjaðrir og grábekkjóttar hanahálsfjaðrir
Haus – Svartur. Ámáluð rauð augu með gulum augasteinum.

## AF BAKKANUM

### Veiði í Elliðavatni hefst 20. apríl

Stjórn Veiðifélags Elliðavatns hefur ákveðið að veiði í vatninu hefjist 20. apríl en ekki 1. apríl eins og í fyrra. Opnunin í fyrra var undantekning frá reglunni því fram að því hafði veiði í Elliðavatni hafist 1. maí ár hvert.

### Veiðin á Facebook

Veiðibúðir og veiðifélög nýta sér í auknum mæli Facebook til að auglýsa tilboð og veiðileyfi. Hefur þetta vakið þónokkra athygli enda hafa fyrirtækin laðað til sín „vini" með nokkurs konar happdrætti þar sem í verðlaun eru til dæmis veiðistangir og veiðileyfi. Til þess að fá upplýsingar frá þessum fyrirtækjum á Facebook þurfa notendur að smella á „líkar eða like".

### Norðurá árið 1938

Einstakt myndband sem tekið var upp í Norðurá árið 1938 er komið á Youtube. Vefur Stangaveiðifélags Reykjavíkur greindi frá þessu fyrir fáeinum dögum. Á myndbandinu, sem er þriggja mínútna langt, má sjá laxa reyna að stökkva upp Laxfoss. Nægir að skrifa „Norðurá 1938" í leitarglugga Youtube til að sjá myndbandið.

# Veiðileyfaokrið er dónalegt og það er della að sleppa

**Löng bið stangaveiðimanna eftir nýrri vertíð er nú senn á enda. Á morgun hefst vorveiðin og af því tilefni sló Fréttablaðið á þráðinn til Sigurðar Pálssonar, málara og eins fremsta fluguhnýtara landsins.**

Stangaveiðitímabilið hefst á morgun í vötnum og ám víða um land. Í kvöld og næstu daga munu veiðimenn víða um land því dusta rykið af veiðidótinu, festa tauma á línur og tína sjóbirtings- og silungaflugur í box.

Sigurður Pálsson, málari og fluguhnýtari, er einn af þeim sem ætla í veiði um helgina. Þegar blaðamaður spurði hvort hann væri ekki til í smá spjall um vorveiðina svaraði Sigurður: „Ég er nú bara venjuleg manneskja. Ég horfi ekki á lífið í gegnum stangarlykkjurnar." Þrátt fyrir þetta svar þurfti nú ekki beinlínis að draga setningarnar upp úr Sigurði í framhaldinu.

„Ætli ég fari ekki austur í Landbrot um helgina. Kunningjar mínir verða þar," segir Sigurður. „Það er reyndar ekki alveg ráðið hvar þeir verða en ég ætla í heimsókn til þeirra – með stöngina. Ég held að það séu allar líkur á því að það verði vel tekið á móti mér. Ég stundaði vorveiðina af meira kappi hér áður fyrr en það er samt alltaf gaman að fara út að leika sér."

Þrátt fyrir að vorveiðin skipi ekki jafn mikinn sess í lífi Sigurðar í dag og áður segist hann veiða mikið á sumrin.

„Þá fer ég víða og oft. Ég fer aðallega með vinum mínum sem eiga ekki hund, þeir taka mig með í staðinn. Ég fer reyndar alltaf í Laxá í Dölum í september. Þar er svo gaman að á heimleiðinni fer maður að hlakka til næstu ferðar að ári. Síðan fer ég líka í Sogið. Það er ótrúlega skemmtileg á, og falleg."



**VEIÐIMAÐUR MEÐ ÁKVEÐNAR SKOÐANIR** Sigurður Pálsson er þeirrar skoðunar að Rangársleppingarnar eigi eftir að eyðileggja alla laxastofna á Suðurlandi og jafnvel víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Höfundur Flæðarmúsarinnar

Á meðal veiðimanna er Sigurður líklega frægastur fyrir að hafa hnýtt margar góðar flugur. Sjálfur segir hann að Flæðarmúsin sé líklega hans frægasta fluga þó að Dýrbíturinn sé líka mikið notaður. Spurður hvort hann sé með einhverjar nýjar baneitraðar flugur á teikniborðinu svarar hann: „Nei, það gerist ekki þannig. Ég kann ekki almennilega að skýra það hvernig góðar flugur verða til. Ég fikra mig bara hægt og rólega áfram. Þannig gerðist það til að mynda með Flæðarmúsina. Síðan ég hnýtti hana hef ég séð að hún á sér margar systur. Ég hef til dæmis séð keimlíkar flugur á plakati með frægustu flugum Suður-Ameríku."

> Að veiða og sleppa er bara tíska og það er ekki djúp hugsun í þessu frekar en annarri tísku yfirleitt.
>
> SIGURÐUR PÁLSSON

Sigurður hnýtir að sjálfsögðu sínar eigin flugur þó að hann veiði stundum á flugur eftir aðra menn. Hann segir að vissulega sé ljúft og gaman að veiða á eigin flugur. Það sé aftur á móti orðið svo hversdagslegt að hann fái ekki lengur fiðring yfir því. Hann segist aðallega hnýta flugurnar heima hjá sér, þó hafi hann líka hnýtt flugur í veiðihúsum. Spurður hvort hann hafi hnýtt flugu úti á árbakka segist hann ekki hafa gert það. Það hafi þó einu sinni verið gert fyrir hann.

„Stefán Jónsson, fréttamaður, þingmaður og snilldarmaður, hnýtti einu sinni fyrir mig flugu á bakkanum við Reykjadalsá í Borgarfirði árið 1977. Þetta var pínulítil einkrækja og laxinn tók í fyrsta kasti. Stefán var ótrúlegur maður, ég er viss um að þeir sem segja að hláturinn lengi lífið hafi ekki farið í bíltúr með Stefáni."

### Á móti því að veiða og sleppa

Það þarf ekki að tala lengi við Sigurð til að átta sig á því að hann hefur sterkar skoðanir á þróuninni í laxveiði hér á landi. Hann er mótfallinn því að veiða og sleppa.

„Þetta er bara bull, ég nenni nú varla að ræða þetta," segir Sigurður en heldur þó áfram. „Þeir sem halda því fram að það sé af hinu góða að veiða og sleppa hafa ekki kynnt sér neitt og vita ekkert um hvað þeir eru að tala. Það er ekki verið að vernda nokkurn skapaðan hlut með þessu. Oftast er þetta bara til vandræða. Það eru ekki mörg dæmi um að stór hrygningarstofn hafi gefið af sér stóran veiðistofn. Það eru aftur á móti mörg dæmi um að lítill hrygningarstofn hafi gefið af sér stóran veiðistofn. Að sleppa stórum fiski til að vernda sérstaklega stóran stofn er líka della. Erfðafræðingar hlæja að þessum rökum enda er sama erfðaefnið í litlum og stórum fiski ef um einhvern stofn er að ræða.

Ég er svo frumstæð mannskepna að ég veiði til að borða fiskinn. Ég er ekki að togast á við hann til að segja honum síðan: „Ég var bara að leika mér". Það eru tvö augnablik best í veiði, að plata fiskinn til að taka og setjast niður til að borða hann. Það sem er þarna á milli er bara vinna. Það verður að vera eitthvað alveg sérstakt ef ég á að sleppa fiski. Það hefur reyndar komið fyrir að fiskur hefur verið svo ljótur að ég hef ekki getað hugsað mér að draga hann á land. Að veiða og sleppa er bara tíska og það er ekki djúp hugsun í þessu frekar en annarri tísku yfirleitt."

### Veiðileyfaokrið er dónalegt

Sigurður segir að veiðileyfi hér á landi séu orðin allt of dýr.

„Sumum finnst kannski æskilegt að það eigi að vera forréttindi fárra að fá að veiða í fallegustu ám landsins en ég er þeirrar skoðunar að sem flestir eigi að fá það. Það okur sem nú tíðkast víða er dónalegt. Það er engin afsökun að menn geti hafnað okrinu, það er jafnljótt fyrir það. Þeir sem hugsa í krónum geta ekki flokkast með siðuðum mönnum."

Seiðasleppingar hafa færst mjög í vöxt hér landi en Sigurður er alfarið á móti þeim.

„Ég er þeirrar skoðunar að Rangársleppingarnar eigi eftir að eyðileggja alla laxastofna á Suðurlandi, ef ekki víðar. Ef menn eru að blanda saman laxastofnum ruglar það alla hluti, til dæmis ratvísi fiskanna sem er meðfædd. Allir fiskifræðingar með viti vita að þetta getur haft afdrifaríkar afleiðingar." **trausti@frettabladid.is**




# Ísinn farinn af Vífilsstaðavatni

Útlit er fyrir að veiðimenn sem ætla í vatnaveiði nálægt Reykjavík á morgun verði heppnir með veður. Veðurstofan spáir 5 stiga hita og rigningu.



**INGIMUNDUR BERGSSON**

Ingimundur Bergsson, forsvarsmaður Veiðikortsins, segist mjög spenntur fyrir vorveiðinni. Hann fór smá rúnt í gærdag til að kanna aðstæður.

„Ég fór upp að Meðalfellsvatni í Kjós og að Vífilsstaðavatni," segir Ingimundur. „Vífilsstaðavatnið lítur mjög vel út en þar er nánast allur ís farinn. Þetta hefur gerst mjög snöggt í þeim hlýindum sem verið hafa síðustu daga því það er ekki langt síðan vatnið var allt ísilagt. Það er aftur á móti íshella yfir nánast öllu Meðalfellsvatni, þó eru vakir nálægt landi sem vel er hægt að veiða í. Samkvæmt mínum heimildum eru flest önnur vötn enn ísilögð."

Ingimundur segir að þó að leyfilegt sé að veiða á spún og maðk í vötnunum sé algengast að menn veiði á flugu. Hann biður þó veiðimenn að fara varlega í Meðalfellsvatni því auk urriðans, sem oft sé mjög gráðugur í byrjun apríl, séu þar niðurgöngulaxar sem veiðimenn eigi að sjálfsögðu að sleppa, bíti þeir á agnið.

Ingimundur segir Veiðikortið sífellt að stækka ef svo megi að orði komast. Kortið hafi fyrst komið út sumarið 2005 og þá hafi verið boðið upp á 23 vötn en nú séu þau orðin 35. Í sumar bættust við tvö vötn frá því í fyrra. Þau eru Geitabergsvatn og Eyrarvatn í Svínadal. - th



**VÍFILSSTAÐAVATN Í GÆR** Í hlýindum undanfarinna daga hefur nánast allur ís farið af Vífilsstaðavatni.

# Glæsilegt úrval af grillum!



Frábært verð!

2 brennarar
Efri grind

25.900

Vnr. 50630100

**Gasgrill**

OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnbrennari og grillflötur 48x36 cm. Efri grind og hitaplata yfir brennara, niðurfellanleg hliðarborð, neistakveikjari og þrýstijafnari fylgja. 6,2 kW.

Vnr. 50632306

**Gasgrill** 79.990

2 brennarar
Efri grind

OUTBACK gasgrill með 2 járnbrennurum.

Vnr. 50630097

**Gasgrill**

SUNSET SOLO gasgrill, með 3 brennurum.

39.990

Vnr. 50630104

**Gasgrill** 79.990

3 brennarar
Efri grind

OUTBACK gasgrill með 3 járnbrennurum.

2 brennarar
Efri grind

Vnr. 50657143

**Gasgrill**

Sterling gasgrill, 2 brennarar.

46.900

Vnr. 50632311

**Kolagrill**

Outback kolagrill

39.900

2 brennarar
Efri grind

Vnr. 50630099

**Gasgrill**

OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnbrennari.

22.900

Vnr. 50632115

**Gasgrill**

COMBO gasgrill með tveimur brennurum.

25.990

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# Gerðu allt klárt fyrir pallinn!

## FRÁBÆRT VERÐ Á PALLAEFNI

| | | |
|---|---|---|
| 0058254 | Fura, alhefluð, 22x95 mm A-gagnvarið | 245 kr./lm. |
| 0058324 | Fura, alhefluð, 27x95 mm A-gagnvarið | 315 kr./lm. |
| 0058504 | Fura, alhefluð, 45x95 mm A-gagnvarið | 445 kr./lm. |
| 0058506 | Fura, alhefluð, 45x145 mm A-gagnvarið | 625 kr./lm. |
| 0059954 | Fura, alhefluð, 95x95 mm A-gagnvarið | 915 kr./lm. |

Verð frá 245 kr./lm.

BYKO



> **Ben Stiller**

„Mér finnst að flestir stjórnmálamenn mættu fá einn skotbolta í andlitið.“

***Ben Stiller fer á kostum í hlutverki öryggisvarðarins Larry Daley sem þarf að fara á Smithsonian-safnið til að bjarga vinum sínum Jedidah og Octavius í gamanmyndinni Night at the Museum: Battle of the Smithsonian sem er á Stöð 2 Bíó kl. 18.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON ELDAR HELGARMATINN MEÐ SIGGA HLÖ

# *Nostalgía sem nærir sálina*

Ég hef aldrei þolað hressa útvarpsmenn, allra síst á morgnana þegar ég hef kveikt á útvarpinu blindandi og rétt svo glitti í kaffivélina í gegnum stírurnar. Hresst fólk fyrir klukkan átta á morgnana er ekki til og þeir sem eru það gera sér upp gott skap.

Fyrir nokkru í þessum dálki rifjaði ég upp æskuna og lag eftir Mozart sem spilað var á hverjum degi fyrir klukkan átta í morgunútvarpinu þegar ríkið var einrátt á öldum ljósvakans. Síðan þá hef ég aldrei þolað lagið enda verður mér alltaf hugsað til brúnna og gulra flísa sem litblind þjóðin dýrkaði fyrir 1980.

Ég hreinlega veit ekki hvort það er aldurinn en eini útvarpsmaðurinn sem ég hlusta alltaf á þegar ég er að undirbúa kvöldmat síðdegis á laugardögum er Siggi Hlö og hans vandræðalega góði þáttur Manstu hver ég var? Þetta er svolítið pínleg játning, ekki síst þar sem eitístónlistin sem hann spilar var utan við landhelgina hjá mér á sínum tíma í Gagnfræðaskóla á Selfossi. Ég einfaldlega hafði ekki áhuga á henni, fannst megnið af henni hallærislegt. Ég hvorki þoldi „Final Countdown“ með Europe né „Like a Virgin“ Madonnu.



Kosturinn við Sigga er það sem mér finnst morgunútvarpsmenn almennt skorta. Hann er svo einlægur í gleði sinni að litlu skiptir hvað hann spilar. Sveppir taka sporið með svissuðum lauk á funheitri pönnu í eldhúsinu undir tónum „The Heat is On“ með Glenn Frey. Ég endurupplifi vídeókvöld með bekknum í gagnfræðaskólanum þegar Kenny Loggins syngur titillagið úr Footloose og man hvernig Gummi Árna vinur minn tók fjórtán ára gamall undir með Simple Minds í „Don't You (Forget About Me)“. Þremur árum síðar sátum við nokkrir vinir saman á hörðum kirkjubekk í jarðarför, sugum sem einn upp í nefið og vissum ekki hvað við ættum af okkur að gera með Gumma í kistunni.

Þetta eru töfrar. Siggi Hlö opnar dyr sem tíminn hefur lokað.

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Tala úr sér vitið** (e)
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Magnus og Petski** (12:12)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Bombubyrgið** (25:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Matarveislan mikla** Matarhátíðin Food and Fun var haldin í 10. sinn á Íslandi í mars. Sigurlaug M Jónasdóttir leitar að hinu ómótstæðilega bragði í þessari miklu veislu sem fram fer í höfuðborginni, kíkir á veitingastaði og hittir matreiðslumeistarana.
**20.35 Hestar og menn** (1:2) Í þáttunum fer breski leikarinn Martin Clunes um heiminn og veltir fyrir sér sambandi manna og hesta.
**21.25 Krabbinn** (7:13)
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpahneigð** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hafa þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
**23.00 Lífverðirnir** (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Groundhog Day**
**10.00 The Groomsmen**
**12.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**
**14.00 Groundhog Day**
**16.00 The Groomsmen**
**18.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**
**20.00 Road Trip**
**22.00 Mission: Impossible 2**
**00.00 La Bamba**
**02.00 Cemetery Gates**
**04.00 Mission: Impossible 2**
**06.00 The Women**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The Mentalist** (13:23)
**11.00 Sjálfstætt fólk**
**11.45 Gilmore Girls** (10:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Valley of Light**
**14.35 The O.C. 2** (3:24)
**15.20 Sorry I've Got No Head**
**15.48 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Tvímælalaust** Fréttaskýringa- og umræðuþáttur með Sigurjóni Kjartanssyni og Jóni Gnarr.
**20.05 Arnar og Ívar á ferð og flugi** (2:5) Skemmtilegur ferðaþáttur með Arnari og Ívari sem heimsækja fimm borgir og skoða meðal annars matarvenjur og heilsufar viðkomandi þjóðar.
**20.35 Masterchef** (13:13) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem sló fyrst í gegn í Bretlandi. Það er Gordon Ramsay sem sér um keppnina.
**21.20 NCIS** (8:24) Bandarísk spennuþáttaröð.
**22.05 Fringe** (8:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham.
**22.50 Life on Mars** (16:17)
**23.35 Pressa** (2:6)
**00.25 Spaugstofan**
**00.55 Chase** (13:18)
**01.40 Boardwalk Empire** (6:12)
**02.40 The Valley of Light**
**04.15 NCIS** (8:24)
**05.00 Two and a Half Men** (1:22)
**05.25 Fréttir**

## 2 SPORT *besta sætið*

**17.55 Golfskóli Birgis Leifs** (1/12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
**18.25 Grillhúsmótið** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**19.00 Iceland Express-deildin 2011**
**21.00 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**21.50 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**22.40 Iceland Expressdeildin 2011**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Liverpool - Everton** Útsending frá leik Liverpool og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Arsenal - Blackpool** Útsending frá leik Arsenal og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Patrick Kluivert** Patrik Kluivert var frábær leikmaður og sýndi það og sannaði á knattspyrnuvellinum. Við fáum að kynnast þessum hollenska leikmanni betur og ferill hans skoðaður ofan í kjölinn.
**21.00 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.30 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.25 Chelsea - Blackpool** Útsending frá leik Chelsea og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.10 Dyngjan** (7:12)
**08.00 Dr. Phil** (145:181)
**08.45 Innlit: útlit** (4:10)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**17.15 Dr. Phil** (146:181)
**18.00 HA?** (10:15)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (36:50)
**19.15 Game Tíví** (10:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (33:39)
**20.10 Royal Pains** (9:18) Hank er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.
**21.00 30 Rock** (17:22)
**21.25 Makalaus** (5:10) Þættir eru byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós.
**21.55 Law & Order: LA** (2:22)
**22.40 Jay Leno** (223:260)
**23.25 The Good Wife** (10:23) Þáttaröð með stórleikkonunni Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn.
**00.00 Game Tíví** (10:14)
**00.15 Rabbit Fall** (1:8)
**00.30 Pepsi MAX tónlist**
**00.45 Royal Pains** (9:18)
**01.30 Law & Order: LA** (2:22)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**07.35 Arnold Palmer Invitational** (3:4)
**11.10 Golfing World** (53:240)
**15.35 LPGA Highlights** (4:20)
**16.55 PGA Tour - Highlights** (12:45)
**17.45 Golfing World** (54:240)
**18.35 Inside the PGA Tour** (13:42)
**19.00 Shell Houston Open - Dagur 1 - BEINT** (1:4) Shell Houston mótið er hluti af PGA mótaröðinni sem fram fer í Houston.
**22.00 Golfing World** (54:240)
**22.50 ETP Review of the Year 2010**
**23.40 ESPN America**
**00.00 Golfing World** (54:240)
**00.50 PGA Tour - Highlights** (12:45)
**06.00 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.40 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.25 Curb Your Enthusiasm** (6:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Hamingjan sanna** (3:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen.
**22.40 Pretty Little Liars** (19:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**23.30 Grey's Anatomy** (17:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar.
**00.15 Ghost Whisperer** (3:22)
**01.00 Curb Your Enthusiasm** (6:10)
**01.35 The Doctors**
**02.20 Fréttir Stöðvar 2**
**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jónu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ástandið hjá Jóhönnu og Steingrími er að verða þyngra en tárum taki.
**21.00 Undir ESB feldi** Evrópumálin. Umsjón Frosti Logason og Heimir Hannesson.
**21.30 Ævintýraför** Ekvadorför Skúla og félaga endurtekin vegna fjölda áskorana. Fyrsti þáttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.35**

### Masterchef

Það er komið að lokaþættinum og úrslitin ráðast. Fjórtán áhugakokkar hófu keppnina en aðeins tveir keppa um sigurlaunin, 250 þúsund dali, útgáfu á matreiðslubók og titilinn Meistarakokkurinn. Í úrslitum þurfa kokkarnir að útbúa þrjá bestu réttina sína. Gómsætan forrétt, ljúffengan aðalrétt og ómótstæðilegan eftirrétt.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Smásagan: Hörpuslag **10.00** Fréttir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Hlustaðu ef þú þorir: Naumhyggjan og helstu forvígismenn hennar **20.00** Heyrðu mig nú! **21.00** Kreppan mikla **22.00** Fréttir **22.10** Lestur Passíusálma **22.25** Útvarpsperlur: Mín er gata gróin sorg **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**09.35** Deal or No Deal **10.10** EastEnders **10.40** Top Gear **11.35** Keeping Up Appearances **12.05** ‚Allo ‚Allo! **12.30** Fawlty Towers **13.05** New Tricks **14.45** Deal or No Deal **15.20** Deal or No Deal **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** ‚Allo ‚Allo! **17.00** Fawlty Towers **17.30** Judge John Deed **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** The Graham Norton Show **21.30** Coupling **22.00** ‚Allo ‚Allo! **22.30** Fawlty Towers **23.00** EastEnders **23.30** Judge John Deed

## DR 1

**10.35** Grøn glæde **11.30** Søren Ryge **12.00** Vores Liv **12.30** Snydt igen **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Bamses Billedbog **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten **18.30** Aldrig mere fængsel **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Porten til Storbritannien **20.45** Kodenavn Hunter II **21.45** Narkobander

## NRK 1

**12.05** FBI **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** NRK nyheter **14.10** Kjærlighetshagen **14.40** Filmavisen 1960 **14.50** Fysikk på roterommet **15.00** NRK nyheter **15.10** Vår aktive hjerne **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Nummer 1 **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten **20.30** Fly med oss! **21.00** Kveldsnytt **21.15** Et land i brun saus **21.45** Litt av et liv **22.45** Nummer 1

## SVT 1

**08.30** Gomorron Sverige **09.15** Go'kväll **10.00** Rapport **10.05** Uppdrag Granskning **11.05** Minnenas television **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Flygande krucifix **14.30** Skavlan **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Antikrundan **19.00** Anklagad **20.00** Debatt **20.45** Två kockar i samma soppa **21.35** Uppdrag Granskning **22.35** Simma lugnt, Larry!






**Einn eftirsóttasti sviðsmyndahönnuður í Mílanó**

- Systa Björnsdóttir er flutt heim eftir tuttugu ára starf í ítölsku tískuborginni.

**föstudagur**

fylgir Fréttablaðinu á morgun



## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Það er helst Stundin okkar sem ég horfi á með börnunum.“*

Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir.

# Fer ekki að vekja upp þennan dauða hest

„Þetta er alveg úr lausu lofti gripið,“ segir Sölvi Blöndal tónlistarmaður.

Vísir.is greindi frá því í gær að hljómsveitin Quarashi væri að íhuga endurkomu í sumar. Sagði í frétt á vefnum að sveitin myndi leika á tónleikum á útihátíð í júlí sem kallast Besta hátíðin. Sölvi Blöndal, sem var höfuðpaur sveitarinnar, kvaðst koma af fjöllum yfir þessum fréttum þegar Fréttablaðið náði í hann í gær. „Maður fer nú ekki að vekja upp þennan dauða hest. Eins vænt og mér þykir um Quarashi þá er þetta ekki að fara að gerast.“

Sölvi er búsettur í Stokkhólmi en er í stuttri heimsókn á Íslandi. Hann er menntaður hagfræðingur og hefur undanfarið starfað í Seðlabanka Svíþjóðar. „Ég er að vinna rannsóknarverkefni fyrir Seðlabankann í Svíþjóð. Á kvöldin sinni ég svo tónlistarþörfinni,“ segir Sölvi. Þó að önnur verkefni hafi tekið við síðan hann var í Quarashi segist Sölvi ekki geta sleppt því að vinna að tónlist. „Ég er að vinna með sænskri stelpu og það er von á efni frá okkur með vorinu. Það gæti komið lag í spilun í apríl eða maí.“ **- hdm**



**QUARASHI ER HÆTT** Sölvi Blöndal segir ekkert hæft í fréttum þess efnis að Quarashi muni snúi aftur. Hann starfar nú hjá Seðlabanka Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eins og lítil sinfónía

Hljómsveitin Dikta fær góða dóma á þýsku tónlistarsíðunni Pop100.com fyrir plötu sína Get It Together sem kom út þar í landi fyrir skömmu. Tónlistin er sögð ekki jafnflott og Geysir eða Sigur Rós en samt mjög góð.

„Diktu tekst að láta hvert einasta lag hljóma eins og lítil sinfónía,“ skrifar gagnrýnandinn og líkir hljómsveitinni við breskar sveitir á borð við Snow Patrol, Travis og Manic Street Preachers. Hann bætir við að söngstíll Hauks Heiðars Haukssonar og James Dean Bradfield úr síðastnefndu sveitinni sé svipaður. „Eftir að hafa hlustað á Get It Together er vel skiljanlegt af hverju Dikta er vinsælasta hljómsveit Íslands,“ skrifar hann.



**GÓÐIR DÓMAR** Hljómsveitin Dikta fær góða dóma á þýsku tónlistarsíðunni Pop100.com fyrir sína nýjustu plötu.


HAFBERG
fiskbúð sælkerans

TILBOÐ

RAUÐMAGI 890 KR/KG
FISKRÉTTUR DAGSINS 1390 KR/KG
LÚÐUSNEIÐAR 2390 KR/KG
ÞORSKHNAKKAR 1790 KR/KG

opið alla laugardaga frá 11-14

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 1.4. Kl. 20:00 8. sýn U | Fim 14.4. Kl. 20:00 Ö | Mið 4.5. Kl. 20:00 |
| Lau 2.4. Kl. 20:00 Ö | Mið 27.4. Kl. 20:00 Ö | Fim 5.5. Kl. 20:00 |
| Mið 13.4. Kl. 20:00 U | Lau 30.4. Kl. 20:00 Ö | |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 3.4. Kl. 14:00 U | Sun 10.4. Kl. 17:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 3.4. Kl. 17:00 U | Sun 17.4. Kl. 14:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 17:00 |
| Sun 10.4. Kl. 14:00 U | Sun 17.4. Kl. 17:00 Ö | |

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 6.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 9.4. Kl. 20:00 Ö | Fim 28.4. Kl. 20:00 Ö |
| Fim 7.4. Kl. 20:00 Ö | Fös 15.4. Kl. 20:00 Ö | Fös 29.4. Kl. 20:00 U |
| Fös 8.4. Kl. 20:00 U | Lau 16.4. Kl. 20:00 Ö | Fös 6.5. Kl. 20:00 Ö |

**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 2.4. Kl. 20:00 U | Sun 10.4. Kl. 20:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 9.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 16.4. Kl. 20:00 | |

**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 8.4. Kl. 20:00 U | Þri 12.4.Kl. 20:00 Ö | Fös 15.4. Kl. 20:00 Ö |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 3.4. Kl. 15:00 | Sun 10.4. Kl. 15:00 | Sun 17.4. Kl. 15:00 |

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir




**ÁGÆTLEGA BORGAÐ** Víkingur Kristjánsson og Finnbogi Þorkell léku saman í Mini-auglýsingunni sem var tekin upp vestur í Dölum. Mikil leynd hvíldi yfir auglýsingunni og voru allar myndatökur bannaðar á tökustað. Víkingur segir það hafa gengið ágætlega að troða sér inn í bílinn og það hafi loksins borgað sig að vera svolítið pattaralegur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VÍKINGUR KRISTJÁNSSON: VEL GREITT FYRIR MINI COOPER

# Lék aðalhlutverkið í háleynilegri bílaauglýsingu

„Það borgar sig stundum að vera pattaralegur,“ segir Víkingur Kristjánsson, sem leikur stórt hlutverk í nýrri auglýsingu fyrir hina smávöxnu bílategund BMW-bílarisans, Mini Cooper. Auglýsingin var tekin upp hér á landi fyrir skemmstu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sótti annar hver leikari á landinu um að komast í umrædda auglýsingu enda hafði sú saga gengið fjöllum hærra í leikarabransanum að starfið væri vel borgað og jafnvel talað um sjö stafa tölur í því samhengi. Víkingur viðurkennir að hann hafi fengið ágætis laun og bætir því við að félagar hans í leikhúsinu hafi á tímabili haldið að hann hefði orðið snögglega ríkur á bílaauglýsingunni. „Svo var nú ekki. En þetta var ágætlega borgað.“

Tökurnar fóru fram vestur í Dölum en það voru True North og Eskimo sem aðstoðuðu útlendingana hér á landi. Mikil leynd hvíldi yfir tökunum enda var um að ræða 2012-týpu og því má ekkert kvisast út. „Öll myndataka var bönnuð á tökustað og það var einhver Þjóðverji sem fylgdi bílnum við hvert fótmál og gætti þess að engar myndir væru teknar.“ Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem jafn háleynileg auglýsing er tekin upp hér á landi því í fyrra mætti Peugeot-fyrirtækið með sína nýjustu týpu hingað til lands. Þá náði ljósmyndari mynd af bílnum og fór sú mynd út um allan heim.

Víkingur segir það hafa gengið ágætlega að komast inn í Mini-bílinn sem, eins og nafnið gefur til kynna, er af smærri gerðinni. „Og ég fékk ekkert mikið að keyra, það var einhver fyrrverandi Íslandsmeistari í rallíi sem var fenginn til þess. Ég settist aðallega upp í hann í nærmyndatökum og fékk að þykjast keyra hann.“

Þetta er í fyrsta skipti sem Víkingur reynir fyrir sér í erlendri auglýsingu og hann segir þetta hafa verið skemmtilega reynslu. „Það var gaman að sjá hvernig þetta virkaði. Við vorum reyndar óheppnir með veður seinni tökudaginn, þá snjóaði alveg heilan helling en við græddum auka tökudag í staðinn.“

**freyrgigja@frettabladid.is**

# Styðja fórnarlömb á safnplötum

Fjöldi íslenskra hljómsveita, þar á meðal Amiina, Eberg, Nóra og Rökkurró, kemur við sögu á tveimur safnplötum til styrktar fórnarlömbum harmfaranna í Japan.

Það er japanska útgáfufyrirtækið Rallye sem stendur fyrir safnplötunum. Þær heita Pray for Japan (with Music) Vol. 1 og Vol. 2. Sú fyrri er þegar komin út á iTunes úti um allan heim og sú síðari kemur út 6. apríl.

„Eigandi fyrirtækisins sendi út hjálparkall til að geta gefið út þessa safnplötu og bað um tónlist. Við erum búin að vera í svo miklu sambandi við Japana og við vorum öll í sjokki eftir að jarðskjálftinn reið yfir. Það vildu allir leggja sitt af mörkum í verkefnið,“ segir Jóhann Ágúst Jóhannsson, samstarfsaðili Amiinu. Hljómsveitin er einmitt nýbúin að skrifa undir útgáfusamning við Rallye og kemur nýjasta plata hennar, Puzzle, út í Japan í næsta mánuði. Rallye hefur áður gefið út plötur með Eberg og Rökkurró í Japan en núna er Amiina sem sagt að bætast í hópinn.



**AMIINA** Hljómsveitin Amiina á lag á safnplötu til styrktar fórnarlömbum hamfaranna í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á meðal annarra íslenskra flytjenda á plötunum eru Hellvar, Kira Kira og 7oi sem samdi glænýtt lag fyrir útgáfuna. Erlendar indísveitir á borð við Au Revoir Simone og Kyte eiga einnig lög á plötunum. **- fb**

# LAGERSALAN

## HEFST Á MORGUN FÖSTUDAG



# ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

## MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM ÚTVISTAR- OG GOLFFATNAÐI

**OPNUNARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| Föstudagur | 1. apríl | kl. 12–20 |
| Laugardagur | 2. apríl | kl. 10–18 |
| Sunnudagur | 3. apríl | kl. 11–18 |
| Mánudagur | 4. apríl | kl. 12–20 |

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekkumegin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

NOVA


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinsæll Gillz

Grein Ragnars Egilssonar í Grapevine um **Egil Einarsson**, Ásdísi Rán, Tobbu Marinós, Völu Grand og Jón H. Hilmarz vakti mikla athygli og kvartaði Tobba meðal annars undan einelti í samtali við íslensku vefmiðlana. Kraftajötuninn Egill missti hins vegar engan svefn yfir greininni enda getur hann unað nokkuð sáttur við sitt; aðdáendur Þykka rifu út DVD-útgáfu Mannasiða um helgina og samkvæmt síðustu tölum seldust yfir þúsund diskar. Sem þykir nokkuð gott á þessum árstíma.



### Twitter-æði hjá boltastrákum

Mikil Twitter-vakning er í íslenska knattspyrnuheiminum þessa dagana og gerast fjölmargir knattspyrnumenn notendur samskiptasíðunnar daglega. Facebook virðist eiga undir högg að sækja hjá fótboltastrákunum því flestir eru komnir á Twitter. Drengirnir okkar í U-21 árs liðinu eru þar ekki undanskildir en meginþorri liðsins er farinn að nota Twitter og lætur **Jóhann Berg Guðmundsson**, sem gengur undir nafninu saumavélin, ekki sitt eftir liggja í þeim efnum. Þeir sem ekki voru komnir í hópinn létu undan þrýstingi þegar landsliðið kom saman um síðustu helgi. Mátti lesa skemmtilegar uppfærslur frá leikmönnum liðsins eftir leikina gegn Úkraínu og Englandi. Birtu strákarnir einnig myndir frá ævintýrum sínum milli leikja.



- fgg, hbg

## Mest lesið vísir

1. Tobba Marinós kvartar undan einelti
2. Lýsir tilgangslausum frægðarhórum á Íslandi
3. Matthías enn týndur: Mamma hans heldur í vonina
4. Býst við að taka við formennsku í apríl
5. Ólga meðal félagsmanna VR vegna nýs formanns





